FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
110. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 11. MAÍ 2017

# Sjaldan fleiri beðið eftir áfengismeðferð

**Biðin eftir því að komast í áfengismeðferð hjá SÁÁ er nú allt að 150 dagar. Framkvæmdastjóri segir neytendur að eldast og þjónustu ríkisins við hópinn að minnka. Áhersla á málaflokkinn þurfi að aukast.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Yfir 300 manns eru á biðlista eftir því að komast í áfengismeðferð. Þórarinn Tyrfingsson, framkvæmdastjóri SÁÁ, segir þetta vera það mesta sem þekkist til margra ára.

„Þetta þýðir að það getur verið alveg 150 daga bið. En svo getur komið læknisfræðilegt mat um að það þurfi að flýta innlögn,“ segir hann. Fólk í bráðasta vandanum sé ekki látið bíða.

Þórarinn segir tvær mögulegar skýringar vera á þessum mikla fjölda. „Það er ekki aukning á vandanum, heldur hafa þeir sem eru í mikilli neyslu verið að eldast,“ segir Þórarinn og bætir við að það auki þörfina á þjónustu frá SÁÁ. „Svo verður að segjast eins og er að Landspítalinn var áður með miklu meira umfang og þjónustu fyrir þennan hóp en hann er með í dag.“

Þjónustan hafi verið mun meiri þegar Landspítalinn var með pláss á Gunnarsholti, í Víðinesi, á Vífilsstöðum og miklu meiri göngudeildarstarfsemi en nú er. Hann segir ríkið velta vandanum yfir á þau úrræði sem Reykjavíkurborg býður upp á og þá SÁÁ.

Þórarinn segir lengri biðlista ekki skýrast af aukinni neyslu. „Síðasta verulega aukning á vandanum var á árunum 1995-2002. Þá var aukning á neyslu og miklu fleiri ungir að leita til okkar. Þetta er stabílt núna en eldra fólk og veikara er að leita til okkar,“ segir hann.

> Þetta er á ábyrgð alls þjóðfélagsins, sveitarfélaga og ríkisins.
>
> Þórarinn Tyrfingsson, framkvæmdastjóri SÁÁ



Opinberir aðilar, sveitarfélög og ríki, borga 60 prósent af starfsemi SÁÁ og SÁÁ borgar 40 prósent. Þórarinn telur að skjóta þurfi sterkari stoðum undir reksturinn. SÁÁ geti ekki gert neitt til að vinna á biðlistanum í núverandi aðstæðum „Við erum í mikilli þörf fyrir það að menn líti til þessa málaflokks og axli ábyrgð á því að þetta er ekki á ábyrgð grasrótarsamtaka. Þetta er á ábyrgð alls þjóðfélagsins, sveitarfélaga og ríkisins, og þeim ber að styðja betur við þá starfsemi sem SÁÁ er að reka,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is




**Á síðustu metrunum** Þessir harðduglegu nemendur við Háskólann í Reykjavík voru á kafi í námsefni þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði, eflaust á leiðinni í lokapróf eða að klára stórt verkefni. Þúsundir háskólanema þreyta lokapróf í fjölmörgum námskeiðum um þessar mundir og vonast margir til þess að útskrifast nú í júní. Alls brautskráðist 641 nemandi frá HR í júní í fyrra og 2.113 frá Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Teppa í tálmunarmáli

**STJÓRNMÁL** „Stjórnarandstaðan með VG í fararbroddi hindrar að þetta komist að,“ segir Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, um frumvarp sitt sem gerir tálmun refsiverða.

Frumvarp Brynjars gengur út á að ef foreldri takmarkar umgengnisrétt eða kemur alfarið í veg fyrir umgengni þeirra sem hafa rétt á að hitta barnið varði það fangelsi allt að fimm árum.

Verulegar efasemdir eru um frumvarpið á meðal stjórnarþingmanna, þá helst þann rúma refsiramma sem gengið er út frá. – snæ / sjá síðu 4

## Plastpokarnir virðast á útleið

**UMHVERFISMÁL** Verulega hefur dregið úr sölu plastpoka á Íslandi undanfarna mánuði, allt upp í tuttugu prósent í sumum verslunum.

Þetta segir Björn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Umhverfissjóðs verslunarinnar – Pokasjóðs. Dregið hafi úr sölunni jafnt og þétt síðustu ár en nýverið hafi samdrátturinn verið hraðari.

Björn segir að samkvæmt útreikningum Pokasjóðs hafi nærri milljón fjölnota poka selst á síðastliðnu ári. Þrátt fyrir það hafi samdráttur í sölu plastpoka ekki verið til jafns við þróunina í nágrannalöndunum.

Íslendingar virðist þó vera að taka við sér og séu verslanakeðjur búnar að selja fleiri merkta fjölnotapoka undanfarið. Til að mynda hafi verið seldir rúmlega 300.000 fjölnotapokar með merki Bónuss. – þea

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um smán Alþingis. 15

**SPORT** KA keypti ekki draumsýnina fyrir norðan. 22

**MENNING** Reykjavíkurdætur frumsýna nýjan rappleik í Borgarleikhúsinu í kvöld. 30

**LÍFIÐ** Að vera í fýlu er ekki töff að sögn Svölu sem keppti fyrir Íslands hönd í Eurovision en komst ekki upp úr undankeppninni. 42



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **ÚT AÐ HJÓLA**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Norðaustan 13-23 m/s, hvassast suðaustan til, undir Eyjafjöllum og í Öræfum og víða hvassir vindstrengir við fjöll. Stöku snjó- eða slydduél fyrir norðan, rigning með köflum suðaustan til, en þurrt að mestu vestanlands. SJÁ SÍÐU 28




**Héraðssaksóknari hefur ákært manninn.** FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Sagður hafa brotið gegn barnabörnunum

**DÓMSMÁL** Héraðssaksóknari hefur ákært mann fyrir kynferðisbrot gegn þremur barnabörnum sínum. Stúlkurnar voru 6 til 14 ára gamlar. Brotin eru sögð hafa átt sér stað í um áratug, frá 1997 til 2007 eða 2008.

Í ákæru yfir manninum segir að maðurinn hafi nýtt sér yfirburði sína gagnvart stúlkunum og traust þeirra og trúnað til hans sem afa þeirra.

Ein stúlkan bjó hjá manninum um tíma þegar hún var sjö til átta ára. Í ákæru segir að maðurinn hafi snert kynfæri stúlkunnar, talað til hennar á ósiðlegan og kynferðislegan hátt og brotið á henni á annan kynferðislegan hátt án þess að hafa við hana samræði. Hafi maðurinn ýmist vakið stúlkuna þar sem hún lá sofandi í rúmi sínu til að brjóta gegn henni eða brotið gegn henni á daginn.

Maðurinn er sakaður um að hafa brotið gegn hinum stúlkunum tveimur í lengri tíma, svo til alla grunnskólagöngu þeirra. Sýndi hann þeim klámmyndbönd, fróaði sér fyrir framan þær og viðhafði „önnur kynferðismök en samræði“.

Tvær stúlknanna fara fram á miskabætur í málinu og krefjast þær báðar þriggja milljóna króna, auk þess að maðurinn greiði allan málskostnað. **– hh**

# Kviknaði í rafmagnshjóli




**Kalla þurfti út slökkvilið höfuðborgarsvæðisins upp úr hádegi í gær. Eldur hafði komið upp í rafmagnshjóli í íbúð í fjölbýli við Fellsmúla 4. Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliði dreifði eldurinn aðeins úr sér en fólk var inni í íbúðinni þegar kviknaði í hjólinu. Íbúar reyndu að slökkva eldinn, án árangurs, áður en þeir komu sér út. Slökkviliðið náði öllu betri árangri, slökkti eldinn og reykræsti íbúðina.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vill ekki vopna Kúrda í Sýrlandi

**TYRKLAND** Nurettin Canikli, aðstoðarforsætisráðherra Tyrklands, gagnrýnir stuðning Bandaríkjahers við Kúrda sem berjast við Íslamska ríkið í Sýrlandi. Í viðtali við A Haber TV í gær sagði Canikli að það væri engum til hagsbóta að vopnvæða YPG-hersveitir Kúrda.

Tyrkir segja YPG vera hernaðararm PKK en sá flokkur hefur verið gerður útlægur úr Tyrklandi. Sjálf hafa bandarísk stjórnvöld lýst PKK sem hryðjuverkasamtökum, ekki YPG.

Dana White, talsmaður varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna, tilkynnti á þriðjudag um að Donald Trump Bandaríkjaforseti hefði gefið grænt ljós á að vopnvæða þá Kúrda sem berjast með sýrlenskum uppreisnarmönnum (SDF) gegn ISIS. White sagðist jafnframt meðvituð um áhyggjur Tyrkja. Til þessa hafa Bandaríkjamenn eingöngu komið vopnum til arabískra hersveita SDF. **– þea**

# Neyðast til að byggja yfir starfsmenn sína

**Breytingar vegna sívaxandi ferðaþjónustu urðu til þess að Sláturfélag Suðurlands ákvað að reisa 24 raðhúsaíbúðir fyrir starfsmenn sína á Hvolsvelli. Fjárfestingin hljóðar upp á 400 milljónir. Ráðist verður í fyrsta áfanga í sumar.**

**ATVINNA** „Þó þetta vegi kannski ekki þungt í stóra samhenginu, þá aðstoðar þetta fólk eitthvað í þessum hræðilega húsnæðisvanda. Ferðaþjónustan er stóra breytingin hérna hjá okkur og þetta er réttur leikur í þeirri stöðu,“ segir Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, en fyrirtækið ræðst á næstunni í byggingu á 24 raðhúsaíbúðum á Hvolsvelli fyrir starfsmenn sína.

Fyrirtækið hefur til þessa leigt töluvert af húsnæði á staðnum og endurleigt starfsfólki, en þróun síðustu missera er með þeim hætti að bregðast verður við.

„Við viljum gjarna bjóða okkar fólki vandað húsnæði á sanngjörnu verði, og eftir að við kynntum okkar áform í byrjun árs hafa nokkur fyrirtæki greint frá sambærilegum verkefnum,“ segir Steinþór og vísar til frétta síðustu vikna af Ikea sem ætlar að reisa 36 íbúða fjölbýlishús fyrir sína starfsmenn; Leigufélag PCC byggir ellefu parhús á Húsavík og Bláa lónið mun hugsa sinn gang með áform um að byggja 28 íbúða fjölbýlishús í Grindavík fyrir starfsfólk sitt. Þá er ekki allt talið.

Steinþór segir að í sumar verði byrjað á fyrsta áfanga sem eru átta raðhúsaíbúðir, fimmtíu fermetrar að stærð. Ekki er ætlunin að byggja umfram það sem tryggir rekstur fyrirtækisins; SS er ekki að koma sér fyrir á fasteignamarkaði.

„Þetta er jákvætt fyrir fyrirtækið og starfsfólk. Það sem við viljum gera er að okkar húsum verður dreift um bæinn,“ segir Steinþór og þá með það að sjónarmiði að ekki verði til sérstakt SS-hverfi heldur að húsin verði aðeins hluti af byggðinni og samfélaginu sem er fyrir.



**Sláturfélagið er stærsti atvinnurekandi á Suðurlandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Það er oft þannig að fólk vill koma í vinnu til okkar, en getur það ekki þar sem það fær ekki húsnæði.**
>
> Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands



„Þetta er frábært fólk sem hefur aðlagast vel; mikið Pólverjar en Íslendingar líka. Það er oft þannig að fólk vill koma í vinnu til okkar, en getur það ekki húsnæði,“ segir Steinþór en uppbyggingin er í góðu samstarfi við sveitarfélagið, Rangárþing eystra, sem annast skipulag á lóðum en fyrirtækið byggir og á húsnæðið. Kostnaður við byggingu íbúðanna er minni en víðast, enda lóðaverð sanngjarnt, að sögn Steinþórs.

„Breytingin hefur líka orðið gífurleg síðan Sláturfélagið flutti á Hvolsvöll árið 1991. Þá var fyrir suma eins og að biðja þá að flytja til Síberíu að fara til Hvolsvallar. Í dag þykir bara flott að búa í sveitinni, enda hefur öll þjónusta þar stórbatnað og allt til alls,“ segir Steinþór en spurður um fjárfestinguna telur hann að hver áfangi kosti um 140 milljónir króna og heildarkostnaður verði rúmlega 400 milljónir þegar allt er risið.

Sláturfélagið er stærsti atvinnurekandi á Suðurlandi með um 400 ársverk þegar dótturfyrirtækið Reykjagarður er talið með. Þess utan er búið að hanna 1.300 fermetra stækkun á verksmiðjunni.

**svavar@frettabladid.is**




# HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA



# Allt fyrir pallinn



Pantaðu tíma
í síma: 525 3000

## Við teiknum pallinn fyrir þig

Garðahönnuðuður Húsasmiðjunnar teiknar sólpallinn fyrir þig í þrívídd þannig að þú sjáir hvernig hann mun líta út fullsmíðaður.

Sjá nánar á **husa.is**

## Hvað kostar pallurinn?

Kíktu á pallareiknivélina á **husa.is**





Gæði
Bjálkaþykkt
32 mm

FRÁBÆRT VERÐ!

**179.900 kr**

Verð með fylgihlutum

**Garðhús 4,4 m²**
Breidd: 167 cm, lengd: 267 c.m
Vegghæð: 170 cm, bjálkaþykkt: 33 mm.
600239



Gæði
Bjálkaþykkt
44 mm

FRÁBÆRT VERÐ!

**339.000 kr**

Verð með fylgihlutum

**Garðhús 7,2 m²**
Breidd: 250 cm, lengd: 290 cm.
V egghæð: 202 cm, bjálkaþykkt: 44 mm.
600236

## 25% afsláttur af ÖLLUM garðhúsgögnum



25% afsláttur

Sjáðu verðið!

SÚPER TILBOÐ

**2.760 kr**

~~3.690 kr~~

**Garðstóll**
Með álgrind.
3899582



25% afsláttur

Sjáðu verðið!

SÚPER TILBOÐ

**4.790 kr**

~~6.390 kr~~

**Garðstóll Kingsbury**
Saman-brjótanlegur.
3899087



25% afsláttur

Sjáðu verðið!

SÚPER TILBOÐ

**5.990 kr**

~~7.990 kr~~

**Garðstóll Lava**
Staflanlegur.
3899571



25% afsláttur

Nilfisk

SÚPER TILBOÐ

**11.995 kr**

~~15.995 kr~~

**Háþrýstidæla** C 105.7-5
105 bör, 440 ltr./klst. Sjálfvirk gagnsetning og stöðvun með click & Clean kerfi.
5254201



SÚPER TILBOÐ

**3.990 kr**

~~4.890 kr~~

**Vilníus girðing**
180x80 cm.
603290



OUTBACK

Þú sparar: 5.000 kr.

**15.990 kr**

~~20.990 kr~~

**Gasgrill**
Outback gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði. Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000225

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**Byggjum á betra verði**

FRÍ HEIMSENDING Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

# Gjafmildir ferðamenn hafa gefið 10 milljónir af Tax Free

**SAMFÉLAG** Á síðustu sex árum hafa ferðamenn sem versla hér á landi og vilja ekki nýta sér endurgreiðslu á Tax Free látið 10 milljónir renna til styrktar góðgerðarmála í gegnum Premier Tax Free á Íslandi. Allur ágóðinn hefur runnið til Umhyggju, félags sem vinnur að bættum hag langveikra barna og fjölskyldna þeirra.

„Auðvitað hefur þetta gríðarleg áhrif, svona upphæð. Fyrir Umhyggju þá skiptir alltaf máli að fólk hugsi svona til okkar. Fyrirtæki sem hafa okkur í huga eru afskaplega góð fyrir okkar starfsemi,“ segir Ragna K. Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju. Hún segir féð hafa nýst til margs, meðal annars til reksturs orlofshúsa fyrir fjölskyldur langveikra barna, sem eru fullbúin fyrir hreyfihömluð börn, og til þess að ráða sálfræðing.

„Frá árinu 2010 hafa 8,5 milljónir runnið frá ferðamönnum í gegnum okkur til Umhyggju og við erum að fara að gera upp við Umhyggju á næstu dögum ágóðann fyrir árið 2016 sem nemur 1,5 milljónum króna,“ segir Arnar Sveinn Geirsson, markaðsstjóri Premier Tax Free á Íslandi. Hann segist ekki vita til þess að þetta fyrirkomulag tíðkist annars staðar.

> Auðvitað hefur þetta gríðarleg áhrif, svona upphæð.
>
> Ragna K. Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju



„Það er ekki sjálfsagt mál að ferðamenn sem komi hingað til landsins geri þetta. Það er engin flýtimeðferð á ferlinu þó þú ætlir að gefa til góðgerðarmála. Það þarf að bíða í röð og skila inn öllum formum rétt útfylltum.“

Arnar segir að fyrirtækið vilji auðvelda ferðamönnum að gefa. „Þetta er umræða sem við erum búin að vera að reyna að taka með tollinum, að liðka fyrir þessu ferli hjá þeim sem vilja gefa til góðgerðarmála.

Peningurinn væri þá áfram eftir í landinu og þótt hann fari ekki beint í ríkiskassann fer hann samt á mjög góðan stað. Vonandi sjá þeir sér hag í að gera þetta,“ segir Arnar. **– sg**



**Beita þarf nýjum aðferðum til að losna við lúsina.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Laxalús ógnar enn fiskeldinu

**NOREGUR** Stærstu áskoranirnar í norsku fiskeldi varðandi umhverfismál eru enn laxalús og það að fiskur skuli sleppa úr kvíunum. Þetta kemur fram í árlegri skýrslu hafrannsóknastofnunarinnar í Noregi um áhættuna í fiskeldi.

Sérfræðingarnir slá því jafnframt föstu að skýrt samhengi sé á milli fiskeldis og lúsasmits í laxi.

Vegna ónæmrar laxalúsar þarf nú að beita nýjum aðferðum til að losna við hana svo að hún sé undir þeim mörkum sem yfirvöld setja, að því er greint er frá á fréttavef Dagens Næringsliv. **– ibs**

## Námskeið fyrir ungmenni með þunglyndi

**DANMÖRK** Sex sveitarfélög í Danmörku hafa undanfarna mánuði efnt til námskeiða fyrir ungt fólk á aldrinum 16 til 25 ára þar sem kennt er að takast á við kvíða og þunglyndi. Áður hafði verið boðið upp á slík námskeið fyrir fullorðna í 51 sveitarfélagi með góðum árangri.

Svo virðist sem árangurinn af námskeiðunum fyrir unga fólkið sé einnig góður en á þeim er einnig leitast við að aðstoða ungmennin við að komast í nám eða halda áfram námi sem þau eru byrjuð í.

Alls hafa 38 sveitarfélög sýnt áhuga á að halda slík námskeið. **– ibs**

# Málþóf í tálmunarfrumvarpi

Efasemdir eru í stjórnarliðinu um frumvarp sem heimilar fangelsisvist foreldra sem tálma umgengni. Litlar líkur eru á að það fái afgreiðslu þingsins. Fyrsti flutningsmaður segir stjórnarandstöðuna stunda málþóf.

**STJÓRNMÁL** „Stjórnarandstaðan með VG í fararbroddi hindrar að þetta komist að. Þau ætla ekkert að leyfa þessu að komast að,“ segir Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, um frumvarp sitt sem gerir tálmun refsiverða. Frumvarpið gengur út á að ef foreldri takmarkar umgengnisrétt eða kemur alfarið í veg fyrir umgengni þeirra sem hafa rétt á að hitta barnið varði það fangelsi allt að fimm árum.

Verulegar efasemdir eru um frumvarpið á meðal stjórnarþingmanna, þá helst þann rúma refsiramma sem gengið er út frá.

„Ég er búinn að vera tvístígandi í þessu máli. Mér finnst líklegt að ég myndi styðja það að tálmun væri óheimil með lögum en síðan set ég óneitanlega spurningarmerki við þetta refsiúrræði sem er fimm ára fangelsi,“ segir Pawel Bartoszek, þingmaður Viðreisnar.

Hann segir ekki gáfulegt að setja svo rúman refsiramma og treysta því að dómstólar nýti aðeins brot af honum, löggjafinn verði að vera skýr um vilja sinn. „Við þurfum alltaf að hugsa um að við værum að opna fyrir þann möguleika að setja fólk í fangelsi fyrir umrætt brot. Það finnst mér ganga lengra en ég væri tilbúinn að kyngja. Á hinn bóginn eru menn mikið að einbeita sér að því hvaða áhrif refsingar hefðu á mæður sem færu í fangelsi og börn þeirra. Við höfum ekki mikið spáð í sambærilegar spurningar þegar við ákveðum refsiramma fyrir önnur brot sem beinast langmest að körlum.“

Frumvarpið átti að koma til umræðu á Alþingi á þriðjudag en dagskrá riðlaðist til, meðal annars vegna átaka í liðnum um fundarstjórn forseta. Brynjar vill meina að þann glugga hafi stjórnarandstaðan notfært sér til að koma í veg fyrir að frumvarpið kæmist á dagskrá og þaðan inn í nefnd. „Það er málþóf gegn frumvarpinu, sem er svolítið sérstakt. Þau eru bara mjög á móti þessu og óttast að það sé nógu mikill stuðningur til að afgreiða þetta.“

Sjö þingfundardagar eru eftir fram að sumarfríi en eins og önnur lagafrumvörp þarf þrjár umræður áður en gengið yrði til atkvæða um málið.



**Í langflestum tilfellum eru það mæður sem tálma feðrum umgengni við börn sín. Ef frumvarpið yrði að lögum mætti fangelsa þær í allt að fimm ár fyrir brotin. Ólíklegt er talið að frumvarpið nái fram að ganga.** NORDICPHOTOS/GETTY

> Það er málþóf gegn frumvarpinu.
>
> Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins



> Ég held að við verðum bara að vísa þessu til föðurhúsanna.
>
> Katrín Jakobsdóttir, formaður VG



Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segir af og frá að stjórnarandstaðan stundi málþóf gegn frumvarpinu. „Ég held að við verðum bara að vísa þessu til föðurhúsanna.“

Katrín segist þó engar áhyggjur hafa af afdrifum málsins. Aðeins sjö þingfundardagar séu eftir og litlar líkur á að málið fari í gegn á þeim skamma tíma. „Það er ekkert launungarmál að ég tel að það að hneppa foreldra sem ekki virða umgengnisrétt í fangelsi sé ekki til þess fallið að leysa mál. En það er óvarlegt hjá þessum þingmanni að tala um málþóf því hér var um að ræða mjög hefðbundna umræðu í gær.“ **snaeros@frettabladid.is**




hekla.is/up

UP!GANGUR

Nýr up! frá aðeins
1.890.000 kr.

Við látum framtíðina rætast.

Volkswagen


# Útgjöld til lyfja þau sömu síðan 2009

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjakostnaður hins opinbera, þar með talið S-lyfja, hefur hækkað um 0,1 prósent frá árinu 2009 á meðan útgjöld til heilbrigðismála hafa aukist um 44 prósent. Að mati Félags atvinnurekenda sýnir það glögglega að lyfjakaup eru ekki að sliga heilbrigðiskerfið eins og menn vilja láta í veðri vaka á stundum.

Félagið hefur sent Alþingi umsögn um lyfjastefnu til ársins 2022 sem nú er í meðferð velferðarnefndar þingsins. „Þegar fjallað er um ný og dýr lyf má jafnframt ekki gleyma því að um er að ræða ný og betri lyf,“ segir í umsögn félagsins.

Á síðasta ári var kostnaður hins opinbera við lyfjakaup um 15 og hálfur milljarður en útgjöld til heilbrigðismála voru samtals um 170 milljarðar. Því er lyfjakostnaður undir tíund útgjalda til málaflokksins í heild sinni.

Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra hefur lofað auknu fjármagni til lyfjakaupa en dæmi eru um að krabbameinslæknar geti ekki veitt sjúklingum sínum þau krabbameinslyf sem læknarnir telja heppilegust í meðferð sjúklinga.



**Ólafur Stephensen. framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda**



**Jakob Falur Garðarsson, formaður Frumtaka - samtaka lyfjaframleiðenda**

„Útgjöld hins opinbera til lyfja sem hlutfall af heilbrigðisútgjöldum almennt, hafa lækkað á undanförnum árum. Samt erum við langt á eftir nágrannalöndunum varðandi aðgengi að nýjum lyfjum. Mánuðir eru nú liðnir frá því að auknu fjármagni var lofað í málaflokkinn og enn hefur ekkert gerst. Skýr lyfjastefna er ágæt, en skýrum orðum verða auðvitað að fylgja skýrar efndir,“ segir Jakob Falur Garðarsson, framkvæmdastjóri Frumtaka, samtaka frumlyfjaframleiðenda. **– sa**

# Alvöru Evrópu-samband hjá Nova!

**TÖLUM SAMAN**

Ótakmarkaðar mínútur og SMS:

Á **Íslandi** og þegar þú ert í **Evrópu***

**1.290 kr.**

| | |
|---|---|
| 1GB | 1.490 kr. |
| 5GB | 1.990 kr. |
| 10GB | 2.990 kr. |

*Evrópa: EES lönd.

**Lægra verð á símtölum og SMS í Evrópu.**

Tölum saman býðst einnig sem mánaðarleg áfylling í frelsi.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**



**Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu.** NORDICPHOTOS/AFP

# Til í að heimsækja Norður-Kóreu

**SUÐUR-KÓREA** Moon Jae-in, nýr forseti Suður-Kóreu, hét því í gær í innsetningarávarpi sínu að bæta samskiptin við Norður-Kóreu. Þá sagðist hann jafnframt viljugur til þess að fara í opinbera heimsókn til nágrannans í norðri undir réttum kringumstæðum.

„Ég mun gera allt sem ég get til að koma á friði á Kóreuskaga. Ef þess þarf mun ég fljúga til Washington tafarlaust. Ég myndi einnig fara til Peking og Tókýó og jafnvel Pjongjang undir réttum kringumstæðum,“ sagði Moon.

Áður en Moon tók við embætti var hann harður gagnrýnandi stjórnvalda. Einkum þeirrar stefnu ríkisstjórnar fyrrverandi forseta, Park Geun-hye, að slíta öllum samskiptum við Norður-Kóreu. Þá var Moon einnig handtekinn á unglingsaldri fyrir að mótmæla þáverandi forseta og föður Park Geunhye, Park Chung-hee. – **þea**

# Hin ástralska Unnur Brá

**ÁSTRALÍA** Larissa Waters, ástralskur öldungadeildarþingmaður, fetaði í gær í fótspor Unnar Brár Konráðsdóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, þegar hún var með nýfætt barn sitt á brjósti í þingsal.

Varð hún þar með fyrsti Ástralinn til að vera með barn á brjósti á ástralska þinginu en slíkt hefur verið leyfilegt í báðum deildum þingsins frá því í fyrra.

Sjálfri þótti Waters, sem er þingmaður Græningja, atvikið alls ekki fréttnæmt. „Það er í raun fáránlegt að það teljist fréttnæmt að vera með barn á brjósti. Það hefur tíðkast lengur en elstu menn muna,“ sagði Waters í viðtali við BBC í gær. – **þea**



**Larissa Waters, öldungadeildarþingmaður í Ástralíu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Tekist á við lögreglu



**Þessir íbúar bæjarins Finetown í Gauteng-fylki í Suður-Afríku tókust á við lögreglu í gær. Köstuðu þeir meðal annars steinum á milli þess sem þeir skýldu sér eins og hér má sjá. Fjölmargir íbúar bæjarins hafa á undanförnum dögum mótmælt slæmu ástandi húsnæðismála í bænum sem liggur suður af Jóhannesarborg. Lítið er um húsnæði í bænum fyrir efnalitla íbúa sem hafa fengið sig fullsadda.** NORDICPHOTOS/AFP

# Vill setja reglur um tilvísanir

## Landspítalinn hefur enga yfirsýn yfir hvort sérfræðilæknar vísi sjúklingum til sín á einkastofur og fái meira greitt. Landlæknir segir brýnt að setja skýrar reglur um þetta og fara eftir þeim, eins og gert er í Svíþjóð.

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn hefur enga yfirsýn yfir það hvort og þá í hvaða mæli sérfræðilæknar á LSH vísi sjúklingum til sín eða tengdra aðila á einkastofum úti í bæ. Landlæknir segir mjög mikilvægt að settar verði skýrar reglur um vinnubrögð sérfræðilækna.

Rúmur helmingur sérfræðilækna á LSH vinnur einnig á einkastofum úti í bæ og því gætu myndast hagsmunaárekstrar um hvort sjúklingar fari á einkastofur eða á opinbera stofnun vegna meina sinna. Landspítali hefur ekki sett sérfræðingum á stofnuninni reglur hvað þetta varðar. Oft er um að ræða eftirfylgd sem krefst þeirrar sérhæfingar sem aðeins tilteknir læknar hafa og sinna innan og utan LSH.

Ekki hefur verið tekin afstaða til þess innan LSH hvort eigi að setja reglur um vísan sjúklinga frá stofnuninni á einkasjúkrahús. Landspítalinn vinnur nú að því markmiði að sem flestir sérfræðilæknar vinni einvörðungu á spítalanum og þurfi ekki að auka við laun sín með einkapraxís úti í bæ. „Á Landspítala gildir sú regla að fyrsta endurkoma eftir innlögn á spítalann á að vera á göngudeild hans. Þá má benda á að Landspítali vinnur að því innleiðingu nýrrar stefnu hvað varðar nýráðningar sérfræðinga, þar sem stefnt er að því að almennt sé um fullar stöður að ræða,“ segir í svari LSH.

> **Reglur í Svíþjóð eru mjög einfaldar. Þar er ekki leyfilegt að vísa sjúklingum á sjálfan sig.**
>
> Birgir Jakobsson, landlæknir



Birgir Jakobsson landlæknir segir mikilvægt að reglur um þessi mál séu til. Strangar reglur séu við lýði í nágrannalöndum okkar á meðan litlar sem engar reglur séu um þessi mál hér á landi. „Ég, eins og aðrir, heyri að þetta sé að gerast. Hins vegar á að setja strangar reglur um þetta. Reglur í Svíþjóð eru mjög einfaldar, þar sem ég þekki vel til. Þar er ekki leyfilegt að vísa sjúklingum á sjálfan sig,“ segir Birgir.

„Í nágrannalöndum sumum er sérfræðingum á spítala meinað að vinna aukastörf, meira að segja í frítíma þeirra. Í Svíþjóð máttu ekki hafa aukastarf í samkeppni við ríkið, ekki skaða traust þitt og nota aukastarfið til að hagnast og það má ekki hindra þig í þínu aðalstarfi,“ bætir landlæknir við.

**sveinn@frettabladid.is**







# BIOTHERM KYNNING

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND, SKEIFUNNI, SPÖNGINNI, GARÐABÆ, SELFOSSI OG AKUREYRI 11. TIL 17. MAÍ.




**20% AFSLÁTTUR AF**
**ÖLLUM DÖMU- OG HERRAVÖRUM FRÁ BIOTHERM Á KYNNINGUNNI**

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 7.800 kr eða meira á meðan birgðir endast.

### LIFE PLANKTON™ ESSENCE

Life Plankton Essence olíulaust nærandi rakagefandi vatn er með hæsta hlutfall af Life Plankton™ og róar húðina því samstundis. Notist eitt og sér eða undir maska eða krem.

### LIFE PLANKTON™ SENSITIVE EMULSION

Nýtt krem með hátt hlutfall af Life Plankton™ sem hentar einstaklega vel fyrir viðkvæma húð. Kremið gefur raka, róar, nærir og styrkir varnarkerfi húðarinnar.

ÁN ALKÓHÓLS, LITAREFNA, PARABENA, STEINEFNAOLÍU OG ILMEFNA SEM GETA VALDIÐ OFNÆMI.




**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Koma að utan til að skoða stæði fyrir vindmyllur á Mosfellsheiði

**ORKUMÁL** Ketill Sigurjónsson lögfræðingur hefur að nýju óskað eftir viðræðum við Mosfellsbæ um „áform vegna vindmyllugarðs með það að markmiði að semja um aðgang til rannsókna og eftir atvikum uppsetningu vindmyllugarðs innan sveitarfélagsins“.

Þetta kemur fram í bréfi frá Katli sem bæjarráð Mosfellsbæjar tók fyrir í síðustu viku. Ketill er í forsvari fyrir aðila sem hann hefur ekki viljað að opinberaðir verði að sinni.

„Að ósk bréfritara voru nokkur orð afmáð úr skjalinu,“ segir í svari til Fréttablaðsins frá Mosfellsbæ sem vísaði að því leyti til í þá grein upplýsingalaga. Eins og fram kom í Fréttablaðinu 16. desember 2016 leitaði Ketill einnig til Grímsnes- og Grafningshrepps, Ölfuss og forsætisráðuneytisins þar sem hugsanlegt vinnsluvæði á Mosfellsheiði snertir einnig þessa aðila.

„Senn líður að því að XXXXXX, samstarfsaðilar mínir komi til landsins til þess meðal annars að skoða aðstæður, með það að markmiði að unnt verði að hefja rannsóknir á ákjósanlegum stað/stöðum næstkomandi sumar. Þarna er um að ræða þrautreynda aðila úr XXXXorkugeiranum með mikla og góða þekkingu á öllu því sem við kemur nýtingu á vindorku og undirbúningi vindorkuverkefna,“ segir í bréfi Ketils sem óskaði eftir trúnaði um þá viðskiptahagsmuni sem fjallað sé um í erindinu að því leyti sem lög geri ráð fyrir. X-in tákna hér þau orð sem strikað var yfir að hans ósk áður en bréfið var afhent.

> Eru viðbrögð forsvarsmanna sveitarfélagsins afar mikilvægur þáttur í því hvaða svæði verður/verða sett í forgang vegna verkefnisins.
>
> Ketill Sigurjónsson, lögfræðingur



Ketill kveðst í bréfinu vilja forvitnast um viðbrögð forsvarsmanna Mosfellsbæjar um þá ósk að ganga til viðræðna við hann og samstarfsaðila hans. Einnig vill hann vita hvort þeir hafi mótað sér viðhorf gagnvart sams konar erindi hans frá því 15. nóvember í fyrra.

„Eins og gefur að skilja eru viðbrögð forsvarsmanna sveitarfélagsins afar mikilvægur þáttur í því hvaða svæði verður/verða sett í forgang vegna verkefnisins,“ segir í bréfi Ketils sem kveður samstarfsaðila sína væntanlega til landsins nú í fyrrihluta maímánaðar.

Bæjarráð Mosfellsbæjar sendi erindið til áframhaldandi skoðunar í skipulagsnefnd og fól bæjarstjóranum jafnframt að „hafa samband“ við Ketil. **– gar**

## Tekjur Snapchat dragast saman

**VIÐSKIPTI** Velta Snap Inc., eiganda samfélagsmiðilsins Snapchat og myndavélagleraugnanna Spectacles, var ekki eftir væntingum fyrirtækisins á fyrsta ársfjórðungi. Frá þessu greinir Techcrunch.

Velti Snap 149,6 milljónum Bandaríkjadala á ársfjórðungnum en samkvæmt Techcrunch gerði Snap ráð fyrir 158 milljóna Bandaríkjadala veltu. Hlutabréf í Snap, sem var skráð á markað í mars við góðar undirtektir, hafa lækkað við tíðindin og er gengi þeirra nú lægra en þegar Snap var skráð á markað.

Þá er einnig útlit fyrir að vöxtur Snapchat hafi verið minni en vonast var til á milli ársfjórðunga. **– þea**




# Færri tækifæri fyrir konurnar

**Aðgengi karlfanga að námi á Litla-Hrauni er meira en aðgengi kvenfanga að námi á Hólmsheiði. Ástandið er þó betra á Hólmsheiði en það var í kvennafangelsinu í Kópavogi. Almennir borgarar aðstoða konurnar.**

**FANGELSISMÁL** Aðgengi kvenna að námi í afplánun í íslenskum fangelsum er einhæft og takmarkað miðað við það nám sem karlmönnum býðst á Litla-Hrauni. Þetta kemur fram í nýju meistaraverkefni Birnu Aðalheiðar Árdal Birgisdóttur í náms- og starfsráðgjöf.

Í Kópavogsfangelsi gátu konur einungis fengið bóklega kennslu í íslensku, ensku og stærðfræði. Engin sérstök kennslustofa var í fangelsinu, lítið næði til lærdóms og internetaðgengi verulega takmarkað.

Með tilkomu fangelsisins á Hólmsheiði munu konum standa til boða fleiri valkostir hvað varðar námsframboð en áður tíðkaðist en aðeins er boðið upp á fjarnám. Í ritgerðinni segir að aukið framboð verði á áföngum á framhaldsskólastigi þótt námsframboð muni aldrei verða líkt og þekkist á Litla-Hrauni.




Konur eru vistaðar í fangelsinu á Hólmsheiði og hefur fangelsinu í Kópavogi verið lokað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðalheiður Ámundadóttir, stjórnarmaður í Afstöðu – félagi fanga, segir það óheppilegt að konunum á Hólmsheiði sé einungis boðið fjarnám, sem þær fái takmarkaða aðstoð við.

„Þegar ég hitti konurnar á Hólmsheiði síðast voru þær eiginlega í sjálfsnámi, þær sem voru á annað borð í einhverju námi. Það er sérstaklega erfitt fyrir þessar konur, af því að bakgrunnur margra þeirra er þannig að þær þurfa mikið aðhald og mikinn stuðning,“ segir Aðalheiður.

Hún segir að það sé mikill áhugi meðal almennings á að koma að aðstoð fyrir fanga. „Við erum til dæmis að vinna að því að koma skipulagi í sjálfboðaliðahjálp með aðstoð við heimanám,“ segir Aðalheiður og fullyrðir jafnframt að nokkrir kennarar, sem eru að nálgast eftirlaunaaldur, hafi lýst áhuga á að hjálpa. „En auðvitað þarf að setja skipulagðari ramma utan um þetta. Og stærsti vandinn er stefnumótunarvandi.“

> Þegar ég hitti konurnar á Hólmsheiði síðast voru þær eiginlega í sjálfsnámi, þær sem voru á annað borð í einhverju námi.
>
> Aðalheiður Ámundadóttir, stjórnarmaður í Afstöðu - félagi fanga



Aðalheiður segir að skömmu eftir jól hafi verið stofnuð grúppa á Facebook sem heitir Fangahjálpin. Eftir það hafi margir góðviljaðir aðilar lýst áhuga á að gera sitt til að bæta aðstæður fanga. „Gefa bókasafninu bækur, bjóða upp á klippingu, sjálfstyrkingarnámskeið og eitt var hjálp með heimanám,“ segir hún.

Strax hafi eitt verkefni farið í gang. „Á Hólmsheiðinni er hollensk kona sem talar ensku og vildi læra íslensku. Ég auglýsti eftir íslenskukennara og hann er búinn að fara einu sinni í viku í hátt í tvo mánuði og það eru aðrar konur sem eru í undirbúningsvinnu við að búa til heimanámsvinnuhóp,“ segir Aðalheiður til útskýringar.

Aðalheiður kveðst telja að það sé vilji í fangelsiskerfinu til að bæta ýmislegt á Hólmsheiðinni. „Ég held að þetta séu bara byrjunarörðugleikar í nýju fangelsi.“

**jonhakon@frettabladid.is**




# Ekkert úrræði til staðar fyrir karlmenn

**SAMFÉLAG** „Við finnum fyrir þörfinni, við fáum reglulega símtöl og karlmenn í viðtöl sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi og hafa í ekkert athvarf að sækja. Oft eru þeir með börn á sínum snærum og þurfa að yfirgefa heimilið með þau en hafa jafnvel í engin hús að venda. Okkur þykir erfitt að geta ekki bent þeim á nein úrræði nema félagsþjónustuna.“ Þetta segir Hafdís Inga Hinriksdóttir, sérfræðingur Bjarkarhlíðar, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis.

Fyrirspurnir um skjól bárust í þessari viku þar sem karlmaður þurfti að flýja heimili sitt, ásamt börnum sínum, vegna ofbeldis.

„Bjarkarhlíð er ekki athvarf heldur staður þar sem fullorðnir geta fengið aðstoð við að vinna úr afleiðingum ofbeldis. Karlmenn sem búa við heimilisofbeldi eða eru þolendur mansals eru í erfiðri stöðu þar sem ekkert athvarf er til fyrir þá og því geta þeir síður yfirgefið ofbeldisfullar aðstæður inni á heimilum sínum og sitja því fastir, oft ásamt börnum sínum.“



Í Bjarkarhlíð er þolendum ofbeldis boðin aðstoð og ráðgjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hildur Guðmundsdóttir, vaktstýra hjá Kvennaathvarfinu, segir að það sé ekki algengt en það komi upp að karlar leiti til athvarfsins. „Við tölum við karla í síma og reynum að aðstoða þá, en þeir eru ekki að koma hingað í viðtal og ekki í dvöl, það er ekki í boði. Maður hefur reynt að veita þeim stuðning.

Við höfum verið hér í mörg ár og það hafa ekki verið margir sem eru í sambandi en þeir náttúrulega eiga ekki athvarf,“ segir hún.

Hildur bendir á að á sínum tíma þegar Kvennaathvarfið var stofnað hafi það verið konur sem tóku sig saman og gerðu það. Karlmenn hafi þann sama möguleika. Að hennar mati væri það einn möguleiki ef til væri grasrót.

„Ef þeir þurfa að flýja heimili út af heimilisofbeldi og lögreglan kemur þá er það bara gistiheimilið sem karlmenn hafa núna og það er þá spurning hvort félagsþjónustan geti hlaupið þar undir bagga,“ segir Hildur. **– sg**

> Oft eru þeir með börn á sínum snærum og þurfa að yfirgefa heimilið með þau en hafa jafnvel í engin hús að venda.
>
> Hafdís Inga Hinriksdóttir, sérfræðingur í Bjarkarhlíð






PIPAR\TBWA • SÍA • 171637

STOFNUN ÁRSINS 2017

**Valið á Stofnun ársins var kynnt við hátíðlega athöfn á Hilton Reykjavík Nordica 10. maí en titlana *Stofnun ársins* og *Fyrirmyndarstofnanir* hljóta þær stofnanir sem þykja skara framúr að mati starfsmanna.**
**Valið er byggt á svörum tæplega 12 þúsund starfsmanna í einni stærstu vinnumarkaðskönnun landsins.**

*Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar: Stofnun ársins – Borg og bær 2017*

| **Stærri stofnanir**<br>50 starfsmenn og fleiri | **Minni stofnanir**<br>Færri en 50 starfsmenn |
|---|---|
| 1 Frístundamiðstöðin Tjörnin | 1 Leikskólinn Vallarsel, Akranesi |
| 2 Frístundamiðstöðin Gufunesbær | 2 Fjárhags- og stjórnsýslusvið Seltjarnarness |
| 3 Orkuveita Reykjavíkur | 3 Íþrótta- og tómstundasvið Seltjarnarness |

**Hástökkvari ársins:** Listasafn Reykjavíkur

*SFR stéttarfélag í almannaþjónustu: Stofnun ársins 2017*

| **Stórar stofnanir**<br>50 starfsmenn og fleiri | **Meðalstórar stofnanir**<br>20–49 starfsmenn | **Minni stofnanir**<br>Færri en 20 starfsmenn |
|---|---|---|
| 1 Reykjalundur | 1 Menntaskólinn á Tröllaskaga | 1 Persónuvernd |
| 2 Ríkisskattstjóri | 2 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum | 2 Hljóðbókasafn Íslands |
| 3 Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 3 Einkaleyfastofan | 3 Geislavarnir ríkisins |

**Hástökkvari ársins:** Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

**SFR stéttarfélag í almannaþjónustu og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar óska vinningshöfum í Stofnun ársins 2017 til hamingju með árangurinn.**

# Ekki fundist fuglaflensa í sýnum úr hræjum villtra fugla

**NÁTTÚRA** Enn sem komið er hefur ekki fundist fuglaflensa í sýnum úr dauðum villtum fuglum hér á landi. Samtals hafa verið rannsökuð 14 sýni hjá Tilraunastöðinni á Keldum, þar sem rannsóknir fara fram, að því er kemur fram í frétt Matvælastofnunar.

Sýni úr heilbrigðum villtum fuglum, samtals 200 sýni, voru tekin í apríl og eru niðurstöður væntanlegar á næstu dögum. Þegar þær hafa borist getur hópur sérfræðinga tekið afstöðu til þess hvort smithætta sé orðin lítil og forsvaranlegt sé að lækka áhættustigið, en í lok mars á þessu ári birti atvinnuvega- og landbúnaðarráðuneytið auglýsingu um aukið viðbúnaðarstig vegna fuglaflensu. Auglýstar varúðarráðstafanir eru enn í gildi.

Í fréttinni segir að mjög fáar tilkynningar hafi borist um fuglaflensu í Evrópu undanfarnar vikur, eins og búist var við. Hætta á sýkingu fugla með fuglaflensuveirum er mun minni í hlýjum mánuðum, þar sem veirurnar varðveitast best í köldu umhverfi.

Þó virðist sem hættan sé ekki yfirstaðin. Eins og reiknað var með kom upp fuglaflensa í byrjun maí í tveimur hópum fugla á sama svæði í Bretlandi. Á einu búi drápust 20 af 34 fuglum áður en gripið var til niðurskurðar. Á hinu búinu drápust tveir fuglar í hópi með níu fuglum áður en fuglaflensa var greind og hópnum fargað. Í báðum tilfellum var um sermisgerðina H5N8 að ræða, segir Matvælastofnun.



**200 sýni hafa verið tekin úr villtum fuglum og eru til rannsóknar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í lok mars var þess ekki lengur krafist í Svíþjóð að alifuglar væru haldnir undir þaki eða innandyra en ráðlagt að hafa áfram auknar smitvarnir þar sem hættan var ekki yfirstaðin. Það reyndist einnig rétt, fuglaflensa af sermisgerðinni H5N8 greindist á stóru varphænsnabúi í lok apríl og þurfti að farga öllum hænum á búinu.

Matvælastofnun óskar áfram eftir tilkynningum um dauða villta fugla í gegnum ábendingakerfi stofnunarinnar. **– shá**

# Þótti Comey ekki standa sig nógu vel

**Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur rekið yfirmann alríkislögreglunnar. Þótti hann ekki standa sig nógu vel. Alríkislögreglan rannsakar áhrif Rússa á forsetakosningarnar og möguleg tengsl við framboð Trumps. Fjórir koma til greina sem eftirmaður James Comey.**

**BANDARÍKIN** „Hann stóð sig einfaldlega ekki nógu vel,“ sagði Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, í gær þegar fjölmiðlar spurðu hann hvers vegna hann hefði ákveðið að reka James Comey, yfirmann alríkislögreglunnar (FBI). Sagði Trump að í stað Comeys kæmi einhver sem myndi standa sig mun betur. Eftirmaðurinn þyrfti að endurreisa heiður FBI.

„Comey tapaði trausti næstum allra í Washington. Jafnt Demókrata sem Repúblikana. Þegar fólk róast niður munu allir þakka mér,“ sagði forsetinn enn fremur.

Trump ákvað að reka Comey eftir að nýr aðstoðardómsmálaráðherra, Rod Rosenstein, mælti með því. Alríkislögreglan rannsakar um þessar mundir meint afskipti Rússa af forsetakosningunum í fyrra sem og meint tengsl rússneskra stjórnvalda við framboð Trumps. Þess má geta að Jeff Sessions, dómsmálaráðherra og yfirmaður Rosensteins, sætir einnig rannsókn, enda studdi hann Trump í kosningabaráttunni.

Í bréfi Rosensteins til Trumps segir að almenningur hafi misst allt traust á alríkislögreglunni vegna þess hvernig staðið var að rannsókn á einkatölvupóstþjóni Hillary Clinton, forsetaframbjóðanda Demókrata. Tilkynnti Comey í fyrra að Clinton yrði ekki sótt til saka. Stuttu fyrir kosningar var rannsóknin svo opnuð á ný og gagnrýndu Demókratar Comey harðlega fyrir tímasetninguna og ákvörðunina. Ákvörðun alríkislögreglunnar breyttist hins vegar ekki og rannsókninni var lokað á ný.




**Fjöldi safnaðist saman fyrir utan Hvíta húsið til að mótmæla Trump.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Comey tapaði trausti næstum allra í Washington. Jafnt Demókrata sem Repúblikana. Þegar fólk róast niður munu allir þakka mér.**



Donald Trump, forseti Bandaríkjanna

Chuck Schumer, leiðtogi Demókrata í öldungadeild þingsins, gagnrýndi Trump harðlega í gær fyrir brottreksturinn. „Snerist þetta í raun um eitthvað annað?“ spurði Schumer í gær. Sagði hann enn fremur að þörf væri á sérstökum, óháðum saksóknara til að rannsaka Rússlandsmálið.

New York Times greindi frá því í gær að stuttu fyrir brottreksturinn hefði Comey beðið um aukin úrræði til þess að rannsaka málið. Fór hann persónulega fram á það við Rosenstein.

Sarah Huckabee Sanders, aðstoðarfjölmiðlafulltrúi forsetans, þvertók hins vegar fyrir það að brottreksturinn tengdist Rússlandsrannsókninni. „Comey hafði misst traust forsetans og satt best að segja hafði forsetinn íhugað að víkja Comey úr starfi allt frá því hann náði kjöri,“ sagði Sanders við blaðamenn í gær.

Vladimír Pútín, forseti Rússlands, var einnig spurður um brottrekstur Comeys í gær. Blaðamaður CBS náði tali af Pútín, sem þá var klæddur í íshokkíbúning og á leiðinni inn á íshokkívöll. Sagði Putin að brottreksturinn hefði engin áhrif á samskipti ríkjanna og að spurningin væri fyndin. „Við tengjumst þessu ekki neitt,“ sagði Pútín.

Samkvæmt heimildum Reuters koma fjórir til greina sem eftirmaður Comeys. Andrew McCabe, starfandi yfirmaður FBI, Paul Abbate aðstoðaryfirmaður, Michael J. Anderson, rannsóknarlögreglustjóri í Chicago, og Adam Lee, rannsóknarlögreglustjóri í Richmond.

**thorgnyr@frettabladid.is**



**James Comey, fyrrverandi yfirmaður alríkislögreglunnar.** NORDICPHOTOS/AFP

STEFNIR

## Sameining

*Stefnis – Eignastýringarsjóðs og Stefnis – Samvals*

Ákveðið hefur verið að sameina fjárfestingarsjóðina Stefni – Eignastýringarsjóð og Stefni – Samval undir nafni síðarnefnda sjóðsins. Sameiningin miðast við 17. maí 2017 en á þeim degi tekur Stefnir – Samval við öllum eignum og skuldbindingum Stefnis – Eignastýringarsjóðs. Að því loknu verður Stefni – Eignastýringarsjóð slitið.

Við sameininguna eignast hlutdeildarskírteinishafar í Stefni – Eignastýringarsjóði hlutdeildarskírteini í Stefni – Samvali miðað við dagslokagengi sjóðanna 15. maí 2017.

Hlutdeildarskírteinishafar Stefnis – Eignastýringarsjóðs geta eftir sem áður átt viðskipti með hlutdeildarskírteini sín í samræmi við reglur sjóðsins fram til 15. maí 2017, en frá og með 17. maí 2017 fer um viðskipti eftir reglum Stefnir – Samval. Engin röskun verður á viðskiptum með hlutdeildarskírteini Stefnis – Samvals.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Stefnis hf., **www.stefnir.is**

11. maí 2017
Stefnir hf.

# Foreldri fái rétt á við ríkisborgara

**EVRÓPA** Foreldri barna með ríkisborgararétt Evrópusambandsríkja eiga að njóta sömu réttinda og ríkisborgarar ríkja innan Evrópusambandsins. Þetta staðfesti dómur Evrópudómstólsins í gær í máli venesúelskrar konu sem á barn með hollenskan ríkisborgararétt.

Konan kom upprunalega til Hollands sem ferðamaður en eignaðist barn með Hollendingi árið 2009. Þau slitu samvistum árið 2011 og sá konan ein fyrir barninu. Var henni neitað um atvinnuleysis- og barnabætur á grundvelli þess að hún væri ekki ríkisborgari.

Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að aðildarríki Evrópusambandsins mættu ekki taka ákvarðanir sem brytu á réttindum fjölskyldu ríkisborgara Evrópusambandsins sem í þessu tilfelli er hið hollenska barn.

Rök dómstólsins fyrir dómnum voru meðal annars þau að öll ógn við réttindi móðurinnar kæmu samtímis í veg fyrir að barnið nyti sinna réttinda sem ríkisborgari.

BBC greinir frá því að dómurinn sé sérstaklega merkilegur sökum væntanlegs brotthvarfs Bretlands úr Evrópusambandinu. Fjöldi Breta búi í öðrum aðildarríkjum sambandsins og eigi börn með ríkisborgurum viðkomandi landa.



**Sé þetta barn með ríkisborgararétt í Evrópusambandsríki, en faðirinn ekki, á hann rétt á barnabótum í viðkomandi ríki.** NORDICPHOTOS/GETTY

Afstaða Evrópusambandsins í væntanlegum samningaviðræðum við Breta er sú að ákvörðun um stöðu breskra ríkisborgara í löndum Evrópusambandsins verði að vera forgangsmál í samningaviðræðunum. Hið sama gildi um ríkisborgara Evrópusambandsríkja sem búsettir séu á Bretlandi. **– þea**




# Ekki missa af bestu Eurovision flögunum

**Þú færð kannski nóg af lögunum - en aldrei nóg af flögunum. Þú verður að bjóða þessum ef þú ætlar að halda flögulega gott Eurovision partý**




Lay's – sannar flögur

ENNEMM / SÍA / NM81917

# MARKAÐURINN

## Fluttu út ál fyrir 181 milljarð

Útflutningsverðmæti álvera á Íslandi námu 181 milljarði árið 2016 eða 33,9% af heildarvöruútflutningi. Þar af námu innlend útgjöld álveranna tæpum 80 milljörðum. Þetta er á meðal þess sem fram kemur á ársfundi Samáls, sem haldinn verður í Hörpu í dag, fimmtudaginn 11. maí.

„Útflutningsverðmætin lækka töluvert frá árinu 2015 og munar þar mestu um styrkingu krónunnar og lægra álverð,“ segir Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls. Árið 2015 námu útflutningsverðmætin um 237 milljörðum.

„Álverin keyptu vörur og þjónustu af hundruðum fyrirtækja fyrir 22,5 milljarða og er þá raforka undanskilin. Það er til marks um gróskuna í álklasanum, en í þeim hópi eru fyrirtæki á borð við verkfræðistofur, vélsmiðjur, málmsteypur og skipafélög. Þar á meðal eru fyrirtæki sem flytja út vörur og þjónustu til álvera um allan heim.“

Raforkukaupin námu rúmum 36 milljörðum, en þá er horft til raforkunotkunar þeirra og uppgefins meðalverðs Landsvirkjunar til stóriðju, að sögn Péturs. „Alls nam álframleiðsla í fyrra 856 þúsund tonnum, eða um 1,4% af heimsframleiðslu áls.“ **– hae**



**Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls**

## Frönsk sælkeraverslun væntanleg

Stefnt er að opnun frönsku sælkeraverslunarinnar Hyalin Reykjavik á Hverfisgötu í lok þessa mánaðar.

Fram kemur á síðu verslunarinnar að tveir Frakkar standi að Hyalin, þeir Arnaud-Pierre frá Limoges í Frakklandi og Didier sem er frá Suðvestur-Frakklandi. Þeir félagarnir stofnuðu bókaforlagið Kaiserin Editions í Frakklandi árið 2012.

Þeir heilluðust af Íslandi, menningunni og hefðum hér, eftir að hafa ferðast til landsins margoft. Þeir fluttu því til Íslands í október 2015 með það að markmiði að opna sælkeraverslun.

Fram kemur á síðu verslunarinnar að þetta verði líklegast nyrsti punktur sem frönsk sælkeraverslun er á í heiminum.

Meðal þess sem verður í boði í versluninni eru ostar, sósur, paté og lifrarkæfa. Einnig verða snyrtivörur og hönnunarvörur frá Frakklandi til sölu.

Framkvæmdir standa nú yfir og er von á að verslunin verði tilbúin í lok næstu viku, en dyrnar verða opnaðar síðar í mánuðinum. **– sg**



**Jarðböðin við Mývatn eru langverðmætasta eign fjárfestingarfélagsins Tækifæris á Akureyri.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Akureyri seldi hlutabréfin en virði Jarðbaðanna rauk upp

**Virði Jarðbaðanna við Mývatn nam 3,2 milljörðum króna við síðustu áramót. Bréfin sem Akureyrarbær seldi í Tækifæri á 116 milljónir eru nú metin á yfir 195 milljónir. Árið í fyrra var metár hjá baðstaðnum þegar yfir 200 þúsund gestir heimsóttu hann. Stefnt að framkvæmdum fyrir um tvo milljarða króna.**

Jarðböðin við Mývatn voru um síðustu áramót metin á 3,2 milljarða króna og jókst virði þeirra um 2,3 milljarða á tveimur árum. Óbeinn eignarhlutur Akureyrarbæjar í baðstaðnum, sem hann átti í gegnum rúmlega 15 prósenta hlut í fjárfestingarfélaginu Tækifæri, væri því í dag metinn á 195 milljónir en sveitarfélagið seldi bréfin á 116 milljónir í janúar 2016.

Upplýsingar um virði Jarðbaðanna má lesa úr nýjum ársreikningi Tækifæris en fjárfestingarfélagið á 40,6 prósenta hlut í baðstaðnum. Um langverðmætustu eign Tækifæris er að ræða, sem nemur um 94,5 prósentum af bókfærðu verði eigna félagsins, og var hún metin á 348 milljónir árið 2014, 734 milljónir í ársbyrjun 2016, eða einungis nokkrum vikum eftir að Akureyrarbær seldi 15,22 prósenta hlut sinn í Tækifæri, en rétt tæpa 1,3 milljarða um síðustu áramót.

Jarðböðin voru opnuð í júní 2004. Steingrímur Birgisson, stjórnarformaður fyrirtækisins, segir að gestir baðstaðarins hafi verið rúmlega 200 þúsund talsins í fyrra og að um metár hafi verið að ræða. Árið 2015 greiddu 149 þúsund manns aðgangseyri.

„Útlitið fyrir sumarið er ágætt og árið byrjar vel. Menn hafa örlitlar áhyggjur af styrkingu krónunnar og að það geti farið að draga saman í þessum ferðamannageira. Síðasta ár var mjög gott og afkoman betri en árið á undan og metfjöldi gesta sem sótti okkur heim,“ segir Steingrímur.

„Það eru fram undan heilmiklar breytingar hjá okkur. Við erum að ráðast í miklar fjárfestingar en höfum síðustu ár haldið þeim og útgjöldum í lágmarki og fyrir vikið hefur reksturinn gengið mjög vel. Það á að reisa nýja og stærri aðstöðu enda húsnæðið löngu sprungið og annar ekki eftirspurn. Við gerum ráð fyrir að það verði tilbúið vonandi árið 2019 en þetta er heilmikil fjárfesting sem verður í kringum tvo milljarða.“

Jarðböðin voru rekin með 238 milljóna hagnaði árið 2015 samanborið við 161 milljón árið 2014. Ársreikningi fyrir árið í fyrra hefur ekki verið skilað inn til fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra. Eignir baðstaðarins voru metnar á 384 milljónir í árslok 2015 en skuldirnar námu einungis 15 milljónum. Jarðböðin voru þá rekin af samnefndu einkahlutafélagi sem rann í fyrra inn í móðurfélagið Baðfélag Mývatnssveitar hf. Sameinað félag heitir Jarðböðin hf.

**haraldur@frettabladid.is**



**Akureyri átti óbeinan eignarhlut í Jarðböðunum þangað til í janúar 2016.**

### Köfuðu ekki ofan í rekstur Tækifæris

Bæjaryfirvöld á Akureyri hafa verið gagnrýnd fyrir sölu á 15,22 prósenta hlut sveitarfélagsins í Tækifæri. Samkvæmt samantekt LEX lögmannsstofu um söluna, sem var unnin að ósk bæjaryfirvalda og skilað um miðjan október í fyrra, var eignarhluturinn seldur KEA á nafnverði eða 116 milljónir. Áður en tilboðinu var tekið var „ekkert sérstaklega kafað ofan í rekstrarárangur Tækifæris“, eins og segir í samantektinni. Ekkert í söluferlinu hafi bent til þess að bærinn hafi verið beittur blekkingum.

„Bærinn átti stjórnarmann í Tækifæri ehf. og ætti að hafa verið hægt um vik að afla allra nauðsynlegra upplýsinga um undirliggjandi eignir í Tækifæri áður en til sölunnar kom,“ segir í samantektinni.

# Olíuverð lækkað um 11 prósent á síðastliðnum mánuði

Heimsmarkaðsverð á olíu hefur fallið skarpt á síðustu vikum og frá því um miðjan apríl hefur verðið lækkað um 11 prósent. Eftir miklar lækkanir að undanförnu tók olíuverð kipp upp á við í gær þegar það hækkaði um meira en þrjú prósent og fór verð á tunnu af Brent-Norðursjávarolíu yfir 50 dollara.

Olíuverðslækkun síðustu vikna hefur víðs vegar áhrif hér á landi. Meðal annars spáir greining Arion banka því að hún verði ein af rökunum fyrir því að vextir verði lækkaðir á stýrivaxtafundi í næstu viku.

> **Þegar olía lækkar getur það hjálpað fyrirtækjum að taka á launahækkuninni í maí.**



Erna Sverrisdóttir, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka

„Þetta hefur áhrif. Olían er mikilvæg í aðföng og aðfangakostnað fyrir fyrirtæki. Þegar olía lækkar í verði getur það hjálpað fyrirtækjum að taka á launahækkuninni sem er að koma inn í maí. Þetta kemur beint inn í vísitölu neysluverðs og hefur þar áhrif til lækkunar og heldur þannig aftur af verðbólguþrýstingi. Þannig að það eru bein og óbein áhrif sem við gætum séð,“ segir Erna Björg Sverrisdóttir, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka.

> **Lækkun olíuverðs hefur jákvæð áhrif á Icelandair en bréf félagsins hafa hækkað um 22% síðasta mánuð.**

Að hennar mati gæti lækkunin hjálpað útgerðinni. „Ég myndi halda það. Olían er mikilvægur kostnaður hjá útgerðinni. Vissulega ætti þetta því að hjálpa til og vera kærkomið þegar við erum að sjá svona mikla gengisstyrkingu,“ segir Erna Björg.

Á meðal þeirra sem hafa notið góðs af lækkun olíuverðs að undanförnu eru flugfélög á borð við í Icelandair Group. Fyrir utan ágætis uppgjör á fyrsta ársfjórðungi og tölur um mikinn vöxt í farþegafjölda í apríl hefur þróun olíuverðs ráðið hvað mestu um að gengi bréfa félagsins hefur hækkað um 22 prósent á síðastliðnum mánuði. **– sg**




VERÐ FRÁ:
**3.056.452** kr. án VSK
3.790.000 með VSK

**SNJALLT FLUTNINGSRÝMI OG FRÁBÆR VINNUAÐSTAÐA**

Nýr Peugeot Expert Van er nú betur búinn, léttari, öruggari og hugvitssamari. Peugeot Expert Van er gæða sendibíll sem fáanlegur er í þremur lengdum. Gólfið í vörurými bílsins er það lægsta sem býðst í þessum flokki sendibíla sem auðveldar alla hleðslu. Ríkulegur staðal- og öryggisbúnaður prýðir Expert Van, 2ja lítra 120 hestafla dísilvél, bakkmyndavél með nálægðarskynjurum að framan og aftan, blindpunktsaðvörun, 7" snertiskjár í mælaborði með Bluetooth handfrjálsri símtengingu og "Moduwork" innréttingu sem gerir þér kleift að flytja allt að 4 metra langa hluti. Til viðbótar við allt þetta er Peugeot Expert Van sérlega sparneytinn, umhverfisvænn og hefur hlotið 5 stjörnur í öryggisprófunum.

PEUGEOT EXPERT VAN

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Kótilettufólkið



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Dúna og Tómas Boonchang fluttu til Íslands frá Taílandi árið 1987. Fjórum árum síðar hófu þau rekstur Ban Thai þar sem áherslan var lögð á taílenska matarhefð. Ban Thai hefur í dag fest sig í sessi sem einn allra besti taílenski veitingastaður landsins og þar er setið við hvert borð öll kvöld vikunnar.

Rúmlega annar hver nýr skattgreiðandi á Íslandi á síðustu árum er útlendingur samkvæmt tölum frá Ríkisskattstjóra. Á árinu 2015 voru þrír af hverjum fjórum nýjum skattgreiðendum erlendir ríkisborgarar en einn af hverjum fjórum var Íslendingur. Útlendingar sem hingað koma, líkt og þau Dúna og Tómas, skapa verðmæti fyrir íslenska þjóðarbúið. Hér má líka nefna tyrkneska veitingahúsið Meze á Laugavegi. Eigendurnir Murat Özkan og Hakan Gültekin eru æskuvinir sem ólust upp í Istanbúl en settust að hér. Ótal fleiri dæmi mætti nefna.

Óháð þeirri staðreynd að útlendingar stækka kökuna og auka verðmætasköpun í samfélaginu er mikilvægt að hafa hugfast að fjölmenning er ávísun á lífsgæði. Án fjölmenningar hefðum við ekki perlur eins og Ban Thai og Meze. Ef útlendingar hefðu ekki sest hér að og auðgað íslenskt samfélag þá væru bara amerískir skyndibitastaðir og staðir með þungum og brösuðum íslenskum heimilismat í miðborginni. Gestir og gangandi gætu örugglega fengið góðar lambakótilettur í raspi ef heppnin væri með þeim.

Þeir sem vilja þrengja að fjölmenningunni í stað þess að taka henni opnum örmum eru þess vegna óttalegir kótilettukallar og -konur. Kótilettufólkið fór á límingunum yfir áformum um mosku í Sogamýri og notar frasa eins og „það þarf að laga til í eigin garði“, heimahögunum, áður en hægt er að taka á móti fleiri innflytjendum. Kótilettufólkið myndi kjósa Íslandsdemókratana ef sá flokkur væri eitthvað annað og meira en hópur af furðufuglum með stór barmmerki á krá í Kópavogi. Eini munurinn á íslensku furðufuglunum og Svíþjóðardemókrötunum er sá að þeir síðarnefndu fengu trúverðuga einstaklinga í forystusveit sína. Rasisti í jakkafötum með góða menntun verður samt alltaf rasisti.

Einn af hverjum fimm Svíum styður nú Svíþjóðardemókratana. Stuðningurinn fór hæst í 28 prósent í janúar í fyrra. Þetta hefur smitast út í meginstrauminn því sænsk stjórnvöld hafa tekið 180 gráðu stefnubreytingu í innflytjendamálum. Ástæður þess að jarðvegur þjóðernispopúlisma varð frjór í Svíþjóð eru margbættar. Ef til vill hafa sænsk stjórnvöld átt erfitt með að feta vandrataða leið meðalhófsins í innflytjendamálum.

Kótilettufólkið er óheppið því þröngsýni þess er ekki því sjálfu að kenna. Það var óskrifað blað við fæðingu eins og aðrir. Fólk sem var nært á þröngsýni og hræðslu frá blautu barnsbeini verður ekki heilt nema með gagngerri hugarfarsbreytingu. Ef til vill eru það draumórar að ætla að slíkt sé hægt enda er erfitt að kenna gömlum hundi að sitja. Það má samt bera þá von í brjósti að raddir skynsemi, upplýsinga og manngæsku verði háværari og yfirgnæfi suðið frá kótilettufólkinu.

> Kótilettufólkið myndi kjósa Íslandsdemókratana ef sá flokkur væri eitthvað annað og meira en hópur af furðufuglum með stór barmmerki á krá í Kópavogi.

Apótek Garðabæjar

Gríptu lyfin á leiðinni heim

Apótek Garðabæjar í alfaraleið




Litlatún 3, Garðabæ | Sími 577 5010

## Halldór




## Frá degi til dags

**Enginn draumaprins**

**Framsóknarmenn í Eyjafirði eru óánægðir með úrslit síðustu þingkosninga, minnugir þess að þingmönnum flokksins fækkaði úr nítján í átta. Ný ályktun þeirra bendir til að þeir kenni núverandi formanni, Sigurði Inga Jóhannssyni, um ófarirnar og vilji skipta honum út fyrir Sigmund Davíð Gunnlaugsson. Það er eðlilegt að Framsóknarmenn óski þess að vegur flokksins aukist. En sé litið annars vegar til þess að í kjördæmi Sigmundar Davíðs töpuðust tvö þingsæti í kosningunum og að hann var strikaður oftast út af öllum frambjóðendum er kannski eðlilegt að efast um að Sigmundur Davíð sé sá draumaprins sem kjósendur óski sér.**

**Að drepa stemninguna**

**Ýmsir aðilar á markaði eru orðnir langeygir eftir vaxtalækkun nú þegar tveir mánuðir eru liðnir frá því að höftum var aflétt til fulls. Þær greiningardeildir sem fjalla um málið gefa misvísandi skilaboð. Hagfræðideild Landsbankans og greiningardeild Arion banka hafa spáð lækkun um 25 punkta. Greining Íslandsbanka er ósammála og spáir óbreyttum vöxtum. Einhvern veginn tókst Capacent síðan að drepa stemninguna á markaðnum með því að fullyrða í fyrrakvöld að líkurnar á vaxtalækkun væru jafn miklar og að Ísland næði árangri í Eurovision.** jonhakon@frettabladid.is

# Landlækni mótmælt



Reynir Arngrímsson
formaður læknaráðs Landspítala

Haft er eftir landlækni í Fréttablaðinu þann 9. maí sl. að sérfræðingar verji of litlum tíma á Landspítala og þeir stofni öryggi sjúklinga í hættu með því að vinna líka sumir á læknastofum. Þetta er harður dómur um starfsemi Landspítalans, ekki síður en ásakanir um að læknar sjúkrahússins svíkist um í starfi og beri ábyrgð á hvernig farið hefur fyrir fjárlögum Alþingis til heilbrigðismála á liðnum árum.

Þeir sem þekkja til starfa sérfræðilækna Landspítalans vita að þetta er ekki rétt. Læknar spítalans hvort sem þeir eru í hluta- eða fullu starfi sinna því af fagmennsku, samviskusemi og oft umfram starfsskyldur.

Vandamál heilbrigðiskerfisins er ekki að framlög til sérfræðiþjónustu hafi haldið í við verðlags- og vísitöluþróun á meðan fjárlög til annarra hluta hafi verið skert óhóflega. Það gefur hins vegar mynd af því hver fjárframlög til sjúkrahúsa og heilsugæslunnar hefðu þurft að vera og hvað hún þarf að aukast um á næstu árum til að hún verði samkeppnishæf í þjónustu við nágrannalöndin og starfsfólk í heilbrigðisstéttum.

Landspítali hefur í langflestum tilvikum haft hag af því að hluti læknahópsins sé í hlutastarfi. Þjóðfélagið líka, að í landinu sé nægjanlega margir læknar sem spanni breiða faglega þekkingu læknisfræðinnar og deili álagi af vaktabyrði á fleiri herðar en færri.

Þetta fyrirkomulag hefur skapað sveigjanleika og samfélagslegt öryggi þannig að krítískur massi þekkingar og þjálfaðra lækna ætti ætíð að vera til staðar á hverjum tíma, án þess að þeir þurfi að leggja fjölskyldulíf og heilsu að veði með óhóflegri vaktabyrði og álagi í starfi.

Störf sérfræðilækna part úr degi að loknum starfsskyldum á Landspítala eða annarra lækna á læknastofum eru ekki ógn við sjúklinga. Þvert á móti má færa rök fyrir því að þannig hafi læknar haldið uppi gæðum og öryggi í vanræktu heilbrigðiskerfi.

> Þjónusta Landspítalans er skipulögð þannig að viðeigandi þekking og reynsla sé til staðar á hverjum tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Smán Alþingis

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Fyrir þinglok vorið 2013 lá fyrir Alþingi frumvarp að nýrri stjórnarskrá, fullbúið af hálfu þingsins eftir tveggja ára yfirlegu og efnislega samhljóða tillögum Stjórnlagaráðs sem þjóðin hafði kjörið 2010 og þingið skipað. Áður höfðu 67% kjósenda lýst stuðningi við tillögurnar í þjóðaratkvæðagreiðslu 2012 og meiri hluti þingmanna hafði opinberlega lýst vilja til að samþykkja frumvarpið á Alþingi fyrir þinglok. „Alþingi er á reynslutíma hjá þjóðinni," hafði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagt eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna 2012. Atkvæðagreiðslan var ráðgefandi eins og atkvæðagreiðsla Breta um Brexit 2016 sem engum Breta dettur þó í hug að vefengja. Um tillögurnar ríkti víðtæk sátt meðal landsmanna. Stuðningur kjósenda við tillögurnar er enn til staðar og óbreyttur skv. könnun Félagsvísindastofnunar fyrr á þessu ári eins og fram kemur í fréttatilkynningu Stjórnarskrárfélagsins um daginn.

**Svik Alþingis í málinu voru innsigluð 30. apríl sl. þegar bráðabirgðaákvæðið frá 2013 um stjórnarskrárbreytingar án þingrofs rann út. Eftir situr forhert og trausti rúið Alþingi sem skirrist ekki við að vanvirða lýðræðisleg grundvallargildi og sýnir engin merki iðrunar eða jafnvel skilnings á þeirri smán sem það hefur kallað yfir sjálft sig og landið.**

### Samstaða hverra?

Alþingi sveikst um að afgreiða frumvarpið svo sem frægt varð að endemum en bætti við gildandi stjórnarskrá bráðabirgðaákvæði til að gera þinginu kleift að samþykkja stjórnarskrárbreytingar án þingrofs. Þessa breytingu gerðu þingmenn til að skjóta sér undan afgreiðslu málsins fyrir þinglok vorið 2013 svo sem lagt hafði verið upp með og jafnframt í eiginhagsmunaskyni þar eð gildandi stjórnarskrá kveður á um þingrof strax eftir samþykkt nýrrar stjórnarskrár í fyrra sinnið af tveim.

Þingmenn tóku eigin hag fram yfir lýðræðislega stjórnarhætti. Þeir máttu margir ekki til þess hugsa að nýtt þing samþykkti nýja stjórnarskrá og væri síðan rofið strax til að virða gildandi stjórnarskrá. Þeir vildu margir heldur fá að sitja út heilt kjörtímabil þótt slík þaulseta tefldi nýju stjórnarskránni og þá um leið lýðræðinu í tvísýnu. Þeir virtust engan skilning hafa eða áhuga á að kynna sér skýr fordæmi þingsögunnar frá 1942 og 1959 um stutt þing til að tryggja framgang stjórnarskrárbreytinga og treysta lýðræðið.

Fráleit falsrök voru leidd fram til að leyna eigingjörnum tilgangi þingmanna. Sumir sögðust vilja vinna málið áfram þótt það væri þegar fullunnið og samþykkt af kjósendum og sögðust vilja efla samstöðu um málið, þ.e. samstöðu stjórnmálaflokkanna og fyrirtækjanna sem ausa fé í flokkana. Samstaða kjósenda lá fyrir eftir langt lýðræðislegt ferli sem heldur áfram að vekja aðdáun og athygli víða um heim með vaxandi þunga eins og segir í fréttatilkynningu Stjórnarskrárfélagsins.

### Svik á svik ofan

Svik Alþingis í málinu voru innsigluð 30. apríl sl. þegar bráðabirgðaákvæðið frá 2013 um stjórnarskrárbreytingar án þingrofs rann út. Eftir situr forhert og trausti rúið Alþingi sem skirrist ekki við að vanvirða lýðræðisleg grundvallargildi og sýnir engin merki iðrunar eða jafnvel skilnings á þeirri smán sem það hefur kallað yfir sjálft sig og landið.

Svikin gerðu raunar boð á undan sér í tillögum fv. stjórnarskrárnefndar Alþingis sem hélt um 50 fundi fyrir luktum dyrum 2013-2016 og kom samt ekki öðru í verk en að skila af sér þrem útvötnuðum ákvæðum frumvarpsins sem þingið heyktist á að afgreiða 2013, ákvæðum sem kölluðu harkalega gagnrýni yfir nefndina fyrir að reyna að reka rýting í bak lýðræðisins.

Samstaða nefndarinnar rauk að sjálfsögðu út í veður og vind. Einn nefndarmaðurinn skrifaði að loknu starfi nefndarinnar: „Útkoman er sú sem afturhaldsöflin geta fallist á." Verk nefndarinnar kom ekki til kasta Alþingis svo sem vita mátti.

### Knýjum dyra

Nú verður ekki öllu lengur undan því vikizt að lýðræðisöflin í landinu taki höndum saman innan þings og utan og knýi á um staðfestingu nýju stjórnarskrárinnar. Þetta er ekki aðeins lýðræðisleg og siðferðileg nauðsyn, heldur einnig lífsnauðsynleg forsenda þess að takast megi að „rjúfa stjórnarskrárvarið valdaleysi almennings, lögverndað auðlindarán, ofríki og spillingu í stjórnmálum og viðskiptum, fjársvelti almannaþjónustu og almenna þróun samfélagsins þvert gegn vilja landsmanna" svo enn sé vitnað í fréttatilkynningu Stjórnarskrárfélagsins. Nú er að duga.




**MILLJÓNAVELTAN 50.000.000**

50806 G

**MILLJÓN Á MANN 1.000.000**

10799 F 13003 G 18898 E 28433 B 41645 B

**AÐALÚTDRÁTTUR 70.000.000**

**5.000.000** 25.000.000 TROMP: 11511

**500.000 /2.500.000 TROMP**

8638 15976 33937 46144 56499 57537

**200.000** 1.000.000 TROMP

7295 8270 14689 24812 29571 33005 44558 52167 53816 57691

**100.000** 500.000 TROMP

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 800 | 6444 | 15467 | 17157 | 21951 | 27921 | 40725 | 46059 | 52618 | 55658 |
| 1971 | 8587 | 15614 | 18481 | 24033 | 29161 | 40843 | 47630 | 52912 | 57778 |
| 3519 | 8610 | 15685 | 18589 | 24228 | 29289 | 42815 | 47703 | 53802 | 58736 |
| 4218 | 8750 | 16929 | 21015 | 25098 | 36553 | 43522 | 47916 | 53868 | 58822 |
| 6205 | 11895 | 17151 | 21915 | 27414 | 40436 | 44976 | 48517 | 53982 | 59668 |

**50.000** 250.000 TROMP

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 91 | 3413 | 12477 | 16564 | 20406 | 28036 | 35158 | 42397 | 51746 | 54842 |
| 1567 | 7155 | 12874 | 16600 | 20449 | 29156 | 35620 | 43464 | 52358 | 56336 |
| 1862 | 11059 | 12972 | 17868 | 23514 | 30245 | 38991 | 46658 | 52405 | 57233 |
| 2717 | 11322 | 15699 | 18919 | 23650 | 30812 | 40422 | 48888 | 53117 | 57287 |
| 3325 | 12067 | 16395 | 20032 | 23954 | 30823 | 41514 | 50547 | 54099 | 57292 |

**20.000** 100.000 TROMP

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 6806 | 10363 | 13142 | 15631 | 18575 | 21158 | 24469 | 28109 | 31272 | 34048 | 36598 | 39828 | 42895 | 45464 | 48565 | 51484 | 54410 | 57611 |
| | | | 6807 | 10461 | 13146 | 15648 | 18609 | 21259 | 24563 | 28127 | 31295 | 34085 | 36616 | 40008 | 42907 | 45514 | 48620 | 51512 | 54412 | 57629 |
| | | | 6809 | 10503 | 13208 | 15650 | 18610 | 21271 | 24600 | 28128 | 31309 | 34265 | 36712 | 40191 | 42981 | 45543 | 48634 | 51667 | 54458 | 57631 |
| | | | 6817 | 10515 | 13216 | 15675 | 18650 | 21344 | 24611 | 28135 | 31399 | 34418 | 36736 | 40202 | 43118 | 45585 | 48730 | 51683 | 54466 | 57656 |
| | | | 6819 | 10554 | 13290 | 15715 | 18657 | 21493 | 24660 | 28155 | 31475 | 34489 | 36779 | 40308 | 43142 | 45631 | 48791 | 51745 | 54570 | 57682 |
| | | | 6925 | 10570 | 13319 | 15757 | 18733 | 21545 | 24736 | 28164 | 31493 | 34552 | 36821 | 40358 | 43144 | 45644 | 48801 | 51866 | 54661 | 57803 |
| | 2328 | 4623 | 6975 | 10591 | 13360 | 15786 | 18807 | 21549 | 24762 | 28221 | 31570 | 34568 | 36930 | 40359 | 43155 | 45693 | 48804 | 51910 | 54663 | 57898 |
| 9 | 2359 | 4655 | 7010 | 10593 | 13363 | 15913 | 18935 | 21562 | 24817 | 28232 | 31581 | 34613 | 37007 | 40362 | 43188 | 45694 | 48876 | 51936 | 54667 | 57901 |
| 61 | 2455 | 4693 | 7103 | 10661 | 13489 | 15936 | 18972 | 21605 | 24821 | 28254 | 31687 | 34626 | 37036 | 40402 | 43283 | 45758 | 48904 | 51949 | 54779 | 57909 |
| 96 | 2461 | 4716 | 7114 | 10726 | 13493 | 15968 | 18988 | 21672 | 24831 | 28359 | 31697 | 34688 | 37048 | 40499 | 43317 | 45799 | 48936 | 51955 | 54787 | 57915 |
| 121 | 2487 | 4763 | 7152 | 10770 | 13550 | 15992 | 19042 | 21680 | 24858 | 28417 | 31707 | 34742 | 37159 | 40519 | 43333 | 45806 | 49054 | 52011 | 54812 | 57929 |
| 171 | 2507 | 4784 | 7159 | 10784 | 13555 | 16050 | 19054 | 21760 | 24923 | 28560 | 31712 | 34795 | 37206 | 40555 | 43344 | 45807 | 49119 | 52218 | 54873 | 58001 |
| 186 | 2517 | 4788 | 7247 | 10888 | 13582 | 16125 | 19062 | 21996 | 24974 | 28589 | 31715 | 34805 | 37311 | 40607 | 43407 | 46002 | 49127 | 52230 | 54879 | 58033 |
| 203 | 2602 | 4817 | 7283 | 10930 | 13657 | 16170 | 19119 | 22021 | 24982 | 28644 | 31747 | 34820 | 37355 | 40738 | 43420 | 46019 | 49146 | 52251 | 54933 | 58134 |
| 208 | 2612 | 4832 | 7386 | 10931 | 13685 | 16244 | 19126 | 22083 | 25085 | 28709 | 31757 | 34963 | 37443 | 40772 | 43435 | 46035 | 49378 | 52253 | 54989 | 58188 |
| 219 | 2618 | 4959 | 7405 | 11080 | 13846 | 16255 | 19365 | 22207 | 25166 | 28727 | 31819 | 34965 | 37448 | 40828 | 43465 | 46037 | 49417 | 52271 | 55009 | 58231 |
| 327 | 2700 | 5210 | 7485 | 11086 | 13850 | 16296 | 19417 | 22239 | 25175 | 28736 | 32009 | 34995 | 37495 | 40887 | 43521 | 46145 | 49452 | 52316 | 55101 | 58253 |
| 366 | 2850 | 5230 | 7529 | 11127 | 13877 | 16401 | 19470 | 22246 | 25244 | 28743 | 32024 | 35033 | 37536 | 40986 | 43533 | 46241 | 49593 | 52366 | 55212 | 58341 |
| 466 | 3063 | 5242 | 7758 | 11171 | 13952 | 16428 | 19484 | 22386 | 25378 | 28889 | 32041 | 35051 | 37562 | 41115 | 43555 | 46305 | 49737 | 52421 | 55229 | 58401 |
| 496 | 3074 | 5281 | 7820 | 11194 | 14009 | 16430 | 19605 | 22389 | 25397 | 28896 | 32102 | 35074 | 37591 | 41125 | 43585 | 46387 | 49761 | 52423 | 55236 | 58475 |
| 597 | 3084 | 5384 | 7942 | 11229 | 14032 | 16436 | 19632 | 22392 | 25583 | 28982 | 32110 | 35091 | 37621 | 41148 | 43607 | 46399 | 49788 | 52442 | 55323 | 58476 |
| 615 | 3093 | 5392 | 7961 | 11238 | 14041 | 16487 | 19643 | 22439 | 25609 | 28998 | 32358 | 35200 | 37710 | 41177 | 43707 | 46431 | 49941 | 52472 | 55414 | 58591 |
| 639 | 3123 | 5448 | 8011 | 11250 | 14066 | 16493 | 19644 | 22509 | 25619 | 29035 | 32360 | 35223 | 37752 | 41179 | 43709 | 46453 | 49950 | 52518 | 55487 | 58597 |
| 790 | 3187 | 5457 | 8093 | 11329 | 14211 | 16542 | 19693 | 22587 | 25664 | 29048 | 32478 | 35277 | 37782 | 41188 | 43718 | 46526 | 49974 | 52521 | 55634 | 58648 |
| 871 | 3372 | 5471 | 8166 | 11347 | 14309 | 16561 | 19738 | 22605 | 25788 | 29052 | 32512 | 35289 | 37807 | 41208 | 43723 | 46534 | 50025 | 52606 | 55667 | 58682 |
| 890 | 3459 | 5495 | 8249 | 11373 | 14329 | 16575 | 19779 | 22612 | 26016 | 29087 | 32589 | 35324 | 37832 | 41215 | 43814 | 46607 | 50071 | 52651 | 55778 | 58770 |
| 896 | 3462 | 5543 | 8253 | 11388 | 14363 | 16599 | 19852 | 22694 | 26064 | 29126 | 32634 | 35374 | 37850 | 41262 | 43850 | 46636 | 50089 | 52704 | 55795 | 58774 |
| 1018 | 3500 | 5563 | 8280 | 11427 | 14483 | 16628 | 19869 | 22744 | 26088 | 29160 | 32666 | 35429 | 37860 | 41286 | 43858 | 46720 | 50132 | 53027 | 55880 | 58866 |
| 1045 | 3520 | 5567 | 8311 | 11430 | 14487 | 16664 | 19966 | 22833 | 26112 | 29267 | 32698 | 35448 | 37943 | 41361 | 43899 | 46725 | 50141 | 53064 | 55898 | 58891 |
| 1107 | 3547 | 5572 | 8413 | 11431 | 14538 | 16711 | 20103 | 22896 | 26132 | 29330 | 32763 | 35474 | 37953 | 41393 | 43977 | 46761 | 50158 | 53134 | 56144 | 58898 |
| 1137 | 3585 | 5596 | 8511 | 11453 | 14549 | 16793 | 20113 | 22897 | 26179 | 29401 | 32801 | 35514 | 38050 | 41529 | 44002 | 46790 | 50164 | 53212 | 56263 | 58901 |
| 1143 | 3598 | 5634 | 8736 | 11491 | 14561 | 16854 | 20155 | 22943 | 26223 | 29425 | 32810 | 35565 | 38062 | 41541 | 44024 | 46824 | 50193 | 53312 | 56314 | 58911 |
| 1180 | 3628 | 5709 | 8758 | 11609 | 14591 | 16904 | 20192 | 23041 | 26247 | 29645 | 32829 | 35637 | 38167 | 41563 | 44089 | 46890 | 50196 | 53328 | 56371 | 58914 |
| 1235 | 3638 | 5727 | 8823 | 11655 | 14639 | 16975 | 20248 | 23103 | 26307 | 29672 | 32837 | 35646 | 38224 | 41588 | 44098 | 46946 | 50203 | 53386 | 56393 | 59040 |
| 1272 | 3682 | 5786 | 8958 | 11676 | 14646 | 16982 | 20267 | 23167 | 26363 | 29707 | 32855 | 35666 | 38330 | 41603 | 44116 | 47072 | 50223 | 53430 | 56397 | 59068 |
| 1498 | 3740 | 5787 | 9075 | 11711 | 14657 | 16996 | 20299 | 23201 | 26406 | 29768 | 33024 | 35725 | 38402 | 41606 | 44167 | 47091 | 50269 | 53435 | 56405 | 59081 |
| 1547 | 3752 | 5791 | 9080 | 11844 | 14678 | 17023 | 20304 | 23219 | 26463 | 29805 | 33062 | 35744 | 38477 | 41624 | 44178 | 47102 | 50320 | 53477 | 56451 | 59140 |
| 1554 | 3762 | 5793 | 9081 | 11847 | 14891 | 17208 | 20317 | 23220 | 26541 | 29814 | 33063 | 35749 | 38527 | 41637 | 44248 | 47111 | 50383 | 53523 | 56460 | 59209 |
| 1613 | 3766 | 5823 | 9085 | 11905 | 14913 | 17255 | 20375 | 23261 | 26626 | 29926 | 33091 | 35787 | 38552 | 41676 | 44344 | 47115 | 50419 | 53529 | 56479 | 59390 |
| 1625 | 3796 | 5856 | 9086 | 11923 | 14939 | 17367 | 20390 | 23274 | 26793 | 29933 | 33093 | 35844 | 38751 | 41695 | 44356 | 47129 | 50495 | 53543 | 56498 | 59400 |
| 1628 | 3825 | 5877 | 9197 | 12046 | 14975 | 17375 | 20429 | 23298 | 26868 | 30076 | 33102 | 35911 | 38784 | 41715 | 44420 | 47138 | 50538 | 53584 | 56502 | 59435 |
| 1636 | 3886 | 5988 | 9217 | 12061 | 14990 | 17410 | 20482 | 23408 | 26946 | 30098 | 33257 | 35913 | 38792 | 41722 | 44446 | 47145 | 50557 | 53647 | 56527 | 59599 |
| 1642 | 3893 | 6052 | 9218 | 12097 | 14999 | 17509 | 20488 | 23421 | 27001 | 30136 | 33300 | 35924 | 39015 | 41828 | 44665 | 47217 | 50612 | 53690 | 56533 | 59601 |
| 1742 | 3912 | 6077 | 9219 | 12099 | 15051 | 17516 | 20521 | 23473 | 27006 | 30171 | 33316 | 35959 | 39092 | 41875 | 44694 | 47286 | 50620 | 53694 | 56560 | 59747 |
| 1746 | 3962 | 6106 | 9274 | 12105 | 15052 | 17543 | 20532 | 23513 | 27035 | 30176 | 33325 | 36009 | 39100 | 41990 | 44711 | 47302 | 50622 | 53695 | 56574 | 59759 |
| 1781 | 3974 | 6130 | 9298 | 12201 | 15066 | 17559 | 20545 | 23541 | 27071 | 30568 | 33327 | 36035 | 39108 | 42004 | 44863 | 47330 | 50653 | 53751 | 56649 | 59900 |
| 1788 | 4148 | 6179 | 9345 | 12253 | 15095 | 17602 | 20550 | 23661 | 27101 | 30575 | 33384 | 36057 | 39141 | 42161 | 44867 | 47380 | 50655 | 53762 | 56755 | 59947 |
| 1818 | 4211 | 6237 | 9354 | 12277 | 15098 | 17635 | 20572 | 23707 | 27151 | 30593 | 33405 | 36080 | 39143 | 42163 | 44898 | 47403 | 50680 | 53782 | 56850 | 59971 |
| 1822 | 4236 | 6342 | 9651 | 12306 | 15102 | 17891 | 20599 | 23727 | 27247 | 30630 | 33435 | 36098 | 39174 | 42179 | 44933 | 47451 | 50693 | 53793 | 56929 | 59979 |
| 1947 | 4248 | 6375 | 9741 | 12342 | 15206 | 17987 | 20619 | 23745 | 27298 | 30680 | 33449 | 36157 | 39192 | 42290 | 45106 | 47496 | 50695 | 53835 | 57137 | 59984 |
| 1991 | 4314 | 6377 | 9805 | 12377 | 15228 | 18013 | 20679 | 23803 | 27334 | 30695 | 33503 | 36180 | 39327 | 42368 | 45122 | 47584 | 50700 | 53848 | 57150 | |
| 2001 | 4315 | 6384 | 9816 | 12406 | 15259 | 18027 | 20680 | 23869 | 27424 | 30744 | 33514 | 36242 | 39370 | 42394 | 45142 | 47636 | 50833 | 53891 | 57196 | |
| 2026 | 4349 | 6446 | 9955 | 12408 | 15307 | 18070 | 20693 | 23871 | 27472 | 30763 | 33536 | 36325 | 39493 | 42487 | 45162 | 47698 | 50858 | 53923 | 57202 | |
| 2061 | 4451 | 6512 | 10001 | 12434 | 15319 | 18082 | 20727 | 23910 | 27523 | 30806 | 33550 | 36423 | 39597 | 42617 | 45174 | 47850 | 50892 | 54113 | 57264 | |
| 2091 | 4490 | 6569 | 10051 | 12559 | 15355 | 18136 | 20738 | 23982 | 27557 | 30825 | 33564 | 36425 | 39656 | 42661 | 45180 | 47963 | 50903 | 54175 | 57307 | |
| 2119 | 4500 | 6634 | 10086 | 12592 | 15416 | 18182 | 20745 | 24023 | 27597 | 30947 | 33625 | 36430 | 39657 | 42757 | 45221 | 47980 | 51279 | 54227 | 57322 | |
| 2145 | 4512 | 6667 | 10091 | 12710 | 15457 | 18262 | 20917 | 24055 | 27776 | 30984 | 33628 | 36438 | 39661 | 42765 | 45231 | 48066 | 51286 | 54292 | 57385 | |
| 2231 | 4518 | 6675 | 10111 | 12766 | 15468 | 18343 | 20948 | 24140 | 27812 | 31066 | 33707 | 36440 | 39722 | 42831 | 45265 | 48092 | 51315 | 54294 | 57409 | |
| 2234 | 4533 | 6683 | 10195 | 12865 | 15470 | 18363 | 21025 | 24209 | 27831 | 31133 | 33883 | 36469 | 39770 | 42835 | 45375 | 48306 | 51340 | 54312 | 57465 | |
| 2248 | 4549 | 6730 | 10271 | 12929 | 15480 | 18548 | 21099 | 24285 | 27874 | 31150 | 33924 | 36507 | 39772 | 42839 | 45382 | 48372 | 51356 | 54347 | 57478 | |
| 2320 | 4585 | 6746 | 10316 | 13078 | 15563 | 18568 | 21118 | 24400 | 27992 | 31266 | 33943 | 36558 | 39824 | 42869 | 45405 | 48550 | 51375 | 54383 | 57507 | |

**10.000** 50.000 TROMP

ef tveir síðustu tölustafirnir í númerinu eru 49 eða 62

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.












# Álfurinn er fyrir unga fólkið



**Arnþór Jónsson**
formaður SÁÁ

**Ef ekki væri vegna stuðnings almennings þyrfti að draga umtalsvert úr öllu starfi SÁÁ.**

Álfasala SÁÁ fer fram í þessari viku. Álfurinn er fyrir unga fólkið. Frá árinu 2000 hefur SÁÁ rekið unglingadeild á sjúkrahúsinu Vogi en frá því Vogur tók til starfa hafa yfir 8.000 einstaklingar yngri en 25 ára lagst þar inn.

### Sálfræðiþjónusta fyrir börn

SÁÁ veitir einnig sálfræðiþjónustu fyrir börn alkóhólista. Yfir 1.100 börn hafa nýtt þá þjónustu sem er kostuð með tekjum af álfinum og öðrum styrkjum. Tekjur af álfasölu standa líka undir þjónustu SÁÁ við aðra aðstandendur en allir aðstandendur fólks í áfengis- og vímuefnavanda geta fengið viðtöl, ráðgjöf og setið á fyrirlestrum og námskeiðum í fjölskyldumeðferð hjá SÁÁ.

Álfasala SÁÁ er eitt umfangsmesta fjáröflunarverkefni á vegum almannasamtaka hér á landi á hverju ári. Frá 1990 hefur álfurinn skilað yfir 600 milljónum króna sem hafa runnið inn í heilbrigðisþjónustu SÁÁ við áfengis- og vímuefnasjúklinga og þjónustu við aðstandendur þeirra og börn. Þótt stjórnvöld hafi stutt vel við starf samtakanna í gegnum árin hefur beinn stuðningur almennings gert gæfumuninn.

Mörg hundruð manns um land allt vinna við álfasöluna næstu daga. Þar á meðal eru fjölmargir hópar á vegum íþróttafélaga, skóla og ýmissa samtaka, sem nýta sölulaunin til að greiða fyrir ferðalög eða önnur verkefni á eigin vegum og í eigin heimabyggð.

### Takk fyrir stuðninginn

Ef ekki væri vegna stuðnings almennings þyrfti að draga umtalsvert úr öllu starfi SÁÁ. Við sem störfum fyrir SÁÁ erum þakklát og finnum til auðmýktar vegna alls þess velvilja sem SÁÁ hefur notið og biðjum íslensku þjóðina nú um að standa enn sem fyrr þétt við bak samtakanna. Takk fyrir stuðninginn, nú sem fyrr. Styðjum SÁÁ – Kaupum álfinn!

# Staurblindur meirihluti á ástand húsnæðismála



**Halldór Halldórsson**
oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn



Í borgarráði 27. apríl sl. var loksins tekin fyrir tillaga okkar borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram í borgarstjórn 7. febrúar sl. um að fjölga lóðum í Úlfarsárdal verulega umfram þær lóðir sem nú verða lagðar til við endurskoðun deiliskipulags. Upphaflegar tillögur um Grafarholt og Úlfarsárdal gerðu ráð fyrir allt að 28.000 íbúa byggð en miðað við stefnu meirihluta Samfylkingar, Vinstri grænna, Pírata og Bjartrar framtíðar verður byggðin ekki nema fyrir 9.000 íbúa.

### Meirihlutinn felldi tillögu um fjölgun lóða

Á fundinum í borgarstjórn hinn 7. febrúar samþykkti meirihlutinn að vísa tillögunni til borgarráðs. Á þeim tímapunkti kviknaði von um að meirihlutinn væri búinn að átta sig á því að núverandi ástand í húsnæðismálum gengi ekki lengur og því væri skynsamlegt að samþykkja tillögu um verulega fjölgun lóða. En því var ekki að heilsa. Því þessi sami meirihluti sem hafði látið tillöguna velkjast í borgarkerfinu í tæpa þrjá mánuði felldi tillöguna með þeirri röksemdafærslu að tillagan myndi ekki gera neitt til að leysa húsnæðisvandann á höfuðborgarsvæðinu. Það yrði best gert með því að vinna rösklega að þeim áætlunum sem fyrir liggja.

Það er kaldhæðnislegt að það eru einmitt þessar endalausu áætlanir sem meirihlutinn vísar til og borgarstjóri veifar statt og stöðugt sem fólk í húsnæðisþörf hefur ekki getað flutt inn í. Áætlanir á glærum borgarstjóra eru skjóllitlar og hriplekar.

**Það er auðséð að meirihluti borgarstjórnar með Dag B. Eggertsson borgarstjóra í fararbroddi skilur ekki vandamálið. Það vantar 5.000 íbúðir í dag og svo 1.400 íbúðir árlega næsta áratuginn.**

### Það vantar 5.000 íbúðir núna

Það er auðséð að meirihluti borgarstjórnar með Dag B. Eggertsson borgarstjóra í fararbroddi skilur ekki vandamálið. Það vantar 5.000 íbúðir í dag og svo 1.400 íbúðir árlega næsta áratuginn. Lóðaskortsstefna meirihlutans hefur þau áhrif á húsnæðismarkað að hér hefur verið sett Evrópumet í hækkun húsnæðisverðs síðan 2010 og sífellt fleiri fréttir berast af því að fólk sé að flýja blinda þéttingarstefnu meirihlutans til nágrannabyggðarlaga.

Þrátt fyrir þessa stöðu heldur meirihlutinn sig við óbreytta stefnu um að úthluta ekki nýjum lóðum heldur styðjast nánast eingöngu við lóðir á þéttingarsvæðum þar sem ljóst er að íbúðir eru miklum mun dýrari en ef borgin úthlutaði sjálf fleiri lóðum. Skortur í húsnæðismálum og óeðlilega mikil þensla á húsnæðismarkaði markast af skorti sem er heimatilbúinn og í boði meirihluta Samfylkingar, Pírata, Vinstri grænna og Bjartrar framtíðar í Borgarstjórn Reykjavíkur.

Eina ljósið í myrkrinu er að það eru borgarstjórnarkosningar á næsta ári. Þá geta borgarbúar rofið nánast sleitulausa valdasetu vinstri flokkanna í borgarstjórn síðan árið 1994.

# Stutt svar til Guðmundar Andra



**Stefán Karlsson**
stjórnmálafræðingur og guðfræðingur

Guðmundur Andri Thorsson svarar grein minni um pólitískan rétttrúnað og hatursorðræðu. Þó að Guðmundur geri sér far um að setja fram mál sitt með hófstilltum og málefnalegum hætti finnst mér gæta svolítils misskilning í túlkun hans á grein minni.

Greinarhöfundur segir t.d. á einum stað: „Stefán skrifar svolítið eins og það séu mikilsverð réttindi að fá að stunda „hatursorðræðu“ og að það sé „þöggun“ þegar amast er við henni.“

Þessi fullyrðing er röng og beinir umræðunni frá kjarna málsins. Ég er ekki að réttlæta ómálefnalegt skítkast. Það sem ég er að segja er að þeir sem aðhyllast pólitískan rétttrúnað vilja skilgreina allt sem hatursorðræðu sem ekki samræmist þeirra skoðunum í þeim tilgangi að þagga niður í umræðunni.

Ef til vill hefur þessi setning í grein minni farið framhjá Guðmundi þar sem segir: „Einstaklingurinn hefur rétt og kröfu til að gagnrýna allt með því að leggja það í dóm skynseminnar og vísindalegrar nálgunar.“ Ég get ekki lesið út úr þessari setningu að þarna sé verið að hvetja til hatursorðræðu.

Pólitískur rétttrúnaður hefur ekkert með háttvísi og mannasiði að gera eins og Guðmundur Andri virðist halda fram. Mér hefur stundum fundist að þeir einu sem stunda hatursorðræðu séu talsmenn pólitísks rétttrúnaðar með því að kalla alla þá rasista eða eitthvað sýnu verra, sem setja fram skoðanir sem eru ekki að þeirra skapi. Það eru slíkir orðaleppar sem leysa fúlan vind og hafa þann tilgang að þagga niður í fólki.

# Tilboðsdagar

## DAGANA 10. - 20. MAÍ

**20% AFSLÁTTUR** af öllum gjafavörum

**30–70% AFSLÁTTUR** af völdum gjafavörum

**30–70% AFSLÁTTUR** af völdum sýningarhúsgögnum

Kynntu þér sérpöntunarafsláttinn af glæsilegum húsgögnum frá heimsþekktum framleiðendum.

Minotti · ROLF BENZ · arper
COR · Poliform · SANCAL
KFF · GERVASONI 1882 · freistil ROLF BENZ

* Þeir sem versla á modern.is geta fengið vörurnar sendar heim gegn vægu gjaldi. Einnig er hægt að sækja vörurnar í verslun Módern, Faxafeni 10.



Allt að 70% afsláttur af sýningarhúsgögnum



15% afsláttur af öllum Secto ljósum



Lax borð frá More 20% afsláttur af pöntunum



ABC hillur 20% af pöntunum



Tip Toe frá Sancal 20% afsláttur af pöntunum
Verð nú frá 299.920 kr.



Mad stóll frá Poliform 20% afsláttur af pöntunum



Catifa 46 frá Arper
Verð 39.900 kr.
Fullt verð 50.900 kr.



Eclipse sófaborð 20% afsláttur



M-sófi 15% kynningarafsláttur af nýjum áklæðum



15% afsláttur af öllum ljósum frá DCW / Lampe Gras



O sófaborð frá Ox 20% afsláttur



Costura stóll frá Stua 20% afsláttur
Verð nú frá 155.920 kr.



Andersen Quilt frá Minotti 20% afsláttur af pöntunum



15% afsláttur af öllum Circum speglum

# MÓDERN

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10–18 ▪ LAUGARDAGA KL. 11–16 ▪ FAXAFENI 10 ▪ 108 REYKJAVÍK ▪ 534 7777 ▪ modern.is

# KRÓNAN

Krónan mælir með!



**229** kr. kg

Rauðar vatnsmelónur, Kosta Ríka



Borðaðu mig - bestar núna!

**299** kr. kg

Melónur, kantalópa, Hondúras



-20%

**199** kr. kg

Gular melónur, Kosta Ríka

**Verð áður ~~260~~ kr. kg**

Tilboðin gilda til 14. maí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
Gott á borgarann
BEIKONSULTAN
shake&pizza
FABRIKKU SÓSAN
399 kr. stk.
Fabrikku sósa 300 ml
689 kr. stk.
Shake & Pizza beikonsulta
100% hamborgara-búðin þín!
90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.
Steikarborgari 120g
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.
alltaf 2 stk. í pakka
FABRIKKU SMÁBORGARAR
12 stk. í pakka
ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
GERÐU ÞINN EIGIN FABRIKKUBORGARA
Hamborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar
1299 kr. pk.
2 stk. í pakka, 100% ungnautahamborgarar
Smáborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar
1999 kr. pk.
12 stk. í pakka, 100% hágæða smáborgarar
Tilboðin gilda til 14. maí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN




**-40%**

**1368** kr. kg

Lúxus grísakótilettur, úrval marineringa, Spánn

**Verð áður ~~2280~~ kr. kg**



**-30%**

**4199** kr. kg

Ungnauta Rib Eye, Nýja-Sjáland

**Verð áður ~~5999~~ kr. kg**



**-20%**

**959** kr. kg

Lamba mjaðmasteik

**Verð áður ~~1199~~ kr. kg**

Tilboðin gilda til 14. maí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**Ódýrt**




**389** kr. pk.

Gestus rúnstykki, 6 stk./540 g




LÍFRÆNT VOTTAÐ

**199** kr. stk.

Oatly lífræn haframjólk, 1 lítri




**149** kr. stk.

Eplasafi, 1,5 lítrar




**299** kr. pk.

Gestus rauð smoothie blanda, 450 g




**199** kr. stk.

Gestus amerískar pönnukökur, 200 g

Tilboðin gilda til 14. maí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Valsmenn á fljúgandi siglinu



**1-0** Valur er kominn í 1-0 í lokaúrslitum Olís-deildar karla í handbolta eftir 28-24 sigur á FH á útivelli í fyrstu viðureign liðanna í Kaplakrika í gærkvöldi. Anton Rúnarsson sem skoraði tvö mörk í leiknum er hér með boltann í sókn fyrir Valsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# KA keypti ekki draumsýnina

**Samstarf KA og Þórs í handbolta karla heyrir sögunni til. Bæði lið hefja leik í 1. deildinni næsta vetur. KA-menn vildu slíta samstarfinu en ekki Þórsarar.**

**HANDBOLTI** Þær fréttir bárust í gær frá höfuðstað Norðurlands að búið væri að slíta samstarfi KA og Þórs í handbolta karla. KA og Þór hafa spilað undir merkjum Akureyrar handboltafélags frá árinu 2006. Akureyri féll úr Olís-deildinni í vor og eftir nokkuð langa óvissu er ljóst að ekki verður framhald á samvinnu félaganna.

Þór vildi halda samstarfinu áfram en sá vilji var ekki jafn sterkur hjá KA. Á endanum urðu svo þeir sem vildu slíta samstarfinu ofan á.

„Það eru vissulega skiptar skoðanir um þetta innan KA. En menn sjá framtíðina í KA,“ sagði Sævar Pétursson, framkvæmdastjóri KA, í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Þegar viðræðurnar hófust var það í raun draumsýn þeirra sem stýrðu Akureyri handboltafélagi að þeir myndu taka yfir allan handboltann hjá KA og Þór. Í umræðunni kom það mjög skýrt í ljós að það var enginn vilji innan KA til þess,“ sagði Sævar enn fremur og bætti því við að eftir því sem leið á viðræðurnar hafi félögin verið komin nær hvort öðru en þau voru í byrjun. Það hafi þó á endanum verið niðurstaðan að slíta samstarfinu.

KA og Þór hafa teflt fram sameiginlegu liði í kvennaflokki undanfarin ár og möguleiki er á að því samstarfi verði haldið áfram.

„Menn vilja leyfa rykinu að setjast og ræða þetta svo. Kvennamegin hefur samstarfið verið alveg frá meistaraflokki og niður í yngstu flokkana,“ sagði Sævar.

Bæði KA og Þór munu hefja leik í 1. deild karla næsta vetur. Sævar segir að menn séu meðvitaðir um að það gæti tekið tíma að koma KA aftur upp í deild þeirra bestu.

„Í versta falli byggja menn þetta hægt og rólega upp. Það er ekkert endilega keppikeflið að vinna 1. deildina á næsta ári. Þeir sem urðu ofan á eru félagsmenn sem vilja sjá KA byggja upp frá yngstu flokkum og upp úr. Sagan í handboltanum er mjög mikil KA-megin,“ sagði Sævar en í gær voru 15 ár liðin síðan KA varð síðast Íslandsmeistari.

En hvernig standa málin með samninga þeirra leikmanna sem léku með Akureyri í vetur?

„Ég get bara svarað fyrir hönd KA. Þeir eru með samninga við Akureyri sem er forsendubrestur á. Það sama á í raun við um leikmenn, styrktaraðila og alla. Menn byrja bara á núllpunkti. Stjórnir félaganna þurfa bara að setjast niður með leikmönnum og styrktaraðilum. Það er mikil vinna framundan,“ sagði Sævar og játti því að samningar leikmanna Akureyrar væru í raun í lausu lofti.

En eru KA-menn bjartsýnir á að halda sínum mönnum og fá þá til að spila með liðinu í 1. deildinni næsta vetur?

„Það er bara ekki hægt að segja til um það. Þessar viðræður eru ekki hafnar, það var bara verið að klára þetta í morgun [í gær]. Auðvitað hefur það verið vilji langflestra leikmanna að halda sameiginlegu liði og fá að leiðrétta þau mistök sem þeir telja sig hafa gert síðasta vetur þegar Akureyri féll. Og það eðlilega, það er gott að mönnum sé ekki sama. En næstu daga þarf stjórnin að funda með leikmönnum og selja þeim þá sýn sem þeir hafa á handboltann innan KA,“ sagði Sævar að lokum. **ingvithor@365.is**




## Nýjast

**Meistaradeild**
*Undanúrslit, seinni leikur*

**Atl. Madrid - R. Madrid 2-1**
1-0 Saúl Niguez (12.), 2-0 Antonine Griezmann (16., víti), 2-1 Isco (42.).
***Real Madrid vann 4-2 samanlagt og er komið í úrslitaleikinn þar sem það mætir Juventus.***

**Olís-deild karla**
*Lokaúrslit, 1. leikur*

**FH - Valur 24-28**
**FH:** Gísli Þorgeir Kristjánsson 7, Einar Rafn Eiðsson 4/1, Ásbjörn Friðriksson 4/3, Óðinn Þór Ríkharðsson 3, Jóhann Karl Reynisson 3, Ágúst Birgison 2, Arnar Freyr Ársælsson 1.
**Valur:** Vignir Stefánsson 7/2, Josip Juric Grgic 6, Alexander Örn Júlíusson 4, Ólafur Ægir Ólafsson 3, Ýmir Örn Gíslason 2, Anton Rúnarsson 2, Atli Karl Bachman 1, Sveinn Rivera 1, Sveinn Aron Sveinsson 1, Atli Már Báruson 1.

**Staðan er 1-0 fyrir Val.**

**Olís-deild kvenna**
*Lokaúrslit, 2. leikur*

**Fram - Stjarnan 25-22**
**Fram:** Ragnheiður Júlíusdóttir 8/4, Hildur Þorgeirsdóttir 7, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5, Rebekka Rut Skúladóttir 3, Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 2.
**Stjarnan:** Helena Rut Örvarsdóttir 7, Hanna G. Stefánsdóttir 5/3, Rakel Dögg Bragadóttir 5, Sólveig Lára Kjærnested 2 - Brynhildur B. Kjartansdóttir 2 - Elena Birgisdóttir 1.

**Staðan er 2-0 fyrir Fram sem getur tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í næsta leik á heimavelli Stjörnunnar..**

### ÓLSARAR OG FYLKIR BÆTTU VIÐ SIG LEIKMÖNNUM

Víkingur í Ólafsvík sem er án stiga eftir tvær umferðir í Pepsi-deild karla í fótbolta styrkti liðið í gær þegar það fékk loks leikheimild fyrir tvo Afríkumenn sem komu til landsins fyrir nokkru. Það eru þeir Eric Kwakwa frá Gana og Kwame Quee frá Síerra Leóne. Quee er fæddur árið 1996 og spilar sem sóknarsinnaður miðjumaður en hann á tólf A-landsleiki að baki fyrir Síerra Leóne. Kwakwa er fæddur árið 1994 og spilar sem varnarsinnaður miðjumaður en hann kemur til Ólsara á láni frá Mediama SC í Gana. Þá bættu Fylkismenn í Inkasso-deildinni við sig Arnari Má Björgvinssyni sem gat ekki æft eins mikið og Garðbæingar vilja vegna vinnu. Fylkir vann fyrsta leikinn í Inkasso-deildinni á móti Þór, 3-1.

### FÍNN RIÐILL HJÁ U21

Íslenska U21 árs liðið í handbolta fékk á pappírnum nokkuð þægilegan riðil þegar dregið var til riðlakeppni HM sem fram fer í Alsír síðar í ár. Íslendingar lentu með heimamönnum í Alsír, Króatíu, Sádí-Arabíu, Argentínu og Marokkó í riðli. Fjögur efstu liðin komast áfram í 16-liða úrslit. B-riðillinn virkar gríðarlega sterkur en þar eru Frakkland, Danmörk, Barein, Egyptaland, Slóvenía og Svíþjóð. Frændur okkar í Færeyjum eru meðal þátttökuliða og lentu í A-riðli með Þýskalandi, Noregi, Ungverjalandi, Suður-Kóreu og Síle.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.00 | The Players | Golfstöðin |
| 19.00 | Man. Utd. - Celta | Sport 2 |
| 19.00 | Lyon - Ajax | Sport |
| 21.10 | Búrið | Sport |
| 21.00 | Pepsi-mörk kvenna | Sport 2 |
| 00.00 | Houston - SA Spurs | Sport |

Fólk
Tíska
FIMMTUDAGUR 11. MAÍ 2017



# Strákarnir áttu keppnina

Helgi Ómarsson, fyrirsæta og ljósmyndari, er Eurovision-nörd og fylgdist að sjálfsögðu með keppninni í fyrrakvöld. Hann er tapsár og finnst súrt að Svala hafi dottið úr keppni. →2



Guðný Ásberg spáir mikið í tísku og finnst gaman að sjá hvernig fólk túlkar hana á skemmtilega mismunandi hátt.

tíska →4



Sumarið er komið
*Fallegt, fágað og töff*
comma,
SMÁRALIND


Elín Albertsdóttir
elin@365.is


Helgi hefur getið sér gott orð sem fyrirsæta hjá Eskimo models í Danmörku, þar sem hann býr, og einnig hér á landi. Auk þess starfar hann sem ljósmyndari. Helgi hefur vakið mikla athygli í þáttunum Falleg íslensk heimili sem Stöð 2 sýnir um þessar mundir. Þar fer hann sem álitsgjafi inn á íslensk heimili ásamt þeim Guðlaugu Jónsdóttur arkitekt og Þóru Margréti Baldvinsdóttur, stílista og forsætisráðherrafrú. „Mér datt aldrei í hug að ég fengi svona rosalega mikil viðbrögð við þáttunum. Ég var meira að segja stoppaður úti á götu til að ræða þættina þegar ég kom til Íslands um daginn. Um 80% eru það góð viðbrögð en svo eru alltaf einhverjir sem skammast,“ segir Helgi og bætir við að þetta hafi verið stórskemmtilegt verkefni með frábæru fólki.


Helgi er stórglæsileg fyrirsæta.


Með Guðlaugu og Þóru Margréti í þáttunum Falleg íslensk heimili.


Með Svölu Björgvins. Helgi er mjög sár yfir að hún hafi ekki farið áfram.

### Upphitun byrjar í febrúar

Helgi er ekki óvanur því að gefa álit á hinu og þessu. Þegar hann er spurður út í Eurovision-undanúrslit á þriðjudagskvöldið svarar hann dapur í bragði: „Ég er rosalega tapsár og ekki sáttur við að Svala datt út. Ég er búinn að fylgjast mjög mikið með öllum fréttum um keppnina undanfarnar vikur, sömuleiðis hef ég hlustað á öll lögin og var búinn að mynda mér skoðanir á öllu varðandi keppnina. Ég er algjört jólabarn og byrja að hlusta á jólatónlist í lok október. Svo byrjar Eurovision-upphitun í febrúar. Ég hef ákveðið að fylgjast ekki svona mikið með á næsta ári, frekar láta keppnina sjálfa koma mér á óvart. Ég var með alltof miklar fyrirfram mótaðar hugmyndir auk þess sem ég litaðist af veðbönkum og fréttum. Venjulega læt ég ekki utanaðkomandi hafa áhrif á mitt val en það er öðruvísi í Eurovision.

### Með gæsahúð niður í boru

Nú er búið að ákveða að Ítalía vinni keppnina – þá er það bara þannig. Ég var samt ekki í nokkrum vafa um að Svala færi áfram. Hún er 100% fagmaður. Mér finnst eins og við Íslendingar höfum ekki nægilegan stuðning hjá öðrum þjóðum í þessari keppni. Við eigum enga vini. Ég tek það mjög inn á mig, er sár og reiður,“ segir Helgi. „Ég var með gæsahúð niður í boru,“ bætir hann við hreinskilnislega. „Búningur Svölu var flottur, sviðsframkoman frábær og sviðið speglaðist af hvítum norðurljósum. Svala var líka einlæg og kærleiksrík í allri sinni framgöngu fyrir keppnina.“

Þegar Helgi er spurður um búning Svölu í samanburði við önnur kvendress í keppninni, svarar hann: „Kjólarnir komu ekkert á óvart. Voru ófrumlegir. Það var eins og þessari belgísku söngkonu liði beinlínis illa í þessum svarta blúndukjól. Pólska söngkonan var í flegnum, hvítum glamúrkjól en söng mjög dramatískt lag, það passaði eiginlega ekki saman. Grikkland var hins vegar mjög flott. Söngkonan var glæsilega klædd og hafði yfir sér um leið grískt yfirbragð. Armenía var einnig töff.“

### Vandræðalegir kynnar

„Strákarnir áttu þessa keppni, að mínu mati. Ég er mikill aðdáandi Isaiah frá Ástralíu. Hann var mjög flottur sömuleiðis, strákurinn frá Kýpur. Portúgalinn fannst mér töff en framkoman skrítin. Ég var ekkert sérstaklega hrifinn af laginu. Í heildina litið fannst mér standardinn á keppninni ekki það besta sem ég hef séð. Bæði Svíþjóð og Austurríki hafa gert þetta miklu betur. Kynnarnir voru glataðir, frekar mikið vandræðalegir og það vantaði konu í þeirra hóp,“ segir Helgi og er að velta því fyrir sér í fyrsta skipti hvort hann eigi að horfa á keppnina á laugardaginn. „Kannski ég fylgi Dönum og horfi,“ bætir hann svo við eftir stutta umhugsun.

### Fann kærasta í Köben

Það eru fimm ár síðan Helgi flutti til kaupmannahafnar þar sem hann ætlaði að dvelja sumarlangt. „Ég kynntist manninum mínum, Kasper Kramer, hérna og þá varð ekki aftur snúið. Hann starfar í markaðsmálum hjá Magasin Du Nord. Mig langar svolítið að flytja heim, þarf að minnsta kosti að vera þar með annan fótinn. Ég er í hugmyndavinnu varðandi sjónvarpsþætti með Skot, framleiðslufyrirtæki. Það er áhugavert verkefni en er enn á teikniborðinu. „Mér fannst sérstaklega skemmtilegt að vinna við þættina Falleg íslensk heimili og langar að gera meira fyrir sjónvarp. Þessi þættir fóru fram úr öllum væntingum og fá mjög gott áhorf. Þegar ég samþykkti að vera með í þessum þáttum ákvað ég að vera Paula Abdul, þessi jákvæða týpa. Ég vona að það verði gert framhald. Íslendingar eru alltaf forvitnir að sjá hvernig aðrir búa.“

Helgi segir að Danir séu á margan hátt ólíkir Íslendingum. „Þeir eru miklir lífskúnstnerar. Danir kunna að njóta. Þeir eru hins vegar miklir tuðarar. Íslendingar eru miklu frjálslegri í samskiptum og láta málin ekki skipta sig svona miklu máli eins og Danir gera. Mér finnst gott að koma til Íslands og hlaða batteríin. Eftir nokkra mánuði hér er ég orðinn algjörlega bensínlaus og andinn kominn í óreglu. Í júní ætla ég að fara heim og halda upp á 26 ára afmælið mitt. Ég ætla að bjóða fullt af fólki sem ég þekki og baða mig í kærleiknum. Þetta verður eins konar ættarmót og alls konar gleði,“ segir Helgi.


Leiðsöguskólinn

Draumastarfið í draumalandinu
Kannt þú erlend tungumál?

Ef þér finnst gaman að ferðast um Ísland og umgangast erlenda ferðamenn þá gæti leiðsögunám verið fyrir þig.

Leiðsögunám er fjölbreytt og skemmtilegt og getur opnað dyr að áhugaverðu og krefjandi starfi í vaxandi atvinnugrein.

INNRITUN STENDUR YFIR TIL 23. MAÍ. Sjá mk.is

Leiðsöguskólinn í Kópavogi
Sími: 594 4025



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN


ÞÚ FÆRÐ "SUMARDRESSIÐ" HJÁ Curvy.is
Curvy býður upp á fjölbreyttan fatnað í stærðum 14-28 eða 42-58
Stærðir 14-26 6.990 kr
Stærðir 14-28 7.990 kr
Stærðir 14-28 5.990 kr
Stærðir 14-22 6.990 kr
Stærðir 12-20 2.990 kr
Stærðir 16-26 7.990 kr
Stærðir 14-26 8.990 kr
Stærðir 14-26 8.490 kr
Stærðir 16-24 7.990 kr
Stærðir 14-20 7.590 kr
Stærðir 14-28 8.990 kr
Stærðir 14-22 7.590 kr
VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS
Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16
SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!
Við erum á Snap chat – Curvy.is
Curvy.is - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

LEIÐSÖGUNÁM
VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.


Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands
**Opið 8-22**

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook



Í svörtum bol úr Zöru með derhúfu frá Urban Outfitters. MYND/ANTON BRINK

# Fær innblástur á Instagram

## Guðný Ásberg spáir mikið í tísku og finnst gaman að sjá hvernig fólk túlkar hana á skemmtilega mismunandi hátt.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Guðný er tvítug Hafnarfjarðarmær sem elskar að ferðast og njóta lífsins með vinum og fjölskyldu. Hún er útskrifuð sem förðunarfræðingur úr Reykjavík Make Up School og segist hafa mikinn áhuga á öllu sem viðkemur tísku og förðun.

**Spáir þú mikið í tísku?** Já, ég spái mikið í tísku og hef alla tíð gert. Ég elska að sjá hvernig fólk túlkar hana á mismunandi hátt og gerir okkur þannig skemmtilega ólík.

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Hann er mjög blandaður. Allt frá því að vera töffaralegur í að vera fínn. Það mætti segja að stíllinn fari eftir skapi og árstíðum en fyrst og fremst vel ég það sem er þægilegt.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Ég kaupi mest í útlöndum. Mismunandi hvar og hvað, þá helst það sem mér finnst flott hverju sinni. Hér heima eru uppáhaldsverslanirnar mínar Smash, Húrra Reykjavík og Zara.



Í hvítum buxum frá Zöru, skyrtu úr H&M og með feld úr Mýrinni.

**Eyðir þú miklu í föt?** Já, og ég hef alltaf gert það. En ég er mjög dugleg að hreinsa úr fataskápnum flíkur sem ég er hætt að nota og gefa þær.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Pels frá ömmu minni sem er úr rauðref sem keyptur var af afa í Kaupmannahöfn árið 1984. Pelsinn fékk ég að gjöf frá ömmu fyrir nokkrum árum.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Akkúrat á þessu augnabliki eru það buxur og sólgleraugu en það hafa annars alltaf verið skór, ég á of mikið af þeim.

**Notar þú fylgihluti?** Já, þá allra helst derhúfur, sólgleraugu og eyrnalokka. Mér finnst mjög skemmtilegt að „poppa“ upp dressið með flottum fylgihlutum.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Nei, en ég flakka mikið á milli „Instagrama“ hjá hinum ýmsu Instagram-stjörnum til að fá innblástur.

**Hvað er fram undan hjá þér?** Að ferðast og njóta sumarsins.


hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Lítur jákvæðum augum á alla óvissu á næstunni

## Afi og alnafni Bergs Guðnasonar var þema verka hans á útskriftarsýningu útskriftarnema í fatahönnun sem fór fram í síðustu viku. Rauði liturinn var ríkjandi enda uppáhaldslitur afans sem var mikill Valsari.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Árleg tískusýning útskriftarnema í fatahönnun við Listaháskóla Íslands (LHÍ) fór fram í Hörpu í síðustu viku. Þar sýndu tíu nemendur verk sín við góðar undirtektir gesta en sýningin var hluti af viðamikilli dagskrá útskriftarhátíðar skólans.

Einn þeirra nemenda sem sýndu verk sín var Bergur Guðnason sem segir undirbúning sýningarinnar hafa verið mjög langt og krefjandi ferli. „Við byrjuðum rannsóknarvinnuna í lok nóvember á síðasta ári þar sem allir reyndu að finna einhvers konar þema fyrir línuna sína. Þessir 5-6 mánuðir voru líklega skemmtilegustu mánuðir lífs míns en jafnframt þeir erfiðustu. Útskriftarsýningin sjálf var afar vel sótt, ein sú mest sótta í sögu skólans, og við nemendur fengum alveg gríðarlega góð viðbrögð. Eini gallinn við að halda svona sýningu er að maður getur aldrei séð hana með berum augum því ég var alltaf baksviðs.“

### Afi töffari

Þema verka Bergs byggðist á afa hans og alnafna sem lést fyrir níu árum. „Við vorum nánir vinir og hann var ein af fyrirmyndum mínum. Afi Bergur var mikill töffari sem keyrði um götur bæjarins á gylltum Jaguar með gullúr og stóran demantshring eins og maður myndi sjá í nútíma rappmyndbandi.“

Afi hans var afreksmaður í íþróttum og í rannsóknarvinnu fyrir hönnun línunnar skoðaði Bergur margar myndir af honum til þess að veita sér innblástur. „Þetta tók mikið á tilfinningarnar í byrjun ferlisins því söknuðurinn er ennþá svo mikill. Hann var einnig lögfræðingur og á nokkrum stöðum í línunni notaðist ég við seinustu undirskriftina sem hann ritaði áður en hann lést. Rauður var ríkjandi hjá mér og er ástæðan sú að rauður var uppáhaldsliturinn hans enda var afi mikill Valsari. Meginmarkmið mitt var að reyna koma persónuleikanum og sjálfsörygginu hans afa í flíkurnar.“

Bergur segist hafa verið heppinn að hafa fengið styrk frá Eggerti feldskera. „Eggert og fólkið hans, Harper og Anna Gulla, eru alveg ótrúlega hæfileikarík og það var mjög gaman að vinna með þeim.



Ein þeirra flíka sem Bergur sýndi í síðustu viku. MYND/ANTON BRINK



„Afi Bergur var mikill töffari sem keyrði um götur bæjarins á gylltum Jaguar með gullúr og stóran demantshring eins og maður myndi sjá í nútíma rappmyndbandi,“ segir Bergur Guðnason, útskriftarnemi í fatahönnun frá LHÍ. MYND/EYÞÓR



Ein af uppáhaldsflíkum Bergs úr eigin línu. Mokkaskinnið fékk hann frá Eggerti feldskera en hann segist aldrei hafa getað keypt eða fundið þennan rauða lit sjálfur.



Jakki úr þykku hestaleðri en rauða feldinn fékk hann hjá Eggerti feldskera. „B“-ið á rennilásnum laserskar Bergur úr stáli en bókstafinn B tók hann úr undirskrift afa síns.

Annars vann ég mikið með klæðskera sem heitir Eva Lind en við náðum vel saman. Hún vinnur hratt en á sama tíma er hún nákvæm. Þessir tveir hlutir gera góða blöndu í ferli eins og þessu þegar maður er stöðugt að berjast við tímann.“

### Jákvæð óvissa

Eftir útskrift er framhaldið óvissa en Bergur lítur jákvæðum augum á alla óvissu. „Planið er að fara út til Parísar eða London eftir jól. Fyrst þarf ég þó að safna öllum verkum mínum eftir námið og búa til portfolio. Svo er aldrei að vita nema maður stökkvi út ef það koma upp einhver spennandi tækifæri. Þessi bransi er erfiður og það eru hundruð útskriftarnema í fatahönnun um allan heim að sækja um hjá fyrirtækjum á sama tíma og ég. Annars snýst bransinn mikið um sambönd. Ég kynntist nokkrum aðilum í París þegar ég var þar í starfsnámi sem eru vel tengdir inn í bransann og mun klárlega nýta mér það.“

Bergur og bekkurinn hans opna sýningu á útskriftarverkum sínum í Listasafn Reykjavíkur næsta laugardag, 13. maí, og stendur hún yfir til 21. maí.

LYFJA
– Lifið heil
Náttúruleg fegurð!
20% afsláttur af Benecos, lífrænu og umhverfisvænu snyrtivörunum. Gildir til 15. maí
benecos
náttúruleg fegurð
20%
afsláttur
Benecos
Ekki prófaðar á dýrum!


Netverslun – lyfja.is

Kynningar: Blue Lagoon Challenge | Fjallakofinn | Nutcase

# Út að hjóla

11. MAÍ 2017




Ingvar á fullri ferð í keppni sem haldin var í Holte í Danmörku. MYND/JESPER HALVORSEN

## Nýtur lífsins á hjólinu

Fremsti hjólreiðamaður landsins leit aldrei á sig sem íþróttamann fyrr en hann fann sig í hjólreiðum. Undanfarin ár hafa verið viðburðarík og fram undan eru Smáþjóðaleikarnir. →2



Framhald af forsíðu ➜



Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

Fyrsti og eini atvinnumaður Íslendinga í hjólreiðum, Ingvar Ómarsson, hóf að stunda hjólreiðar frekar seint og leit raunar aldrei á sig sem íþróttamann þar til hann fann sig í hjólreiðum. „Ég var aldrei mikið fyrir íþróttir og að örstuttu stoppi í golfi undanskildu hafði ég aldrei æft neina íþrótt. Ég lít ennþá á hjólið sem leið til að skemmta mér, til að njóta lífsins, sem er sjónarhorn sem hefur gagnast mér mikið eftir að ég ákvað að gera áhugamálið mitt að atvinnu.“

Áhugi Ingvars á hjólreiðum hófst fyrir alvöru 2011, fyrst með hefðbundnum fjallahjólum og stuttu síðar götuhjólum. „Það var þá sem ég byrjaði að æfa af einhverju viti en fram að því hafði mér aldrei dottið í hug að fara út að hjóla í 2-3 tíma á föstudagskvöldi um hávetur.“ Með ómissandi stuðningi frá eigendum hjólabúðarinnar Kríu, David og Emil, segist Ingvar hafa fengið aðgang að frábærum hjólum og búnaði og fyrir vikið getað stundað þungar æfingar yfir veturinn. „Þessir drengir hafa veitt mér andlegan stuðning og verið mér mikilvægar fyrirmyndir frá því ég kynntist þeim.“

## Stóra tækifærið

Fyrsti sigurinn á stórmóti leit svo dagsins ljós í febrúar árið 2012 þegar Ingvar vann fyrsta Cyclocrossmót sitt og sama ár krækti hann sér í sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í fjallahjólreiðum auk þess að vinna Heiðmerkuráskorunina. „Árin 2012-2014 þróaðist ég mikið sem keppnishjólari og fljótlega var ég farinn að ógna reyndari keppendum. Í lok árs 2014 hafði ég t.d. unnið 23 keppnir af þeim 36 sem ég tók þátt í á því keppnistímabili.“

Stóra tækifærið kom árið 2014 þegar Ingvari var boðið til Bandaríkjanna til að taka þátt í fjallahjólakeppni sem var hluti af einni af stærstu reiðhjólasýningum í heiminum, Sea Otter Classic. „Sú ferð var í boði Lauf Forks, sem er íslenskt fyrirtæki sem þróar reiðhjólagaffla úr koltrefjum. Ég hef tekið þátt í fjölmörgum keppnum á hjóli sem er búið gafflinum þeirra og þeir ákváðu að bjóða mér með til að gera vöru sína sýnilegri í keppnum. Keppnin gekk mjög vel og ég sigraði mér til mikillar furðu en ég keppti í svokölluðum „cat.1“ flokki, sem er efsti flokkur áhugamanna í Bandaríkjunum. Hugmyndin um að ég gæti náð lengra í sportinu varð til þarna.“



Keppnin á heimsmeistaramótinu í Cyclocross var hörð en hún fór fram í Lúxemborg. MYND/RÓBERT STRAUS



Hjólandi niður Öskjuhlíðina. MYND/SNORRI ÞÓR TRYGGVASON



Ingvar er hér fyrir miðju á Andalucia Bike Race á Spáni. MYND/IÐUNN ANNA BJÖRGVINSDÓTTIR

## Skýrari markmið

Annað risastórt stökk á ferli Ingvars átti sér stað í upphafi árs 2015 þegar samstarf hans og Birgis Más Ragnarssonar hófst sem gerði honum kleift að stunda hjólreiðar sem atvinnumaður. „Stuðningur hans þróaðist þannig að ég gerði samning við fjárfestingarfyrirtækið Novator sem hefur verið minn stærsti styrktaraðili síðustu ár.“

Ingvar segist hafa átt ótrúlega mikið ólært á þessum tíma en það hafi verið stórt skref að byrja að skipuleggja keppnisferðir, setja töluvert meiri kraft og tíma í æfingar og breyta hugarfarinu yfir í að vera lítill fiskur í stóru vatni. „Það má segja að ég hafi þróast mest á síðustu tveimur árum sem íþróttamaður. Það tengist líka skipulagi, sjálfsaga og að setja mér skýr og framkvæmanleg markmið.

> „Ég lít ennþá á hjólið sem leið til að skemmta mér, til að njóta lífsins, sem er sjónarhorn sem hefur gagnast mér mikið eftir að ég ákvað að gera áhugamálið mitt að atvinnu.
>
> Ingvar Ómarsson

Ég flutti til Hollands í ágúst 2015 með Iðunni kærustunni minni, til að vera nær stóru keppnunum og betra umhverfi til að stunda æfingar.“

Undanfarið eitt og hálft ár hefur heldur betur verið viðburðaríkt hjá Ingvari. Í lok árs 2015 lenti hann í árekstri við mótorhjól á æfingu, hlaut lífshættulega áverka á höfði og var nær dauða en lífi í nokkra sólarhringa. „Tveimur mánuðum síðar var ég kominn aftur á hjólið, ákveðnari en nokkurn tímann fyrr að ná mínum markmiðum og verða betri en ég var fyrir slysið.“

## Stefnir á sigur

Það tókst hjá Ingvari og gott betur en það. Á síðasta ári tók hann þátt í heimsmeistaramótum, Evrópumeistaramóti og heimsbikarmóti í fjallahjólreiðum en þetta eru stærstu mót heims í sportinu að Ólympíuleikunum frátöldum, segir hann. „Ég vann fjölmargar keppnir á Íslandi og í Hollandi, vann þrjá Íslandsmeistaratitla og var valinn Hjólreiðamaður ársins þriðja árið í röð. Það sem mér finnst þó mikilvægast við síðasta ár var að ég sannaði fyrir sjálfum mér, og öðrum, að ég á heima á þessu stigi í sportinu.“

Smáþjóðaleikarnir hefjast í lok maí í San Marínó og þar mun Ingvar keppa fyrir Íslands hönd. „Ég tók átt í fjallahjólakeppninni á Smáþjóðaleikunum 2013 sem voru haldnir í Lúxemborg. Þar átti ég skelfilega keppni, klúðraði öllu sem klúðra mátti og endaði í öftustu sætunum.“

Fjórum árum síðar er hljóðið allt annað og nú segist hann keppa til sigurs. „Ég átti frábæran vetur með æðislegum æfingaferðum og fjölmörgum klukkutímum í frosti, snjó og rigningu. Á þessum tíma hugsaði ég oftar en ekki um þessa einu keppni, næstu Smáþjóðaleika. Þegar ég ber mig saman við þá sem ég lít á sem erfiðustu keppinautana frá öðrum „smáþjóðum“, get ég sagt að ég sé jafningi þeirra að mörgu leyti. Því á ég, að minnsta kosti á blaði, raunhæfa möguleika á sigri.“




Sölumenn:
**Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 5457
**Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
**Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.is, s. 512 5433



GÆÐAHJÓL
Á GÓÐU VERÐI
JAMIS ER ÞRAUTREYNT BANDARÍSKT VÖRUMERKI MEÐ TÆPLEGA 40 ÁRA REYNSLU Í FRAMLEIÐSLU GÆÐAHJÓLA
Jamis Citizen 2
Einstaklega þægilegt 28" borgarhjól
21 gíra, 60MM framdempari, dempari í sæti, stillanlegt stýri. Bæði til herra og dömu.
75.990 kr.
Jamis barnafjallahjól
20" og 24" barnafjallahjól
Vel útbúið og sterkt barnafjallahjól tilbúið í hasar. 20" hvítt og svart, 24" svart og fjólublátt.
20" 44.990 kr.
24" 54.990 kr.
Jamis DTX Sport
28" dual sport hjól
Frábært hjól fyrir þann sem vill komast hratt og örugglega yfir möl og malbik.
95.990 kr.
Jamis Durango Sport
29" fjallahjól
Hjólaðu hvar og hvert sem er á vel útbúnu 27 gíra fjallahjóli. Til lime grænt og svart.
94.990 kr.
Jamis X26
26" fjallahjól
Sterkt fjallahjól í unglingsstærðum. 21 gíra og með 100MM framdempara. Til rautt og fjólublátt.
64.990 kr.
Jamis Miss Daisy
16" barnahjól
Sterkt og gott barnahjól með fótbremsu og hjálpardekkjum.
35.990 kr.
HJÓLADEILDIN ER Í SMÁRALIND
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR

# Heimurinn endalaust fagur

**Sesselja Traustadóttir er hugsjónakona af lífi og sál þegar kemur að hjólamenningu Íslendinga. Hún hefur líka lagt veigamikil og þung lóð á vogarskálar hjólreiðafólks og er hvergi hætt.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Hjól geta komið inn á svo ótrúlega marga og skemmtilega vinkla og þau tengja fólk svo fallega saman," segir Sesselja Traustadóttir, framkvæmdastýra Hjólafærni sem er fræðasetur um samgönguhjólreiðar.

Sesselja hefur brennandi áhuga á hjólamenningu og hafa hugsjónir hennar valdið straumhvörfum í hjólamennsku landsmanna. Nýlegt dæmi er samstarf Hjólafærni, Rauða krossins og Barnaheilla um hjól fyrir hælisleitendur, en því lauk nú í vikunni.

„Þar gerðu hælisleitendur upp gömul hjól fyrir sjálfa sig og þegar kunnátta og verklag var fengið gerðu þeir upp notuð hjól fyrir börn sem fá úthlutuð hjól frá Barnaheillum. Þetta var stórsnjallt og uppbyggjandi verkefni fyrir hælisleitendur sem þrá að hafa eitthvað fyrir stafni á meðan þeir bíða svars frá stjórnvöldum," segir Sesselja sem leitar nú leiða til að láta verkefnið lifa áfram enda snertir það og gleður alla sem að því koma.

Annað dásamlegt verkefni sem Hjólafærni kom á fót er Hjólað óháð aldri og hefur að markmiði að gefa öldruðum tækifæri á að koma út í samfélagið og fá vind í vangann.

„Hjólin eru léttivagnar (e. rickshaw) og með sæti fyrir farþega framan á hjólinu. Þau eru rafknúin þannig að allir geta hjólað á þeim og gamla fólkið elskar að komast út undir bert loft og fara á svolítið flakk á hjólunum. Það er líka yndislegt að heyra sögurnar, eins og af blindum sem njóta þess að fá vind í vangann og finna angan af sumri og sól," segir Sesselja en hjól af þessu tagi eru nú í eigu margra hjúkrunar- og öldrunarheimila víða um land. „Allt er það tilkomið vegna safnana, eins og á Ísafirði þar sem unglingar í 10. bekk stóðu fyrir söfnun fyrir veikan kennara sinn en þegar hann féll frá ánöfnuðu þau féð til kaupa á léttivagni fyrir gamla fólkið. Heimurinn er endalaust fagur og sjálfa dreymir mig um að fá menntaskólakrakka sem finna til vanlíðunar til að fara út að hjóla með gamla fólkinu, því ég veit að sums staðar vantar mannskap og drifkraft til að nota hjólin. Mér finnst svo heilbrigt að tengja saman kynslóðir og bæta líðan allra í leiðinni," segir Sesselja. Þess má geta að Bakarameistarinn styður verkefnið Hjólað óháð aldri og býður upp á kaffi og með því þegar komið er við í bakaríinu í hjólatúrum aldraðra.



Hjólafærni hefur um árabil unnið með alls konar hjól; tandem, rickshaw og cargo bike. Valið hefur verið að kalla þau einu nafni nytjahjól á íslensku. Snata hennar Sesselju finnst best að vera í kassanum á svarta hjólinu. MYND/GVA

## Guð og hjólamenningin

Straumhvörf urðu í hjólreiðamenningu Íslendinga eftir bankahrunið 2008 en þá segir Sesselja að markviss umræða og vinna með hjólafærni hafi farið af stað.

„Þegar Guð blessaði Ísland opnuðust gáttir, hlutirnir fóru að rúlla og Ísland hjólavæddist. Við lögðum mikla áherslu á þá hugsun að það sé gott að hjóla og með því að þetta byggð getum við ferðast öruggar um svæði borgarinnar, án þess að vera á bíl. Um leið leggjum við annað verðmat á landrými en að gera það að bílastæði."

Margt hefur áunnist sem Sesselja gleðst yfir þegar litið er yfir farinn veg.

„Það er skemmtilegt í dag að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu tala betur saman og eru að setja á laggirnar merktar lykilleiðir á höfuðborgarsvæðinu. Það er líka ánægjulegt að farandráðstefna sem við förum af stað með 2011, Hjólum til framtíðar, fer enn á milli sveitarfélaganna. Mér finnst líka mjög gott að það er rætt um hjólreiðar í dag út frá fleiru en því hvort fólk noti hjálm eður ei. Svo er dásamlegt að kominn sé lykilstígur á Suðurlandsbraut sem tengir saman hverfin 101, 105 og 108. Það hefur sýnt hvernig einn hjólastígur getur þétt byggð og auðveldað samgöngur um borgina. Þá eru ótalin lykilmannvirki sem breytt hafa miklu, eins og brýr yfir Elliðaárnar, sem eru ekki færar öðrum en gangandi og hjólandi vegfarendum um fegurstu staði borgarinnar."

**En í hverju felst hjólafærni hins hjólandi manns?** „Hjólafærni er alls ekki flókin. Það þarf bara að minna á hana. Hún snýst um að gera sig sýnilegan og taka öryggisrými í umferðinni. Hún gerir ráð fyrir því að taka tillit til aðstæðna, hjóla í samræmi við aðstæður og að vera í samstarfi við aðra vegfarendur, bæði gangandi og akandi. Við hjólreiðamenn notum augnsamband og höfuðið svo að ökumenn viti hvað við erum að hugsa og gömlu, góðu merkin að rétta hendur út eða upp ef við ætlum að beygja eða bremsa."

> **Mig dreymir um að fá menntaskólakrakka sem finna til vanlíðunar til að hjóla með gamla fólkinu því ég veit að sums staðar vantar mannskap og drifkraft til að nota hjólin. Mér finnst svo heilbrigt að tengja saman kynslóðir og bæta líðan allra í leiðinni.**
>
> Sesselja Traustadóttir

Meðal annarra verkefna Hjólafærni er hjólaferðamennska, umhverfismál og almenningssamgöngur í landinu, ásamt vinnustaðavottun og Dr. Bæk sem stendur fyrir fræðslu og ástandsskoðun hjóla.

„Dr. Bæk er útvörður Hjólafærni og sívinsæll hjá starfsmanna- og foreldrafélögum og í vor hefur hann líka verið á bókasöfnum og sundstöðum. Þá kemur fólk með hjól sín og fær leiðsögn um hvað þarf að vera í lagi til að hjólinu líði vel, eins og réttur loftþrýstingur, smurning og bremsur."

Sesselja bendir á vefinn bikemaps.is þar sem hjólandi vegfarendur eru beðnir um að skrá niður staði í borginni þar sem hlutir eru í ólagi. Frá því að vefurinn var settur á laggirnar hafa borist yfir 200 ábendingar á höfuðborgarsvæðinu sem verða sendar til úrvinnslu til sveitarfélaganna.

Allt um starf Hjólafærni á hjolafaerni.is



FRÍ HEIMSENDING*

CROSS

# GÆÐAHJÓL

FRÍ YFIRFERÐ & ÁSTANDSSKOÐUN**

ÞJÓNUSTA & GÆÐI

Cross gæða hjól hafa verið framleidd í Búlgaríu síðan 1995. Cross framleiðir 280 þúsund hjól á ári. Stærstu viðskiptavinir Cross eru í Þýskalandi, Hollandi, Austurríki og að sjálfsögðu Íslandi ásamt öðrum löndum. Cross er með mjög háar kröfur í smíði á sínum hjólum og notar aðeins íhluti frá vel þekktum merkjum t.d. SHIMANO, SRAM, SCHWALBE, KENDA, SELLE ITALIA og fleiri. Öll Cross hjól eru með innbrenndum lit, hand límdum hágæða skreytingum og glæru yfir. Cross starfar eftir ISO 9001 stöðlum.

CROSS

**20" Alissa**
- Stell: Stálstell – Steel Hardtail
- Girbúnaður: Shimano 6 gíra
- Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
- Dekk/gjarðir: Kenda Sidewall 2.00
- Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari

**34.999**



CROSS

**20" Speedster**
- Stell: Stálstell
- Girbúnaður: Shimano 6 gíra
- Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
- Dekk: Kenda Sidewall 2.00
- Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari

**34.999**



CROSS

**24" Alissa**
- Stell: Stálstell – Steel Hardtail
- Girbúnaður: Shimano 18 gíra
- Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
- Dekk/gjarðir: Kenda Sidewall 2.10
- Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari

**37.999**



CROSS

**24" Speedster**
- Stell: Stálstell
- Girbúnaður: Shimano 18 gíra
- Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
- Dekk: Kenda Sidewall 2.10
- Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari.

**37.999**



CROSS

**26" Speedster**
- Stell: Stálstell
- Girbúnaður: Shimano 18 gíra
- Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
- Dekk: Kenda Desert 26x195
- Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari, double wall gjarðir.

**39.999**



**28" Creon Devon**
- Stell: 520mm 700C Alloy 6061 Super Light
- Gaffall: Suntour M3010
- Gírar: 21 gíra Shimano Bremsur: Shimano Promax
- Dekk: Kenda Glacier 700C x 40
- Aukahlutir: Innbrenndur litur, lugt að framan og aftan, standari, bögglaberi, bjalla, double wall gjarðir.

**49.999**



**28" Creon Tampa**
- Stell: 440mm 700C Alloy 6061 Super Light
- Gaffall: Suntour M3010
- Gírar: 21 gíra Shimano
- Bremsur: Shimano Promax
- Dekk: Kenda Glacier 700C x 40
- Aukahlutir: Innbrenndur litur, lugt að framan og aftan, standari, bögglaberi, bjalla, double wall gjarðir.

**49.999**



Allt vöruúrvalið er fáanlegt í Smáralind, Skeifu og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum. *Frí heimsending gildir á höfuðborgarsvæðinu. **Frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum hjá viðurkenndum fagaðila.

Netgíró

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Fjallakofinn er með mikið úrval af hjólum frá BH.



BH leggur mikinn metnað í að nota eingöngu góða íhluti sem endast í hjólin sín.



Sandra Birna, deildarstjóri hjóladeildar Fjallakofans, ásamt einu af rafhjólunum. MYNDIR/EYÞÓR

# Hjólað inn í framtíðina

**Fjallakofinn hefur aukið vöruúrval sitt með því að opna glæsilega hjóladeild með hjólum frá spænska fyrirtækinu BH Bikes. Úrvalið er mikið af götu- og keppnishjólum auk rafhjóla sem eru farartæki framtíðarinnar.**

Það hefur ekki farið fram hjá neinum hversu gríðarlega mikil aukning er í notkun reiðhjóla hér á landi, hvort sem um er að ræða til almennrar notkunar eða til keppni. Reiðhjólanotkun í Evrópu er mjög mikil og nú er svo komið að mesti vöxtur í almenningsíþróttum þar er í hjólreiðum, segir Sandra Birna Ragnarsdóttir, deildarstjóri hjá Fjallakofanum. „Við hjá Fjallakofanum höfum lengi ætlað okkur inn á reiðhjólamarkaðinn. Þegar við sáum að BH, eitt elsta og virtasta reiðhjólafyrirtæki Evrópu, var ekki með neinn umbjóðanda á Íslandi ákváðum við að kýla á þetta fyrr en áætlanir stóðu til. Það sem gerði líka útslagið var að báðir aðilar áttuðu sig á því að það var nægt olnbogarými á þessum ört stækkandi markaði hér á landi. Áherslan verður jafnt á almenningshjólin, rafhjólin og ekki síður á keppnishjólin. Verðin á hjólunum, sem sjá má bæði í verslun Fjallakofans í Kringlunni 7 og á www.bike.is, koma verulega á óvart.“

BH er spænskt fyrirtæki og eitt það elsta og virtasta í Evrópu en það var stofnað árið 1909. „Fyrirtækið er einn af tíu stærstu hjólaframleiðendum í heiminum í dag auk þess að vera annað stærsta í Evrópu á rafhjólamarkaðinum sem stækkar ansi ört.“

Sem dæmi um hversu virtur framleiðandi BH er nefnir Sandra Birna að fyrirtækið sé með lið í Tour de France hjólakeppninni. Það eru ekki allir hjólaframleiðendur komnir svo langt, segir hún, en það er mjög mikil viðurkenning að vera með lið í þeirri keppni. „Auk þess er fyrirtækið með samninga við marga fræga hjólreiðamenn hvort sem það er í þríþraut, fjallahjólreiðum eða götuhjólreiðum.“

## Rafhjólin koma á óvart

Söndru Birnu líst vel á fyrsta ár Fjallakofans á reiðhjólamarkaðinum. Fjallakofinn er sérverslun með mjög hátt þjónustustig að hennar sögn og það verður ekkert öðruvísi í reiðhjóladeildinni, en í skíða- eða skódeildinni. „Við ætlum að leggja mikla áherslu á rafhjól fyrir fullorðna vegna þess að þar er mesti vöxturinn. Margir veigra sér við að koma sér af stað vegna veðurs, hæðótts landslags og láta jafnvel verðið halda aftur af sér. En þegar viðskiptavinir okkar hafa prófað að hjóla á rafdrifnu reiðhjóli verða flestir alveg gapandi hissa á þægindunum, útlitinu og hversu hagstætt verðið er. Það sem skiptir líka miklu máli er að þeir fá heilmikla hreyfingu og útiveru sem gerir þeim gott.“

> **„Við ætlum að leggja mikla áherslu á rafhjól fyrir fullorðna vegna þess að þar er mesti vöxturinn.**
>
> Sandra Birna Ragnarsdóttir

Að mörgu þarf að huga þegar hjól er keypt, segir Sandra Birna. „Fyrst og fremst þarf kaupandinn að vera meðvitaður um hvernig hjól hann vill, með tilliti til þess hvernig hjólið verður notað. Ef óöryggi er til staðar með kaupin er upplagt að kíkja til okkar í verslunina í Kringlunni 7 og prófa viðkomandi hjól. Það er hægt að prófa rafhjólin utandyra í nágrenni Kringlunnar sem og önnur hjól.“

## Ferð lengra betur búinn

Auk úrvals reiðhjóla hefur Fjallakofinn selt Löffler-hjólafatnað í áratug við miklar vinsældir. „Hann hefur reynst afar vel við þau veðurskilyrði sem við búum við hér á landi. Hér áður fyrr seldi Skátabúðin þennan hjólafatnað og nú sjáum við fram á að ná til enn fleira hjólreiðafólks. Ef þú hefur einu sinni prófað Löffler þá ferðu ekki í neitt annað. Púðabuxurnar þeirra þykja skara fram úr og þeir sem hafa notað þær í WOW Cyclothon eða öðrum keppnum eru bestu sölumenn okkar.“

Á sama tíma og Fjallakofinn er að stórauka úrvalið í hjólafatnaði er verslunin einnig að reyna að byggja upp og bæta þjónustu sína við lið og hópa sem þurfa að finna heilsteyptan liðsfatnað sem er vel sýnilegur og ekki síður vandaður, hvort sem það er fyrir hjólalið eða önnur lið eins og skíðafélög.

Nú er átakið Hjólað í vinnuna í fullum gangi og Fjallakofinn tekur þátt með því að bjóða upp á sérstaka Hjóladaga Fjallakofans sem verða frá 11. maí til 21. maí næstkomandi. „Þar verðum við með spennandi tilboð á hjólum, hjólafatnaði og ýmiss konar aukabúnaði.“

Nánari upplýsingar um hjól, hjólafatnað og annan hjólabúnað má finna á www.fjallakofinn.is og á www.bike.is.


MERIDA
MERIDA MATTS 10
VERÐ 69.990.-
MERIDA MATTS 15
VERÐ 79.990.-
MERIDA MATTS J24
VERÐ 64.990.-
FRJÁLS EINS FUGLINN Á
MERIDA HJÓLI
FRÁ ELLINGSEN
MERIDA MATTS J24
VERÐ 64.990.-
MERIDA CROSSWAY 100
VERÐ 119.990.-
MERIDA CROSSWAY 100
VERÐ 119.990.-
MERIDA CYCLOCROSS 500
VERÐ 219.990.-
MERIDA JULIET 10
VERÐ 69.990.-
MERIDA JULIET 15
VERÐ 79.990.-
MERIDA DINO 12
VERÐ 24.990.-
MERIDA DINO 16
VERÐ 27.990.-
MERIDA BELLA 12
VERÐ 24.990.-
MERIDA BELLA 16
VERÐ 27.990.-
ELLINGSEN
TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550
SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS
FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500


Þórdís segir að keppnisskapið fari stundum alveg með hana en hún hefur skráð sig til leiks á tveimur hjólreiðamótum í sumar. MYND/ANTON BRINK

# Samgöngutæki og líkamsrækt

**Þórdís Einarsdóttir fór að hjóla reglulega eftir að hún greindist með vefjagigt og tekur reglulega þátt í hjólreiðakeppni. Hún segir hjólreiðar góðar fyrir líkama og sál.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is

Þegar Þórdís greindist með vefjagigt fyrir nokkrum árum ákvað hún að dusta rykið af hjólinu sínu og byrja að hjóla til að halda sér í góðu formi. „Mér finnst ég ná að halda mér þokklega góðri af vefjagigtinni með því að vera dugleg að hjóla. Auðvitað á ég bæði góða og slæma daga en ég er betri ef ég hjóla, svo lengi sem ég passa að ofgera mér ekki og hvíli mig vel á milli. En það er erfitt að finna þessi mörk. Stundum fer keppnisskapið með mig og þá sprengi ég mig alveg og er lengur að jafna mig,“ segir Þórdís en hún fer reglulega í hjólreiðatúra, auk þess að taka þátt í hjólreiðakeppnum á sumrin. Hún hefur þegar skráð sig til leiks á tveimur mótum í sumar, fjallahjólamóti og götuhjólamóti, og reiknar fastlega með að taka þátt í fleiri mótum.

„Ég hjólaði líka mikið á árum áður. Ég er frá Ísafirði þar sem nær allt er í göngufæri en þegar ég flutti til Reykjavíkur árið 1997 fór ég allra minna ferða á hjóli því það var fljótlegra en að taka strætó. Í þá daga þótti fólki ég dálítið skrítin að hjóla í öllum veðrum, um hávetur í snjó og slabbi. Núna fást nagladekk á flest hjól og það þykir ekkert tiltökumál að hjóla allan ársins hring. Eftir að ég keypti mér bíl hætti ég svo að hjóla. Ég byrjaði aftur eftir að frænka mín plataði mig með sér á hjólaæfingu hjá Víkingi. Mér finnst rosalega gaman að hjóla, því fylgir skemmtilegur félagsskapur, góð hreyfing og mikil útivist og það er gott fyrir geðið og skrokkinn.“

## Hjólar oft í viku

Þórdís er í hópi kvenna sem kallast Órólega deildin en þær hjóla saman í hverri viku. „Ég hjóla stundum í vinnuna og svo hjóla ég með stelpunum. Fyrir mér er hjólið bæði samgöngutæki og líkamsrækt. Við í Órólegu deildinni erum fjórar vinkonur sem kynntumst í Víkingi og náðum strax vel saman. Við erum allt venjulegar konur sem voru plataðar á æfingu og finnst gaman að hittast og hjóla saman. Við fengum þetta nafn því við vorum „óþekkar“ í jógatíma hjá Víkingi, þ.e. ein okkar sagði brandara og við hlógum svo mikið að við gátum ekki gert æfingarnar,“ rifjar Þórdís brosandi upp.

Þær vinkonurnar hittast eins oft og þær geta til að hjóla saman. „Í vetur ákváðum við að demba okkur í hjólaþjálfun sem var innandyra þrisvar til fjórum sinnum í viku. Við hjólum mest innanbæjar því það er þægilegt og hægt að fara heim með stuttum fyrirvara. Eins og stendur erum við að skipuleggja hjólaferðir í sumar. Ætlunin er að fara í dagsferðir í kringum Flúðir, hjóla upp Þjórsárdalinn og um Reykjanesið.“



Órólega deildin: Þórdís, Hjördís Sigrún Jónsdóttir, Anna Kristín Pétursdóttir og Halldóra Kristinsdóttir.

> Mér finnst rosalega gaman að hjóla, því fylgir skemmtilegur félagsskapur, góð hreyfing og mikil útivist og það er gott fyrir geðið og skrokkinn.

## Lengst hjólað 130 km í einu

Lengsta hjólreiðaferð sem Þórdís hefur farið í var um 130 kílómetrar. „Við hjóluðum upp að Litlu kaffistofunni, fórum Þrengslin og þaðan til Þorlákshafnar og síðan Krýsuvíkurleiðina með viðkomu í Hafnarfirði. Við Litlu kaffistofuna var rok og rigning og svo mikill hliðarvindur að við fukum næstum út af. En það er líka mjög skemmtilegt. Ég læt veðrið ekki stoppa mig frá því að hjóla heldur læt bara vaða sama hvernig veðrið er. Ég á góðan skjólfatnað, vetrargalla og regnföt og svo er hjólið á nagladekkjum á veturna.“

Þórdís hefur gaman af því að fylgjast með hversu mikið hún hjólar og notar til þess forrit sem heitir Strava. „Það heldur utan um allar hjólaleiðir og fjölda kílómetra sem maður hjólar. Frá því að ég skráði mig þar inn hef ég hjólað 12.750 kílómetra.“

Þegar Þórdís er spurð hvað hún ráðleggi fólki sem langar til að hjóla reglulega að gera til að koma sér af stað segir hún að í raun þurfi bara hjól og viljann til að hjóla. „En ég mæli líka með því að mæta á æfingu hjá Víkingi. Það er tekið vel á móti byrjendum og þar er hægt að hitta fólk sem er gaman að hjóla með. Þar eru margir sem eru bara að hjóla til að hjóla og njóta útiveru og hreyfingar. Svo eru önnur félög sem eru aðallega stíluð inn á keppnisfólk og gera það mjög vel. Víkingur er með hópa bæði fyrir byrjendur og þá sem vilja keppa í hjólreiðum.“



Sumarið kemur á reiðhjólum frá Reiðhjólaverzlunni Berlin, Geirsgata 5a, 101 Rvk • www.reidhjolaverzlunin.is




WOW CYCLOTHON AROUND ICELAND

WOW AT ARCTIC TRACK ASKJA cannondale GATORADE EIMSKIP Síminn

wowcyclothon #wowcyclothon






60% leiðarinnar eru á möl og er hún að hluta afar krefjandi.





# Blue Lagoon Challenge – Ein vinsælasta fjallahjólakeppnin

Bláalónsþrautin, Blue Lagoon Challenge, er afar vinsæl fjallahjólakeppni en um þúsund hjólreiðamenn tóku þátt í henni í fyrra.

Bláalónsþrautin á sér langa sögu en hún var haldin í fyrsta sinn í samstarfi við Bláa lónið árið 1996. Albert Jakobsson er mótsstjóri og hefur komið að skipulagningu þrautarinnar frá upphafi. „Fyrsta árið mættu tólf og fyrstu fimm til sjö árin voru keppendur á bilinu tíu til tuttugu. Okkur gekk ekki nógu vel að kynna keppnina í fyrstu en fengum síðan þá hugmynd að búa til liðakeppni. Þannig var hver og einn einstaklingur innan hjólaheimsins beðinn um að draga með sér nokkra vini, kunningja eða vinnufélaga. Við það tók keppnin nokkurn kipp. Síðan kom upp sú snjalla hugmynd að vera með firmakeppni þar sem lið innan fyrirtækja tækju þátt. Við það óx keppnin hratt og hefur fjölgunin verið stöðug síðustu ár,“ segir Albert en á síðasta ári voru þátttakendur um þúsund talsins.

Albert telur líka að átakið Hjólað í vinnuna hafi hjálpað mikið til. „Margir nota Blue Lagoon Challenge sem nokkurs konar lokapunkt í átakinu enda gott að hafa eitthvað að stefna að.“

## 57 km leið

Hópurinn hittist við Ásvallalaug í Hafnarfirði en lagt er í hann klukkan 19.40. „Hjólað er í lögreglufylgd upp að hesthúsunum í Hafnarfirði. Þar safnast allir saman og tímatakan hefst. Hjólað er fram hjá Hvaleyrarvatni á malarvegi, komið út á gamla Krísuvíkurveginn sem er malbikaður og því mikill hraði á hjólreiðamönnum. Þegar komið er inn á Djúpavatnsleiðina byrjar hin raunverulega áskorun. Þar hefst erfiðasti kaflinn á malarvegi með hækkun upp á 180 metra,“ lýsir Albert en hækkunin á leiðinni allri er um 260 metrar.

Hjólað er eftir malarvegi fram hjá Djúpavatni, Vigdísarvöllum og niður á gamla Suðurstrandarveginn og inn að Grindavík. „Þetta er gríðarlega fallegt svæði og mikil upplifun fyrir alla að hjóla þar.“

Hjólað er eftir skemmtilegum malarvegi fyrir fjallið Þorbjörn og sem leið liggur að Bláa lóninu. Ísólfsskálabrekkan er síðasta raunin áður en komið er inn að lóninu en þá hafa keppendur lokið 57 km langri leiðinni sem er um 60% á möl og 40% á malbiki.



Leiðin sem þátttakendur hjóla frá Hafnarfirði og í Bláa lónið.



Albert Jakobsson hefur komið að skipulagningu Bláalónsþrautarinnar frá upphafi árið 1996.

## Hugað að hressingu og öryggi

Á miðri leið er drykkjarstöð þar sem hressir björgunarsveitarmenn bjóða upp á mat og áfyllingu á brúsa. Þegar komið er í mark býður þar heit súpa, brauð og drykkir. Að lokum er öllum sem vilja boðið í Bláa lónið.

Björgunarsveit Kópavogs og Björgunarsveit Grindavíkur sjá um öryggi þátttakenda meðan á keppninni stendur. „Slysavarsla verður á þremur stöðum á leiðinni og aftast ekur skúffubíll á 12 km hraða og pikkar upp þá sem lenda í vanda,“ útskýrir Albert.

## Fjöldi erlendra keppenda

Síðustu fimm ár hafa afar öflugir erlendir hjólreiðamenn tekið þátt í keppninni. „Í kringum 50 til 70 erlendir keppendur hafa verið að taka þátt síðustu ár og það eru bæði afreksmenn og áhugahjólarar,“ segir Albert og bendir á að hjólatúrismi fari ört vaxandi í heiminum. Fjöldi fólks stundi að ferðast á milli landa til að taka þátt í þrautum og keppnum.

Fjöldi verðlauna er veittur í þrautinni. Verðlaun eru veitt fyrir 1.-3. sæti í opnum flokki karla og kvenna. Einnig eru veitt verðlaun í liðakeppni og firmakeppni og síðan fyrir hvern aldursflokk kvenna og karla.

## Tossalisti fyrir keppendur

**Munið eftir:**

- Mótsgögnum – númeri og tímatökuflögu.
- Hjálmi, enda er hjálmaskylda í keppninni.
- Sundfötum og handklæði ef ætlunin er að fara í Bláa lónið eftir keppni.
- Hjólaskóm.
- Peningum eða korti, til dæmis fyrir rútunni heim eða öðru tilfallandi.
- Farsíma til öryggis.
- Orkudrykk, orkugeli eða öðru sem er góð viðbót við það sem er boðið upp á á leiðinni.
- Slöngu, pumpu og fjölnotaverkfæri. Viðgerðarbíll verður þó einnig á ferðinni.

Nánari upplýsingar má nálgast á www. bluelagoonchallenge.is.




AUTHOR®



**44.900kr**

**AUTHOR COMPACT 700c**
**STELL: 18", 20" og 22"**
Stell úr álblöndu 6061 700c, Shimano afturskiptir TY500, Shimano (21) Tektro bremsur 855. Dekk 700x 2mm. 13,8 kg 20"
3901430-1



**43.900kr**

**AUTHOR A-MATRIX ASL 26"**
Author A-Matrix grænt og blátt. 13,5" stell úr álblöndu 6061. Shimano afturskiptir TY21 18 gíra, Revoshift Tektro bremsur 855AL, dempari RST Capa T 26 (80 mm), 26"x1,95 dekk, 13,4 kg
3901376

## EVRÓPSKT GÆÐA-MERKI Á ÓTRÚLEGA GÓÐU VERÐI!

**Aðeins í Húsasmiðjunni**

Framleiðslulína Author spannar allar gerðir af hjólum, allt frá barnahjólum upp í fislétt keppnishjól.

Author hefur verið framarlega í framleiðslu á keppnishjólum síðastliðin 20 ár.

**BARNAHJÓL Í ÚRVALI**



**26.900kr**

**AUTHOR ORBIT 16", ORBIT 9" STELL**
Grátt og blátt 9" stell úr álblöndu 6061.
Tektro bremsur Coasterhub, 16"x1,75 dekk.
3901369



**32.900kr**

**REIÐHJÓL 20" ENERGY 10" STELL**
Author Energy, 10" stell úr álblöndu 6061. Shimano 6 gíra Revoshift. Tektro bremsur 855AL. 20"x1,75 dekk. 10,6 kg.
3899968-9



**38.900kr**

**AUTHOR MATRIX 24"**
Author Matrix rautt og svart, 12,5" stell úr álblöndu 6061. Shimano 18 gíra, Revoshift Tektro bremsur 855AL, dempari ZOOM (40 mm), 24"x1,95 dekk, 12,5 kg.
3901313

**RACERAR AÐEINS FÁANLEGIR Í SKÚTUVOGI**

8,2 kg/58 cm



**247.000kr**

**AUTHOR RACER CHARISMA 55, CARBON STELL**
Author Charisma 55, stærðir: frá 54, 56 og 58 cm, stell og gaffall úr Carbon Monocoque 1,5 tapered. Shimano gírar 105 2x11. Sætispóstur: Ritchey Comp carbon hnakkur Prologo Scratch. Stýri Ritchey Streem II Comp Road 420/440 mm. Bremsur Shimano 105. Gjarðasett: MAVIC Ksyrium 20/20 holes. Dekk: 700x25 mm Vittoria Zaffiro Pro kevlar.
3901342



**147.900kr**

**AUTHOR AURA XR 44**
Author Aura XR 44 stærðir: 52, 54, 56 og 58 cm, stell úr álblöndu. Framgaffall Carbon Shimano 2x10 Tiagra Grúppa. Bremsur Tektro TRP Spyre Diska 160 mm. Dekk 700x31mm.
3901537



**139.800kr**

**AUTHOR 700C RONIN**
Author Ronin stærðir 52, 54, 56 og 58 cm, stell úr Triple Butted Cromoly, gaffall Cromoly. Shimano 2x10 gíra, Tiagra Sveifar Tiagra TRP Spyre Diska-bremsur 160 mm. Dekk: 700x42 mm.
3901533

**Byggjum á betra verði**

husa.is

# Fimm þúsund hjóla í vinnuna

**Átakið Hjólað í vinnuna fer nú fram í fimmtánda skiptið. Verkefnið fór af stað í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal 3. maí. Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra fór þar fyrir fríðum hópi.**

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Hrönn Guðmundsdóttir, sviðsstjóri hjá ÍSÍ, segir að átakið hafi fengið frábærar viðtökur allt frá byrjun. „Fyrsta árið tóku 530 manns þátt í Hjólað í vinnuna en þegar mest var árið 2011 og 2012 voru yfir tólf þúsund þátttakendur,“ segir hún. „Á heimasíðunni www.hjoladivinnuna.is er hægt að skoða margvísleg úrslit og skemmtilegar upplýsingar um átakið hvert ár en það var upphaflega sett af stað að erlendri fyrirmynd. Við slógum met árið 2012. Við teljum að markmiðum verkefnisins sé náð þar sem hjólamenning hefur gjörbreyst á landsvísu frá því það byrjaði. Það eru betri og fleiri hjólareiðastígar í boði, viðhald er betra og margar hjólaleiðir eru utan borgarinnar. Þannig mætti reyndar lengi telja um betri hjólamenningu Íslendinga,“ segir Hrönn og bendir á að enn megi skrá sig til leiks. Átakinu lýkur 23. maí. Vegleg verðlaun eru í boði.

Að þessu sinni eru 310 fyrirtæki í Reykjavík sem taka þátt í átakinu, 78 á Akureyri, 50 í Kópavogi, 43 í Hafnarfirði og 21 í Árborg. Það eru ekki einungis heilu fyrirtækin sem taka þátt því einstaklingar geta líka tekið þátt á eigin vegum. Stakir keppendur skrá sig þá undir „vinnustaðinn“ Einstakir hjólreiðakappar. Þess má geta að fólk getur líka skráð sig í hlaup, göngu, línuskauta, hjólabretti eða strætó.

Þeir sem taka myndir og setja inn á Instagram frá átakinu eiga möguleika á að vinna reiðhjólahjálm. Það felast því margir möguleikar í því að vera með.

Á heimasíðunni í gær var búið að skrá 137.269 km sem verður að teljast góður árangur. Á Facebooksíðu Hjólað í vinnuna má fylgjast með keppendum og skoða myndir af því sem er að gerast. Almenningsíþróttasvið ÍSÍ stendur fyrir Hjólað í vinnuna en átakið er fyrst og fremst heilsu- og hvatningarverkefni.

**Það er ekki of seint að skrá sig með í verkefnið Hjólað í vinnuna. Átakið stendur yfir til 23. maí. Flott verðlaun eru í boði.**



Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra setti verkefnið í gang en því er ætlað að vera heilsuhvatning til landsmanna.



# HJÓLUM SAMAN Í SUMAR!



## 16" REIÐHJÓL 3 - 6 ÁRA

| | | | |
|---|---|---|---|
| KROSS | KROSS | KROSS | KROSS |
| 29.990,- | 29.990,- | 29.990,- | 29.990,- |
| KROSS LEO 16" | KROSS LEO 16" | KROSS LILLY 16" | KROSS LYLLY 12" |

## 20" REIÐHJÓL 5 - 8 ÁRA

| | | | |
|---|---|---|---|
| KROSS | KROSS | KROSS | KROSS |
| 34.990,- | 37.990,- | 34.990,- | 37.990,- |
| KROSS ELI 20" | KROSS HEXAGON 20" | KROSS ELLA 20" | KROSS HEXAGON 20" |

## 24" REIÐHJÓL 8 - 12 ÁRA

| | | | |
|---|---|---|---|
| KROSS | KROSS | KROSS | KROSS |
| 44.990,- | 44.990,- | 44.990,- | 44.990,- |
| KROSS JULIE 24" | KROSS JULIE 24" | KROSS LEA REPILICA 24" | KROSS DUST REPILICA 24" |

## BMX HJÓL 4 - 16 ÁRA

| | | | |
|---|---|---|---|
| mongoose | mongoose | mongoose | mongoose |
| 39.990,- | 49.990,- | 59.990,- | 69.990,- |

GÁP
WWW.GÁP.IS

## ALVÖRU HJÓL!

KROSS mongoose cannondale

GÁP · HJÓLA- OG SPORTVÖRUVERSLUNIN · FAXAFENI 7 · REYKJAVÍK · SÍMI 5 200 200

# Seldi Opelinn og keypti hjól

Sigursteinn Ingvarsson er forfallinn hjólreiðagarpur og formaður Hjólreiðafélags Akureyrar. Hann segir Eyjafjörð gósenland hjólreiðafólks.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Sjúkraþjálfari sagði mér, eftir að ég hafði slitið allt í ökklanum á mér í fótbolta, að ef ég ætlaði að geta gengið fertugur skyldi ég hætta í boltanum og fara að hjóla eða á gönguskíði. Ég seldi gamlan Opel sem ég átti og keypti mér hjól. Fékk þar með delluna. Í dag á ég fjögur hjól af öllum tegundum og gerðum. Hjólreiðar eru græjusport," segir Sigursteinn Ingvarsson, forfallinn hjólreiðagarpur og formaður Hjólreiðafélags Akureyrar.

Hann segir sprengju hafa orðið síðustu ár í hjólreiðasportinu fyrir norðan eins og víðar. Starfsemi hjólreiðafélagsins hafi vaxið hratt og Akureyri og Eyjafjörður sé orðið að gósenlandi fyrir hjólreiðafólk.

„Félagsmenn Hjólreiðafélags Akureyrar hafa í samvinnu við Akureyrarbæ byggt upp fleiri kílómetra af brautum í Hlíðarfjalli hjá skíðasvæðinu og einnig inn á Glerárdal. Um Kjarnaskóg og Hvammsskóg liggja einnig brautir, pallar og brýr sem búið er að leggja í sjálfboðavinnu. Fólk ferðast til Akureyrar gagngert til þess að hjóla," segir Sigursteinn.

„Þeir sem selja reiðhjól hér í bæ segja mér að margir séu farnir að kaupa hjól með dempurum bæði að framan og aftan, einmitt af því að hér eru svo flottar brautir til að leika sér í. Götuhjólarar öfunda okkur líka því með því að stíga upp á hjólið fyrir utan dyrnar heima getum við hjólað upp í Hlíðarfjall, 500 m hækkun á fimm kílómetrum, allt á malbiki. Við hlökkum líka mikið til þess að Vaðlaheiðargöng verði opnuð en við reiknum með að geta þá hjólað Víkurskarðið í friði fyrir umferð. Akureyrarbær og Eyjafjarðarsveit hafa einnig unnið sameiginlega að því að leggja hjólreiða- og göngustíg frá Akureyri og inn að Hrafnagili, um tíu kílómetra leið. Þá leið verður frábært að hjóla með krakka," segir Sigursteinn. Eitt af hlutverkum hjólreiðafélagsins sé einmitt að að fá almenning út að hjóla og innan félagsins eru fjórar deildir og fjöldi hjólahópa sem hittast í hverri viku.

„Við erum með níu ólíka hjólahópa sem hittast og hjóla saman. Almennu hjólreiðarnar eru til dæmis ferðir sem allir geta tekið þátt í, Götuhjólreiðarnar fyrir þá sem eru aðeins lengra komnir og eiga reiser og svo eru Endurohópar sem hittast í Kjarnaskógi til að stökkva af pöllum. Þar er skemmtilegt að nefna að stelpurnar í félaginu tóku sig saman og stofnuðu KvEnduro hóp. Þá stendur félagið fyrir Hjólreiðahelginni, síðustu helgina fyrir verslunarmannahelgi, þar sem allir hjólarar landsins mæta."



Lífleg hjólreiðamenning er á Akureyri. MYND/ÁRMANN HINRIK



Sigursteinn Ingvarsson, formaður Hjólreiðafélags Akureyrar, hjólar úti í öllum veðrum. MYND/SIGURSTEINN INGVARSSON



Hjólreiðafélag Akureyrar stendur fyrir Hjólreiðahelginni, helgina fyrir verslunarmannahelgi. MYND/ÁRMANN HINRIK

# Ekki vera eins og allir hinir – notaðu hjálm frá Nutcase

Nutcase hjálmarnir eru með þeim flottustu á markaðnum í dag. Þeir eru fallega hannaðir, uppfylla alla öryggisstaðla og rúmlega það.

Nutcase hjálmarnir hafa vakið mikla athygli fyrir flott útlit, enda einstök hönnun á bak við hvern og einn. „Við höfum fengið fáránlega góðar viðtökur á Nutcase hjálmunum frá því að við byrjuðum að selja þá hér á landi fyrir tveimur árum. Einn helsti kosturinn er að þeir höfða vel til ungu kynslóðarinnar sem hefur tekið þeim opnum örmum. Krakkarnir vilja nota þessa flottu hjálma þegar þeir fara út að hjóla. Yfirskriftin frá Nutcase er líka „The most fun a helmet has ever had"," segir Guðmundur Már Ketilsson, einn af eigendum Nutcase á Íslandi.

Nokkrir leikskólar hafa keypt Nutcase hjálma og þar eru þeir í stanslausri notkun. „Okkur fannst þetta ákveðin prófraun en við höfum ekki fengið einn einasta hjálm til baka, sem sýnir hversu góðir þeir eru," segir Guðmundur og nefndir að hægt sé að fá aukahluti í stíl við hjálmana, eins og hjólabjöllur og aukaskyggni.

### Mynstur og myndir

Nutcase hjálmarnir fást í mörgum litum og með margs konar mynstri og myndum. Hjálmarnir eru léttari en aðrir hjálmar, þeir koma allir með skyggni sem taka má af og setja á aftur með auðveldum hætti og þeir fást í mismunandi stærðum fyrir allan aldur. „Allir hjálmarnir eru með sérstakri segulsmellu svo engin hætta er á að klemma sig þegar þeim er smellt á höfuðið. Þegar foreldrar koma að kaupa hjálma á börnin sín og skoða úrvalið endar oft með því að þeir kaupa sér líka hjálma," upplýsir Guðmundur og bætir við að gaman sé að sjá hversu ófeimið fólk er að skarta skrautlegum og áberandi Nutcase hjálmum.

Nutcase skiptir hjálmunum í nokkrar línur. Baby Nutty er klárlega sú krúttlegasta en hún er hugsuð fyrir 2-23 mánaða börn. Allir krakkar frá 3-10 ára ættu að finna sinn uppáhaldshjálm í Little Nutty línunni en svo er Street línan flott fyrir stálpaða krakka, unglinga og fullorðna. „Við mælum þó alltaf með því að höfuðið sé mælt áður en gengið er frá kaupum á netinu," segir Guðmundur.

Metroride línan er fyrir fullorðna en nýjasta línan heitir The Zone og er hugsuð fyrir jaðarsport. „Nutcase hjálmarnir eru með aukaöryggisvottun sem þýðir að margar týpur henta ekki aðeins fyrir hjólreiðar heldur líka hjólabretti og línuskauta," segir Guðmundur.

Nutcase er í samstarfi við átakið Hjólað í vinnuna. Þeir sem merkja myndir af sér með #nutcaseiceland geta unnið til verðlauna. Nutcase hjálmarnir fást í vefversluninni www.nutcase.is og þar má jafnframt fá nánari upplýsingar um hjálmana og hvar endursöluaðila er að finna. Einnig má skoða myndir af þeim á Facebook og Instagram undir nutcaseiceland.



„Nutcase hjálmarnir eru með aukaöryggisvottun sem þýðir að margar týpur henta ekki aðeins fyrir hjólreiðar heldur líka hjólabretti og línuskauta," segir Guðmundur. MYND/GVA

# 100% ÁSTRÍÐA

## VERTU KLÁR 10. JÚNÍ 2017

**Eitt flottasta götuhjólamót landsins, RB CLASSIC,
þar sem hjólað er umhverfis Þingvallavatn í frábæru umhverfi**

---

**VEGLEG PENINGAVERÐLAUN FYRIR FYRSTU ÞRJÚ SÆTIN Í A FLOKKI KARLA OG KVENNA**

- A flokkur – 2 hringir: 127 km
- B flokkur – 1 hringur: 65 km
- Vegleg útdráttarverðlaun - m.a. keppnishjól frá SPECIALIZED

**INSTAGRAM LEIKUR - #RBCLASSIC2017**

- Glæsileg verðlaun fyrir flottustu myndina

Fyrstu 100 sem skrá sig í RB CLASSIC 2017 detta í lukkupott og eiga möguleika á að vinna 15.000 gjafabréf á Grillmarkaðinn

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING WWW.RBCLASSIC.IS

RB CLASSIC Þingvallavatn   KRÍA   TINDUR



**REIKNISTOFA BANKANNA** | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | www.rb.is



# Gott að hjóla í skólann

Samkvæmt rannsókn sem gerð var í Noregi um hjólreiðar barna eru um tvö af hverjum þremur sem hjóla í skólann. Sögusagnir um að börn og unglingar séu keyrð í skólann virðist því ekki eiga við rök að styðjast, að minnsta kosti ekki í barnaskólum í Noregi, að því er greint er frá á vefnum forskning.no.

Þetta eru ánægjulegar tölur fyrir heilsu barnanna því hjólreiðar eru góð hreyfing. Rannsókn sýnir að börn eru oftast keyrð í tómstundir eftir skólatíma. Um 80% barna sem stunda íþróttir er ekið á æfingar. Það voru 1.463 foreldrar sem voru spurðir í rannsókninni um ferðavenjur barna þeirra. Aldur barnanna var 6-12 ára.

Ástæður þess að börnin eru frekar keyrð í íþróttir sýna að íþróttasalir eru venjulega lengra frá heimilum en skólar. Auk þess eru æfingar yfirleitt seint á daginn þegar umferð er mikil. Sérfræðingar hvetja foreldra til að láta börnin ganga eða hjóla eins mikið og mögulegt er. Það bætir heilsu þeirra, bæði líkamlega og andlega.

Ef tvö eða fleiri börn ganga saman í skólann skapast auk þess vinátta. Það kom á óvart í rannsókninni að börn sem búa í minni bæjum úti á landi fara sjaldnar ein í skólann en jafnaldrar þeirra í borgum.



# Lengdu lífið með hjólreiðum

Hjólreiðar eru ekki aðeins skemmtilegar heldur eru þær líka góðar fyrir heilsuna og geta lengt lífið. Þetta kemur fram í danskri rannsókn þar sem fylgst var með 30 þúsund manns í 14 ár. Niðurstöður sýndu að dánartíðni þeirra sem hjóluðu á milli staða í að minnsta kosti hálftíma á dag var 28% lægri en hjá samanburðarhópi. Þeir lifðu sem sagt lengur og voru einnig við betri heilsu. Auðvelt er að koma hjólreiðum inn í daglega lífið, t.d. með því að hjóla í vinnuna eða skólann, hjóla styttri vegalengdir eða einfaldlega fara reglulega í skipulagða hjólreiðatúra, t.d. á vegum íþróttafélaga. Hjólreiðar eru þannig að hver og einn hjólar á sínum hraða og auðvelt er að hafa stjórn á því hversu mikið hver og einn leggur á sig. Þær geta verið góðar í baráttunni við aukakílóin, jafnvel þótt hjólað sé hægt og rólega. Hjólreiðar hafa líka reynst vel gegn þunglyndi og geta hjálpað til við að komast yfir þunglyndi. Að auki draga þær úr hættu á hjartasjúkdómum, öndunarfærasjúkdómum og sykursýki, eins og fram kemur á vefsíðunni www.hjolreidar.is.

# Hjólað á stígum og gangstéttum

Landssamtök hjólreiðamanna gefa út leiðbeiningar um umferð hjólandi fólks.

Hér eru leiðbeiningar fyrir hjólandi á stígum og gangstéttum með blandaðri umferð:

- Gangandi vegfarendur hafa forgang.
- Stillum hraðanum í hóf á stígunum því þeir eru oftast hannaðir fyrir hæga gangandi umferð með blindhornum og kröppum beygjum.
- Höfum almennt í huga reglu um hægri umferð – höldum okkur til hægri og förum fram úr vinstra megin.
- Förum varlega fram úr öðrum og gefum tímanlega kurteislegt hljóðmerki með bjöllu.
- Víkjum til hægri fyrir þeim sem vilja komast fram úr þegar það er öruggt.
- Veitum ökutækjum sérstaka aðgát þegar stígur liggur yfir götu.







20-50% afsláttur
af völdum vörum!
EUROVISION DAGAR!
Fullt af FRÁBÆRUM tilboðum dagana 11-14.maí
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
TÚNIKA
ÁÐUR 4.990
NÚ 3.990
ein stærð
BLÚSSA
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.990
ein stærð
BOLUR
ÁÐUR 4.990
NÚ 1.990
st.S-XXXL
TÚNIKA
4.990kr
st.42-56
SKOKKUR
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.990
ein stærð
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.990
st.S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.990
st.S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 8.990
NÚ 4.990
st.S-XXXL
PEYSA
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.990
st.S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 3.990
NÚ 2.990
st.S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st.S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
st.S-XXXL
Tískuhús Zik Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314













Hanna Dís Whitehead og Hildur Ýr Jónsdóttir sjá um Tilraunastofuna í keramikdeild Myndlistaskólans í Reykjavík. Vorsýning skólans verður opnuð í dag klukkan 17. MYND/EYÞÓR

# Uppskeruhátíð myndlistarnema

## Vorsýning Myndlistaskólans í Reykjavík verður opnuð í dag klukkan 17 í JL húsinu við Hringbraut. 124 nemendur taka þátt.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



Nemendur og kennarar Myndlistaskólans í Reykjavík vinna nú að uppsetningu á afrakstri vetrarins en vorsýning skólans verður opnuð í dag klukkan 17, á annarri og þriðju hæð í JL húsinu við Hringbraut.

Sýnd verða verk eftir 124 nemendur. Það eru nemendur sjónlistadeildar, nemendur sem eru að ljúka tveggja ára námi í myndlist fyrir fólk með þroskahömlun og nemendur af keramikbraut, textílbraut, teiknibraut og listmálarabraut. Sýnd verða lokaverkefni útskriftarnemenda og verk sem unnin hafa verið í öðrum áföngum.

„Þetta er uppskeruhátíð okkar og nemenda og síðustu daga höfum við unnið myrkranna á milli við lokafrágang,“ útskýrir Hanna Dís Whitehead, vöruhönnuður og einn kennara við keramikdeild skólans.

„Í keramikinu þarf að vinna hlutina fyrirfram því gera þarf ráð fyrir brennslu- og þurrktíma,“ bætir hún við en segir þó enga þreytu sjást á mannskapnum. „Nei, nei, hér er allt á fullu við uppsetningu sýningarinnar. Sýningin gefur glögga mynd af því hvernig unnið er í skólanum. Útskriftarnemendur í sjónlistadeild og listnámsdeild fyrir nemendur með þroskahömlun sýna persónuleg lokaverkefni en nemendur í keramiki, málaralist, teikningu og textíl sýna brot af verkefnum vetrarins.“

Ellefu nemendur keramikdeildar hafa unnið undir leiðsögn Hildar Ýrar Jónsdóttur skartgripahönnuðar og Hönnu Dísar í Tilraunastofunni svokölluðu í keramikdeildinni.

„Á sýningu nemenda okkar Hildar má því sjá ýmiss konar tilraunir sem gerðar hafa verið á önninni, margar af þeim ekki í leir heldur allt önnur efni, svo sem deig, gifs, skinn, plast og fleira. Tilraunirnar eru persónulegar og hver nemandi fór í sína áttina með stefnu verkefnanna,“ segir Hanna. „Út úr Tilraunastofunni kom margt mjög spennandi. Það eru mjög ólíkir einstaklingar innan deildarinnar þetta árið og gaman að sjá hvaða þróun átti sér stað hjá hverjum og einum. Gerðar voru ýmiss konar tilraunir og svo tekin af þeim mót. Að endingu var steypt í mótin með postulíni og steinleir. Við sýnum verkin á þeim svæðum þar sem þau eru unnin. Segja má að Tilraunastofan sé sett upp sem tilraunastofa á sýningunni þar sem allar græjur sjást. Það er því mjög forvitnilegt fyrir gesti að geta séð hvaðan verkin spretta og hvernig þau verða til. Á sýningunni verða einnig verk sem unnin voru fyrir jól, af allt öðrum toga og að vissu leyti andstæða Tilraunastofunnar en þau voru handmótuð.“

Sýningin verður opin milli klukkan 13 og 18 dagana 12. til 16. maí.



**Hver deild sýnir á sínu svæði í húsnæði skólans og gefur sýningin glögga mynd af því hvernig nemendur vinna verk sín.**












# LÍNAN

BÆJARLIND 16   KÓPAVOGUR   SÍMI  553 7100   WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA  11 - 18  LAUGARD.  11 - 16

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn



Snowbee 3 laga öndunarvöðlur
Verð 19.900 kr. Veiðiportið
Grandagarður 3 552-9940

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

**AUÐBREKKA - HÚSNÆÐI TIL LEIGU**
Til leigu 206 fm húsnæði á jarðhæð við Auðbrekku. Hentar fyrir ýmiskonar létta starfssemi, s.s. lager, vinnustofur og fl. Innkeyrsludyr.
**Nánari uppl. í s. 897 9743**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

## Atvinna í boði

Óskum eftir starfsmönnum vönum múrviðgerðum eða verktökum sem geta tekið að sér múrverk. Uppl. í s. 698 6738

**VERKAMENN ÓSKAST.**
Starfsmenn óskast til vinnu hjá Steingarði ehf við lagningu ljósleiðara í Hafnarfirði í sumar og haust. Uppl. í s. 892 18 82

**VANIR MÁLARAR ÓSKAST**
Vanir innanhúss málarar óskast til starfa sem fyrst hjá SSL málun ehf, næg og traust verkefni framundan. Upplýsingar veitir Stefán s.660 0222.

SÓLAR

**SÓLAR EHF**
Óskum eftir hressu fólki í ræstingarvinnu. Nánari uppl á skrifstofu Sólar Kleppsmýrarveg 8, 104 R milli 10-16. We are looking for people for cleaning jobs. More info at Sólar office Kleppsmýrarveg 8, 104 R between 10-16. Must speak icelandic or english.

## Atvinna óskast

40 ára vesturíslenskur karlmaður óskar eftir vinnu á Íslandi. Dvalarleyfi er fyrir hendi ef atvinnurekandi finnst. Upp. s. 845 2510

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér

## Atvinna

**SMIÐIR, RAFVIRKJAR, PÍPARAR, BIFREIÐASTJÓRAR, VÉLVIRKJAR OG MÁLARAR**

PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is

## Húsnæði óskast

**Ártúnsholt / Árbær**

Hjón með þrjú börn óska eftir **einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,** Ártúnsholt / Árbær.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
**sendtohelgi@gmail.com**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407



**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

GRAFARVOGS HJÓLBARÐA VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

EYJALIND
**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is
Tjaldaleiga skáta
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald



**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
**íshúsið**
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

# Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Fasteignir

LIND Fasteignasala kynnir:

# ›Einstakt og uppgert 350 fm. einbýlishús í hlíðunum

Mjög vandað og vel uppgert einbýlishús með fallegum afgirtum garði ásamt stórum bílskúr.

Sérsmíðaðar innréttingar, vönduð tæki, fallegar hurðir og loftlistar.

Sjö herbergja hús, þrjú baðherbergi.

STÆRÐ: 350 FM EINBÝLI HERB: 7 105 RVK

› Allar nánari upplýsingar veitir:



**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
**699 5008**
hannes@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6, 201 Kópavogur

*Uppspretta ánægjulegra viðskipta*

---

**EG FASTEIGNAMIÐLUN**
Einar Guðmundsson
Lögg. fasteignasali Sóltún 20 s.896 8767



www.egfasteignamidlun.is einar@egfasteignamidlun.is

**RAUÐALÆKUR 69**




í dag fimmtud. frá 17:30 - 18:00.

**Björt og vel skipulögð** ca 90 fm þriggja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi í fjórbýlishúsi í Laugardalnum. Tvö rúmgóð svefnherbergi og góð stofa. Parket og flísar á gólfum. Húsið er talsvert endurnýjað, m.a. er það nýlega endursteinað auk þess hafa skólplagnir verið endurnýjaðar.

www.egfasteignamiðlun.is einar@egfasteignamidlun.is

---

**TRAUSTI** fasteignasala



*Kristján Baldursson hdl.*
*Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari*
*S: 867-3040*

## Leifsgata 20, 101 Reykjavík

**Opið hús í dag kl. 17:30 – 18:00**




Falleg 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. Eignin er 95,9 fm. þar af er 4,6 fm. geymsla á jarðhæð ásamt snyrtilegu sameiginlegu þvottahúsi. Góð og vel með farin íbúð í rólegu fjölbýli á vinsælum stað í höfuðborginni. **Verð: 42,9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

---

## Styrkir

## Starfsstyrkir úr Höfundasjóði RSÍ

Opið er fyrir umsóknir um starfsstyrki úr Höfundasjóði Rithöfundasambands Íslands. Styrkirnir eru veittir til ritstarfa og áhersla er lögð á að styrkja höfunda til að ljúka verkum sem eru langt komin. Rétt til að sækja um starfsstyrk úr Höfundasjóði RSÍ hafa starfandi rithöfundar óháð félagsaðild í RSÍ. Sótt er um á rafrænu eyðublaði á heimasíðu RSÍ: https://rsi.is/styrkir/starfsstyrkir-umsokn/

**Til úthlutunar eru 3.500.000 kr. Veittir verða allt að tíu styrkir.**

**Umsóknarfrestur er t.o.m. 25. maí 2017.**

## Atvinna

## Starfsmaður á þjónustuverkstæði

Fyrirtæki á sviði innflutnings á tækjum og búnaði fyrir veitingahús og matvælaiðnað óskar eftir að ráða starfsmann á viðgerðarverkstæði. Starfið er fólgið í almennum viðgerðum og viðhaldi á tækjum og ásamt uppsetningu á nýjum tækjum.

Leitað er að einstaklingi með þekkingu á tækjum fyrir veitingahús ásamt reynslu og áhuga sem nýtist í starfinu.

***Umsóknir óskast sendar á: asgeir@geiriehf.is***

geiri

**Bíldshöfði 16 | Sími 511-2030 | www.geiriehf.is**

---

## VÉLAMENN

Óskum eftir að ráða vélamenn í vinnu á hjólavél og beltavél. Mikil vinna framundan.

## BÍLSTJÓRAR

Óskum eftir að ráða bílstjóra á trailer og 4 öxla. Mikil vinna framundan.

**Umsóknir sendist til:**
**nesvelar@internet.is**
**eða í s: 897 8011**

NESVÉLAR

## Fasteignir

BORGIR FASTEIGNASALA

**GOÐHEIMAR 2, RVK**




**OPIÐ HÚS FIMMTUDAG 11.05. 2017 KL. 17.30 TIL 18.00**

Borgir s. 588-2030 kynna til sýnis í dag fimmtudag: Góða ca 125 fm íbúð á efstu hæð í fjórbýli, staðsettu á horninu Goðheimar /Sólheimar. Húsið að utan ný-viðgert og málað að utan. Vinsæl staðsetning. Stutt í alla þjónustu og skóla - Laugardalurinn rétt hjá. Mikið útsýni. Góður garður bak við húsið og þar rækta íbúar grænmeti hver í sínum reit. Þrjú svefnherbergi, stór stofa og sólstofa. **Verð 49,9 milj.**
**Áhugasamir velkomnir milli kl. 17.30 og 18.00 í dag.**
**Nánari upplýsingar veitir Ægir s. 896-8030 eða aegir@borgir.is.**

**Grensásveg 50, 108 Rvk • Sími 588-2030**
**Fax 588-2033 • Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir**

# KOMUM OKKUR ÚR KYRRSETU

## SITJUM Á HREYFINGU

**Það skiptir ekki bara máli að hann hreyfist, heldur hvernig hann hreyfist**

Dondola®

**WAGNER ERGOMEDIC 100-3**

VERÐ ÁÐUR 199.700 KR.

**TILBOÐ 149.700 KR.**

SPARAÐU 50.000 KR.

HNAKKAPÚÐI SELDUR SÉR

**TILBOÐ 17.100 KR.**

wagner

Einu stólarnir með
360° Dondola veltitækninni.

10 ára ábyrgð*



360°
VELTITÆKNI

*5 ára ábyrgð á neti, pumpu, armpúðum og Dondola

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

## RAFMAGNSBORÐ



PRIMA
120 X 80
**56.000 kr.**
LITIR Í BOÐI: beyki, svart, hvítt, eik, grá eik, hlynur, kirsuberja og coffe.



PRIMA
150 X 80
**58.600 kr.**
LITIR Í BOÐI: beyki, svart, hvítt, eik, grá eik, hlynur, kirsuberja og coffe.



PRIMA
180 X 90
**67.800 kr.**
LITIR Í BOÐI: hvítt, svart og coffe.

## SKÁPAR OG HIRZLUR



SKÚFFUSKÁPUR
(4 SKÚFFUR)
**33.900 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.



PRIMA
MÖPPUSKÁPUR
**61.400 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.



PRIMA
MÖPPUSKÁPUR
**57.400 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.



PRIMA
MÖPPUSKÁPUR
**51.700 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.

MYNDFORM GRAFÍK

Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · hirzlan.is



✝

Hjartans þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem hafa sýnt okkur samúð, kærleik og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns, föður og sonar,

**Friðfinns Hermannssonar**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heimahlynningar og líknardeildar LSH fyrir alúð og kærleiksríka umönnun.

**Berglind Svavarsdóttir**
**Freyr Friðfinnsson**
**Ari Friðfinnsson**
**Sólveig Birna Friðfinnsdóttir**
**Guðríður Friðfinnsdóttir**
**Hermann Árnason**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Fjóla Bjarnadóttir**

áður til heimilis að Steinagerði 12,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 2. maí. Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Eir. Jarðarförin fer fram í kyrrþey.

**Skúli Jóhannesson** **Erla Vilhjálmsdóttir**
**Guðrún Jóhannesdóttir** **Aðalsteinn Þórðarson**
**Sigríður Jóhannesdóttir** **Pétur Bjarnason**
**Bjarni Jóhannesson** **Guðrún Gunnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Bróðir okkar og mágur,

**Sigurður Guðmundsson**

fyrrverandi bifvélavirki,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 12. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Lóulundi, Hrafnistu í Boðaþingi, fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Erla Soffía Guðmundsdóttir**
**Hreiðar Guðmundsson**
**Marinó Guðmundsson** **Kolbrún Ólafsdóttir**



✝

Elsku mamma, tengdamamma, amma og langamma,

**Elísabet Jónsdóttir**
**(Elsa)**

Sléttuvegi 31,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 7. maí. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju 23. maí kl. 15.00.

**Jón Óskar Carlsson** **Fjóla Rut Rúnarsdóttir**
**Anna S. Carlsdóttir** **Jón A. Ágústsson**
**Pétur Á. Carlsson** **Kristín Sveinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar,

**Elínborg Oddsdóttir**

Grund,

andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Hólmvík laugardaginn 6. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hólmavíkurkirkju laugardaginn 13. maí næstkomandi kl. 13. Jarðsett verður í Kollafjarðarneskirkjugarði.

**Börn hinnar látnu**
**og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.




**Hér eru ljósmæður Bjarkarinnar samankomnar í heita pottinum á nýju fæðingarstofunni – vatnslausum! Elva Rut Helgadóttir, Arney Þórarinsdóttir, Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Greta Matthíasdóttir, Emma Marie Swift og Hrafnhildur.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fæðingarstofa í Reykjavík

## Björkin fæðingarstofa var opnuð nýlega að Síðumúla 10. Það er í fyrsta skipti sem fólki býðst slík þjónusta síðan Fæðingarheimili Reykjavíkur var lokað árið 1995.

**Við vildum fjölga valkostum fyrir fæðandi konur. Ekki síst vegna aukinnar eftirspurnar kvenna úti á landi eftir heimafæðingum í Reykjavík. Þær sóttust eftir þeirri samfelldu þjónustu sem við veitum. Svo kom líka í ljós að það var heilmikil þörf fyrir svona aðstöðu fyrir konur á höfuðborgarsvæðinu.“ Þetta segir Hrafnhildur Halldórsdóttir ljósmóðir um fæðingarstofu Bjarkarinnar sem opnuð var fyrir fáum dögum í Síðumúla 10 og hún og Arney Þórarinsdóttir reka.**

Fyrsta barnið sem fæddist í fæðingarstofunni kom í heiminn aðfaranótt laugardagsins 6. maí. Það var frumburður foreldra sinna. Þær hika sem sagt ekkert við að taka á móti þeim. „Nei, ef meðgangan er eðlileg og konan er hraust þá er ekkert því til fyrirstöðu. Við byggjum starf okkar á rannsóknum og vitum að útkoman er alveg jafn góð í heimafæðingum og á fæðingarheimilum eins og á spítölum. Jafn góð fyrir börnin og aðeins betri fyrir konurnar.“

Hrafnhildur og Arney hófu samstarf árið 2009, nýkomnar úr ljósmæðranámi. Þá stofnuðu þær Björkina ljósmæður og byrjuðu með fæðingarundirbúningsnámskeið, síðan bættust heimafæðingar við árið 2010 og eftirfylgni í sængurlegu heima. Fæðingarstofan er framhald af því. „Sums staðar er þröngt á heimilum, pör búa kannski heima hjá foreldrum annars þeirra eða nokkur pör saman og ekki er aðstaða til að fæða þar,“ lýsir Hrafnhildur og segir miðað við að tvær ljósmæður sinni hverri fjölskyldu frá 34. viku meðgöngu.

Varla geta þó konur utan af landi dvalið hjá þeim vikum saman? „Nei, þær eru hjá ættingjum og vinum meðan þær dvelja hér syðra en hentar kannski ekki að fæða þar. Auðvitað væri æðislegt ef við værum með stað þar sem þær gætu dvalið. Hann kemur kannski seinna.“

Björkin er með samning við Sjúkratryggingar Íslands, að sögn Hrafnhildar. „Við sinnum bara hraustum konum sem eru í eðlilegri meðgöngu og okkur hefur gengið mjög vel. Stundum þurfum við að leita á Landspítalann og erum í góðu samstarfi við hann.“ **gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gísli Ellertsson**

bóndi, Meðalfelli, Kjós,

lést á Landspítalanum í Fossvogi, mánudaginn 8. maí sl. Útförin fer fram frá Reynivallakirkju í Kjós föstudaginn 19. maí kl. 14.

**Steinunn Dagný Þorleifsdóttir**
**Sigurþór Gíslason** **Sigurbjörg Ólafsdóttir**
**Sigurlína Gísladóttir** **Pétur Friðriksson**
**Ellert Gíslason**
**Steinar Gíslason**
**Dagný Gísladóttir** **Þórhallur Atlason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Hólmfríðar Guðrúnar Sveinsdóttur**

Sléttuvegi 19.

**Jóna Magnúsdóttir** **Sigurður Óli Sumarliðason**
**Freyja Magnúsdóttir** **Pétur Þór Jónasson**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Auðar Þórðardóttur**

Hrafnistu, Nesvöllum, Reykjanesbæ, áður til heimilis að Sólvallagötu 36.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Nesvalla fyrir frábæra umönnun, nærgætni og hlýju.

**Guðrún Þóra Halldórsdóttir** **Þorsteinn Þorsteinsson**
**Halldór Már Sverrisson** **Ólafía Pálmadóttir**
**Þorsteinn Jóh. Þorsteinsson** **Fanney Skarphéðinsdóttir**
**og langömmubörnin.**



✝

Okkar yndislegi unnusti, faðir, bróðir, mágur og kær vinur,

**Sigurður Birgir Baldvinsson**

Hólmaseli, Flóahreppi,

lést sunnudaginn 30. apríl á Landspítalanum. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 12. maí klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á þyrlukaupasjóð Landhelgisgæslu Íslands.

Einnig, ef þið eigið góða mynd af Sigga, þá væri vel þegið að fá afrit svo við getum hjálpað börnunum hans að minnast hans ( sbaldvins@gmail.com ).

**Claire Thuilliez**
**Marylou Jökla Sigurðardóttir**
**Alexander Baldvin Sigurðsson**
**Kristófer Ingi Sigurðsson**
**Helga Rut Baldvinsdóttir** **Ólafur Kj. Halldórsson**
**Quentin Thuilliez**


Eurovision
ALLT FYRIR EUROVISION
LAY´S
ALLAR TEGUNDIR
249 KR. PK.
175g
PEPSI
PEPSI MAX
699 KR. PK.
4x 2L
EÐLAN
1 pakki rjómaostur
1 krukka Doritos-sósa
Rifinn ostur
Rjómaostur settur í eldfast mót, Doritos-sósu hellt yfir og rifnum osti stráð yfir. Bakað við 180 gráður þar til ostur er orðinn gullinbrúnn
DORITOS
ALLAR TEGUNDIR
169 KR. PK.
170g
MAXI POPP
149 KR. PK.
70g
BRITVIC
TONIC, GINGER BEER, GINGER ALE, BITTER LEMON OG CRANBERRY JUICE
129 KR. STK.
200ml
50%
AFSLÁTTUR
Í NAMMILANDI Í DAG
FIMMTUDAGINN 11. MAÍ
7 UP
249 KR. STK.
2 L
OPIÐ 24 TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
Iceland
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

markhönnun ehf

# netto



-20%

CORDON BLEU 350 GR.
**718 KR/PK**
ÁÐUR: 898 KR/PK



-40%

LAMBABÓGSSTEIK
Í SVEPPAMARINERINGU
**2.099 KR/KG**
ÁÐUR: 3.498 KR/KG

GOÐI



-20%

HAMBORGARAR CHILI
140 GR. 2 STK.
**551 KR/PK**
ÁÐUR: 689 KR/PK



-20%

PIPAROSTA BEIKON
HAMBORGARI
140 GR. 2 STK.
**551 KR/PK**
ÁÐUR: 689 KR/PK



-20%

HAMBORGARAR BBQ
140 GR. 2 STK.
**519 KR/PK**
ÁÐUR: 649 KR/PK




-20%







-20%

BLACK PEPPER & CHIVES
FRÁ COOP 175 GR.
**279 KR/PK**
ÁÐUR: 349 KR/PK

SOURCREAM & ONION
FRÁ COOP 175 GR.
**279 KR/PK**
ÁÐUR: 349 KR/PK

SÆTAR KARTÖFLUR
FRÁ COOP 450 GR.
**239 KR/PK**
ÁÐUR: 299 KR/PK

ÍDÝFUR FRÁ MATUR & MÖRK
KRYDD / VORLAUKS / CHILI. 175 GR.
**238 KR/STK**
ÁÐUR: 298 KR/STK

**Tilboðin gilda 11. - 14. maí 2017**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



-21%

## NAUTAFILLE FERSKT
**3.767 KR/KG**
ÁÐUR: ~~4.768 KR/KG~~



netto

## KJÚKLINGALEGGIR FRÁ NETTÓ
**694 KR/KG**
ÁÐUR: ~~798 KR/KG~~




-20%

## GRÆNMETISBUFF
FRÁ DALOON 380 GR.
**399 KR/PK**
ÁÐUR: ~~499 KR/STK~~



-20%

## PÍTUBUFF
MEÐ 6 BRAUÐUM
**1.278 KR/PK**
ÁÐUR: ~~1.598 KR/PK~~



## PULLED PORK
2 STK. 120 GR
/ Í GRÍSASAMLOKU
**551 KR/PK**
ÁÐUR: ~~689 KR/PK~~

-20%

-50%

## BÖKUNARKARTÖFLUR
**98 KR/KG**
ÁÐUR: ~~195 KR/KG~~






## NUTRAMINO HEAT BCAA ENERGY 330 ML
MANGO /PASSION **259 KR/STK**
STRAWBERRY /WATERMELON **259 KR/STK**




## NESTLE ROLO
POKI 126 GR.
**198 KR/STK**
ÁÐUR: ~~279 KR/STK~~




## DALAHRINGUR
FRÁ MS. 200 GR.
**569 KR/STK**
ÁÐUR: ~~632 KR/STK~~




## MARS 4-PACK
SNACKSIZE 135.2 GR.
**279 KR/PK**
ÁÐUR: ~~349 KR/PK~~




## BUTTERKIST
TOFFEE
POPCORN 25 GR.
**149 KR/STK**
ÁÐUR: ~~199 KR/STK~~

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Norðaustan 13-23 m/s, hvassast suðaustan til, undir Eyjafjöllum og í Öræfum og víða hvassir vindstrengir við fjöll. Stöku snjó- eða slydduél fyrir norðan, rigning með köflum suðaustantil, en þurrt að mestu vestanlands. Hiti 0 til 7 stig, mildast sunnan til.










### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 2 | |
| | | | 5 | | 9 | | | 3 |
| | | | | 5 | 8 | 3 | 7 | |
| 9 | 8 | | | 6 | | | | |
| 2 | | 7 | 9 | | | | | |
| | | 1 | | | | | 6 | 4 |
| | 2 | | | | 5 | 8 | | |
| | 6 | | | | 1 | 7 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | | 6 |
| | | 9 | | | | 3 | | 4 |
| 6 | 2 | | | 9 | | 7 | | |
| | 8 | | | | | 6 | | |
| | | 7 | 5 | | 3 | | | 2 |
| | | 1 | 6 | | | 5 | | |
| | | 5 | | 4 | | | 7 | |
| 2 | | | | | 9 | | | 3 |
| 4 | | | | | 8 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | 6 |
| | | | | | | 4 | | 1 |
| | | | 4 | | 9 | | | |
| | 1 | 3 | | 8 | 5 | | | 7 |
| | | | | 7 | | 2 | | |
| 6 | | | 9 | 2 | | | | 3 |
| 3 | | 1 | 5 | 9 | | | | |
| | 9 | | 7 | | 6 | 3 | | 2 |
| | | | 8 | | | 5 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 5 |
| 3 | 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 8 | 7 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 |
| 7 | 6 | 1 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 1 | 8 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 6 |
| 4 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 7 | 5 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 4 | 8 | 9 | 6 | 5 | 1 | 2 | 7 | 3 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 8 | 7 | 9 | 3 | 5 |
| 9 | 7 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 5 | 4 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 3 | 5 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 9 | 3 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 3 | 8 | 7 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 7 |
| 8 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. atlaga
6. frá
8. þrá
9. frjó
11. nesoddi
12. verkfæri
14. glæpafélag
16. pot
17. svelg
18. efni
20. til
21. sáðjörð

**LÓÐRÉTT**
1. sléttur
3. holskrúfa
4. áköf þrá
5. skjön
7. athafnasemi
10. iðka
13. ái
15. eyðimörk
16. munda
19. tveir eins



**LÁRÉTT: 2.** árás, **6.** af, **8.** ósk, **9.** fræ, **11.** tá, **12.** nafar, **14.** mafía, **16.** ot, **17.** iðu, **18.** tau, **20.** að, **21.** akur. **LÓÐRÉTT: 1.** jafn, **3.** ró, **4.** ástríða, **5.** ská, **7.** framtak, **10.** æfa, **13.** afi, **15.** auðn, **16.** ota, **19.** uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Stefán Bergsson (2.031) átti leik gegn David Spence (2.168) á GAMMA Reykjavíkurskákmótinu.

**Svartur á leik**

**47.…Hd4! 0-1.** Íslandsmótið í skák hófst í Hafnarfirði í gær. Önnur umferð fer fram í dag og hefst kl. 17. Afar góðar aðstæður í Hafnarfirði fyrir áhorfendur. Teflt er í Hraunseli, Flatahrauni 3.

**www.skak.is:** Allt um Íslandsmótið.








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




SAMSUNG
Svalasta sjónvarpið á svölu verði
LÆKKUN! með hækkandi sól
Ekta UHD 4K
55" KR. 119.900,-
SAMSUNG EKTA UHD 4K TV
Curved
ULTRA HD
THIS IS TV
KU6175
Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Stærð: 55" eða 124cm • Bogið • Upplausn skjás: 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1400 PQI (Picture Quality Index)
LÆKKUN! með hækkandi sól
Curved
40" KR. 89.900,-
Samsung SMART TV
The Future of Smart TV, Now
THIS IS TV
K6375
FullHD • LED • 1920X1080 • 800 PQI • Nýtt Smart viðmót • Með gervihnattamóttakara
LÆKKUN! með hækkandi sól
49" KR. 94.900,-
Samsung SMART TV
The Future of Smart TV, Now
THIS IS TV
K5515
FullHD • LED • 1920X1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót • Einnig til í svörtu
LÆKKUN! með hækkandi sól
SAMSUNG EKTA UHD 4K TV
49" KR. 119.900,-
ULTRA HD
THIS IS TV
KU6475
UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi • 55" kr. 154.900,-
LÆKKUN! með hækkandi sól
SAMSUNG EKTA UHD 4K TV
49" KR. 119.900,-
Curved
ULTRA HD
THIS IS TV
KU6655
UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1600 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi • 55" kr. 159.900,-
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# Förum út fyrir kassann með því að segja sannleika

**Reykjavíkurdætur frumsýna í kvöld nýjan rappleik í samstarfi við Borgarleikhúsið sem eftirlét þeim svið og loforð um enga ritskoðun. Þuríður Blær Jóhannsdóttir er leikkona við húsið og ein Reykjavíkurdætra.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Kristín borgarleikhússtjóri talaði við okkur og sagði: Þið fáið hérna svið, smá pening og tíma og það verður engin ritskoðun," segir Þuríður Blær Jóhannsdóttir, leikkona og ein af Reykjavíkurdætrum, en í kvöld frumsýna þær rappleikinn RVKDTR The Show á Litla sviði Borgarleikhússins í samstarfi við húsið. Blær segir að leikstjóri Reykjavíkurdætra, Kolfinna Nikulásdóttir, hafi svarað tilboði Kristínar með því að spyrja hana hvort hún væri viss um hvað hún væri að gera og fengið skýrt og klárt já, engin ritskoðun til baka."



Þuríður Blær Jóhannesdóttir segist aldrei hafa upplifað jafn duglegt fólk þegar kemur að leikhúsi og Reykjavíkurdætur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Rödd kynslóðar

Blær segir að Kristín hafi algjörlega staðið við þetta og að þær hafi því hafist handa við að semja rappsöngleik. „En þetta er líka samfélagsleg ádeila og okkar sýn á Ísland í dag." En hvað er það sem Reykjavíkurdætur telja brýnast að fjalla um? „Ætli það sé ekki frelsi til þess að segja það sem maður vill. Það er kannski lagalegt málfrelsi á Íslandi en það er ekki alltaf pláss til þess að segja sannleikann í þessu samfélagi. Rappið er okkar leið til þess að segja það sem við þurfum að segja. Rappið er rödd minnar kynslóðar."

En hvernig semur maður rapp? „Það er mismunandi. Við byrjum kannski á því að fá hugmyndir þegar við erum á leiðinni í partí. Er kannski að mála sig og semja rapp á sama tíma. Setja á sig varalit og búa til rímur. En svo byrjum við stundum með eitthvert konsept og vinnum út frá því. Stundum fáum við sent eitthvert beat og tökum þetta út frá því eða þá að eitthvað brennur á okkur. Þetta er líka frábær leið til þess að takast á við tilfinningar eins og ástarsorg og þá getur maður komist út úr sorginni með því að öskra viðkomandi út fyrir framan fullan sal af fólki. Þá get ég látið hann sem særði mig bera skömmina. Rapp er besta lausnin við öllu," segir Blær og bætir við að hún sé í raun algjörlega háð því að rappa.

### Ekki markmið að stuða

Í sýningunni í Borgarleikhúsinu er tekið á mörgu úr samtímanum og það af ólíkum toga. Blær segir að verkið hafi líka í ferlinu tekið stöðugum breytingum. „Það er svo rosalega margt sem við höfum að segja en við höfum líka fengið frábæra aðstoð frá húsinu við að strípa niður í kjarnann. En ég held að þetta sé þannig verk að ólíkt fólk fær mjög svo mismunandi út úr verkinu. Það er ekki þessi eiginlegi söguþráður þarna þar sem Sigga litla átti fötu og síðan sá hún úlfinn og eitthvað svona heldur er söguþráðurinn í undirtextanum. Það er þess vegna sem fólk á eftir að móttaka þetta með ólíkum hætti eftir því hvaðan það kemur úr samfélaginu, hvort það kemur úr rappsenunni, leikhúsinu eða hvaðan sem er, ungt eða gamalt, konur eða karlar."

Reykjavíkurdætur hneyksluðu marga þegar þær komu fram í Vikunni hjá Gísla Marteini og því ekki úr vegi að spyrja hvort nú sé á ferðinni stuðandi sýning? „Ég held að sumum aðilum finnist þetta ekkert stuðandi og bara skemmtilegt en öðrum á eflaust eftir að finnast þetta stuðandi. En svona eru Reykjavíkurdætur. Við höfðum ekki hugmynd um að við værum að gera eitthvað stuðandi þegar við fórum til Gísla Marteins, vorum bara að haga okkur eins og við gerum á tónleikum, en fólk bara vissi ekki á hverju var von. Það var bara annar hópur að horfa. Auðvitað eiga allir rétt á að móðgast en við fórum ekki með það markmið. Við erum aldrei að reyna að stuða neinn. Við erum bara að segja sannleikann. En við erum raddir sem fá kannski ekki alltaf að heyrast og þá verður fólk hissa á því hvað maður fer langt út fyrir kassann sem maður á að vera hólfaður í."

> **Í RAPPINU ER HVERT EINASTA LAG SAGA OG ÞAÐ ER VERIÐ AÐ KOMA EINHVERJU Á FRAMFÆRI ALVEG EINS OG Í LEIKHÚSINU. ER RAPP EKKI BARA HIÐ NÝJA LEIKHÚS?**

### Rapp og Shakespeare

Það mætti ætla að það að vinna í leikhúsi á borð við Borgarleikhúsið feli í sér talsverð viðbrigði fyrir margar Reykjavíkurdætra en Blær segir þó svo ekki vera. „Við erum flestar með einhvers konar tengsl við þetta leikhús. Ég er að vinna hérna og Kolfinna er útskrifaður sviðshöfundur og prófessjónal leikstjóri og síðan eru margar af þessum stelpum leikarabörn. En svo eru sumar með minni tengsl en það er mjög fallegt að sjá hvað þeir sem koma bara með hjartað inn í leikhúsið geta gefið mikið. Það er alveg magnað."

Blær bendir á að það sé líka stutt á milli leikhússins og rappsins. „Ég held að rapp sé að færast mikið meira inn í performans en það var áður. Einu sinni snerist þetta bara um textana og textameðferðina. En ágætt dæmi er að ég á Shakespeare allt að þakka varðandi það hvað ég er góð að fara með rapptexta. Sömuleiðis er rapp- og tónlistarfólk alltaf að gera sífellt meiri sýningar og segja sögur bæði í lögum og á tónleikum. Í rappinu er hvert einasta lag saga og það er verið að koma einhverju á framfæri alveg eins og í leikhúsinu. Er rapp ekki bara hið nýja leikhús?"

Aðspurð hvort það sé allt klárt fyrir frumsýningu segir Blær það nú ekki vera en að þær vinni hratt og örugglega. „Við erum líka alltaf tilbúnar að grípa hvor aðra ef eitthvað er. Ég hef aldrei upplifað jafn duglegt fólk þegar kemur að leikhúsi og Reykjavíkurdætur. Við erum að kynnast hver annarri á nýjan hátt og mér þykir óendanlega vænt um þær."

# Kvartett sem sjaldan hefur komið fram opinberlega

„Kvartett Einars Scheving hefur leik í Hannesarholti við Grundarstíg í kvöld klukkan átta. „Við erum að æfa," sagði Einar síðdegis í gær þegar hann tók upp símann. Þessir „við" eru auk hans píanóleikarinn Eyþór Gunnarsson, saxófónleikarinn Óskar Guðjónsson og bassaleikarinn Skúli Sverrisson. Sjálfur leikur Einar á trommur og slagverk. Svo er efnið líka að langmestu leyti eftir hann, sumt glænýtt, annað af plötunum Cycles, Land míns föður og Intervals sem hafa komið út með kvartettinum. Þær hafa allar fengið frábæra dóma, bæði hér á landi og erlendis og Einar fékk meira að segja Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir tvær þeirra.



Einars Scheving tónlistarmaður

Einar kveðst fyrst hafa hóað kvartettinum saman árið 2006. Þó hefur sveitin ótrúlega sjaldan komið fram svo þessir tónleikar í Hannesarholti eru talsverður viðburður. „Það var í raun ekki fyrr en á útgáfutónleikum þegar Intervals, nýjasta platan okkar, kom út 2015 sem við spiluðum opinberlega, einhverjum níu árum eftir að samstarfið hófst. Við gerðum nokkrar heiðarlegar tilraunir en það var svo mikið að gera hjá öllum, bæði hér á landi á erlendis. Svo ætlum við að bæta í núna," segir hann og viðurkennir að kvartettinn stefni á landvinninga erlendis. **– gun**



Kvartett Einars Scheving hefur á að skipa einvalaliði.

# FRAMÚRSKARANDI BÆKUR

NÝ BÓK Í SERÍU ELENU FERRANTE




1.
Metsölulisti Eymundsson

**Sagan af barninu sem hvarf**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.899.-

FYRRI BÆKUR ELENU FERRANTE




**Þrjár mínútur**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.899.

**Ég man þig**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.899.-

**Mannsævi**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.899.-

**Framúrskarandi vinkona - Saga af nýju ættarnafni - Þeir sem fara og þeir sem fara hvergi**
**VILDARVERÐ: 3.299.- (stk.)**
Verð: 3.899.- (stk.)


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 14. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.










# Stílrænn óhugnaður en takmarkaður hrollur

**KVIKMYNDIR**

**Ég man þig**

★★★☆☆

**Leikstjóri:** Óskar Þór Axelsson
**Framleiðendur:** Þórir Snær Sigurjónsson, Sigurjón Sighvatsson, Skúli Fr. Malmquist
**Handrit:** Ottó Geir Borg, Óskar Þór Axelsson
**Kvikmyndataka:** Jakob Ingimundarson
**Búningar:** Helga Rós Hannam
**Aðalhlutverk:** Jóhannes Haukur Jóhannesson, Anna Gunndís Guðmundsdóttir, Þorvaldur Davíð Kristjánsson, Ágústa Eva Erlendsdóttir




Íslensk kvikmyndagerð hefur margt getið af sér; spennusögur, gamanmyndir, barnamyndir, fjölskyldudrama eða þroskasögur í bílförmum, nefnið það. Þökk sé leikstjóranum Óskari Þór Axelssyni eigum við líka að minnsta kosti eina frábæra glæpamynd til á skrá. Geiramyndir eru hins vegar eitthvað sem við höfum ekki alveg náð þéttum tökum á, hvað þá hrollvekjur eða draugamyndir. En sökum slaks framboðs er öruggt að gefa Ég man þig heiðurinn af því að vera besta íslenska mynd beggja tegunda frá því að Húsið var og hét.

Eins og flestir og ömmur þeirra eflaust vita er myndin byggð á metsölubók Yrsu Sigurðardóttur. Efniviðurinn er brotinn upp í tvær sögur en önnur þeirra sækir harðar í hið yfirnáttúrulega. Sú gerist á Hesteyri og segir frá parinu Katrínu og Garðari ásamt vinkonu þeirra, sem ákveða að gera upp gamalt hús og breyta því í gistiheimili.

Draugasagan skrifar sig nánast sjálf þar sem eyðibærinn er afskekktur; þarna er kalt, dimmt og ekkert símasamband, sem á mælikvarða nútímafólks mætti flokka undir alvöru hrylling.

Hinn þráðurinn er meira sakamálasaga og fylgir eftir rannsókn lögreglunnar á Ísafirði, þar sem mynstur sérkennilegra dauðsfalla er farið að segja til sín eftir að kona finnst látin í kirkju.

Geðlæknirinn Freyr er fenginn til að skoða þetta mál aðeins betur, en áður en langt um líður fer það að ýfa upp gömul sár hjá honum.

Ef það er eitthvað sem sést strax á Ég man þig, er það hversu faglega gerðar umbúðirnar eru. Í tengslum við stílbrögð er Óskar Þór á hraðri leið að verða einn sá færasti sem við höfum og virðist ekki hræðast það að tækla bíóaðlögun á þekktri bók. Sem hans fyrsta mynd í fullri lengd markaði Svartur á leik frábæra innkomu hjá manninum og sýndi fram á örugg tök hans á leikurum sem og getu til að móta sterkar senur; grimmar, lifandi og löðrandi í andrúmslofti. Ég man þig nýtur hiklaust góðs af drunga Vestfjarða, sem rammar allt inn í flottan pakka. Kvikmyndatakan er líka sérstaklega flott, förðunin í lagi og klippingin skemmtilega úthugsuð á tíðum.

Framvinda myndarinnar er lágstemmd og tekur sinn tíma en keyrslan er nógu brött til þess að tryggja fitusnauða heild, en á móti leiðir þetta til þess að persónusköpunin ristir aldrei neitt djúpt. Meira er lagt upp úr dulúð ráðgátunnar heldur en því sem er að gerast í kolli persónanna, þó myndina skorti ekki krefjandi eða tilþrifaríkan leik.

Jóhannes Haukur ber sig vel og túlkar Frey sem afar sympatískan og viðkunnanlegan mann með holu í hjartanu. Anna Gunndís Guðmundsdóttir gæti þó vel verið sterkasti aðilinn á tjaldinu í hlutverki Katrínar, en hún upplifir einnig vænan skammt af volæði og áföllum af miklum trúverðugleika. Þorvaldur Davíð og Ágústa Eva eru einnig sannfærandi en furðu vannýtt í sínum lykilhlutverkum, eins með Söru Dögg Ásgeirsdóttur í hlutverki rannsóknarlöggunnar Dagnýjar sem virðist eingöngu gegna því hlutverki að útskýra söguþráðinn fyrir áhorfendum.


**Jóhannes Haukur stendur sig vel í hlutverki sínu sem Freyr.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Aukaleikarar eru flestir þokkalegir og verður að hrósa Sveini Geirssyni fyrir að ná að halda andliti í eflaust hallærislegustu senu myndarinnar, þar sem hann leggur fyrir okkur reglur og eðli afturgangna. Atriðið gegnir vissum tilgangi en passar illa inn. Það sem kemur þó mest á óvart er hvað draugagangurinn virðist hafa litlu við heildina að bæta og kemur næstum því út eins og uppfylling. Hér er frábær þemagrunnur til staðar í sögunni til þess að stúdera sorg, missi, geðtap og falin leyndarmál hjá helstu persónum myndarinnar en meirihlutinn af því þarf að víkja fyrir dæmigerðari formúlum.

Það er ýmislegt langsótt sem handritið biður áhorfandann um að kaupa, ekkert af því kemur afturgöngum endilega við. Stundum er gripið til ódýrra trixa til þess að keyra framvinduna áfram, hvort sem þau varða súrar tilviljanir, sérkennilegar ákvarðanir karaktera eða holur í frásögninni. Spennan næst því aldrei almennilega upp og hryllingurinn er takmarkaður ef ekki pínu flatur. Samtölin eru mörg ópússuð og oft í formi stirðra útskýringarsamræðna. Bestu kaflarnir eru einmitt þegar spilað er með þagnir eða umhverfi.

Óskar fær reyndar aukaplús fyrir að styðjast sem minnst við bregðuatriði. Gerist alveg einu sinni eða tvisvar að „sjokk-faktorinn“ hitti í mark en ákvörðunin að drekkja myndina með hávaða og djúpri bassatónlist dregur úr stemningunni frekar en að styrkja hana. Mynd eins og Ég man þig stendur svolítið og fellur með andrúmsloftinu, einnig trúðverðugleika og gripi sögunnar. Það er ýmislegt sem gengur upp í þessari útkomu, þó tómleg sé, og það sem meira máli skiptir er að fólk sem er ekki vant því að horfa á hrollvekjur er líklegra til að spenna rassvöðvana og hanga á sætisbrúninni á einhverjum tímapunkti. **Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA**: Samsetningin er á yfirborðinu í toppstandi og leikurinn traustur, en holótt saga og stíf samtöl draga aðeins úr kraftinum.


MAN OF TODAY
NEW BOSS BOTTLED TONIC
BOSS
HUGO BOSS
TONIC
BOSS
HUGO BOSS
#MANOFTODAY
HUGOBOSS.COM







Góða skemmtun í bíó











# Hvað? Hvenær? Hvar?

Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 11. MAÍ

### Uppákomur

**Hvað?** The Extreme body
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** LHÍ, Sölvhólsgötu 13
Nemendur á 2. ári í samtímadansi sýna afrakstur vinnusmiðju undir leiðsögn Melkorku Sigríðar Magnúsdóttur danshöfundar. Þau hafa rannsakað mismunandi tegundir öfga og sett þær í samhengi við dans og hreyfingar undir formerkjum The Extreme body.

**Hvað?** Kjörgripur frá Stofnun Árna Magnússonar sýndur
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Safnahúsið við Hverfisgötu
Kjörgripur frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verður sýndur opinberlega í fyrsta sinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu í dag. Sýnd verður krossfestingarmynd úr íslenskum saltara ásamt skýringarefni og fróðleiksmolum. Myndin er eftir óþekktan 14. aldar listamann. Léttar veitingar í boði.

**Hvað?** Sveigjanleg hryggsúla – Restorative jóga
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Jógasalur Ljósheima, Borgartúni 3-4
Í tímanum er unnið með sveigjanleika hryggsúlu með því að leggjast í „restorative“ stöður. Í restorative jóga er aukið á sveigjanleika með því að opna líkamann inn í slökun án þess að teygja vöðva.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** 15 ára afmælisfögnuður verkefnisins Framúrskarandi ungra Íslendinga
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík
Boðað verður til opins stefnumótunarviðburðar í Háskólanum í Reykjavík þar sem framtíðarsýn Íslands til næstu 15 ára verður skoðuð. Þátttakendur munu ræða hvernig við byggjum upp framúrskarandi samfélag á hinum ýmsu sviðum, svo sem sviði viðskipta, vísinda, lista, samfélagsmála og hins opinbera. Velt verður upp spurningum á borð við hvaða markmið ættum við að setja okkur, hvað þarf til að ná þeim markmiðum og hver ber ábyrgð á að skapa framúrskarandi samfélag á Íslandi?

### Sýningar

**Hvað?** Steina & Woody Vasulka
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** BERG Contemporary, Klapparstíg 16
BERG Contemporary býður alla velkomna á opnun fyrstu sýningar Steinu og Woody Vasulka. Á sýningunni í BERG Contemporary verða vídeóverk eftir Steinu og Woody Vasulka frá því snemma á áttunda áratugnum og prentverk eftir Woody sem mörg hver hafa ekki verið sýnd áður.

### Tónlist

**Hvað?** Arnar Dór – Hittumst í draumi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hljómahöll, Hjallavegi 2
Söngvarinn og Keflvíkingurinn Arnar Dór Hannesson hefur lengi stefnt að því að halda tónleika í Hljómahöll, enda á æskuslóðum, og nú er komið að því. Margir þekkja Arnar Dór eftir skemmtilega framkomu hans í sjónvarpsþættinum The Voice Ísland í vetur þar sem hann endaði í 2. sæti. Miðaverð er 2.700 kr.

**Hvað?** Magnús & Snorri
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Snorri Helgason og Magnús Trygvason Eliassen hafa spilað mikið saman. Og hlegið mikið saman. Í kvöld ætla þeir að spila í Mengi. Á efnisskránni verða alls konar lög og hugmyndir, kannski eitthvað glænýtt, kannski eitthvað hundgamalt. Miðaverð er 2.500 krónur.


Minning Amy Winehouse verður heiðruð í Bæjarbíói í kvöld. NORDICPHOTOS/AFP

**Hvað?** Til heiðurs Amy Winehouse
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó, Strandgötu 6
Söngkonan Bryndís Ásmunds ásamt stórsveit mun heiðra Amy Winehouse og flytja öll hennar bestu lög. Bryndísi til halds og trausts verður einvalalið íslenskra hljóðfæraleikara, ásamt blásurum og bakröddum. Bryndís hefur sýnt það og sannað að hún er einstök söngkona og túlkun hennar á Amy er hreint út sagt mögnuð. Miðasala er hafin á tix.is.

**Hvað?** Kvartett Einars Scheving
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Kvartett Einars Scheving leikur nú í fyrsta sinn í Hannesarholti, en kvartettinn skipa, auk Einars, sem leikur á trommur og slagverk, píanóleikarinn Eyþór Gunnarsson, saxófónleikarinn Óskar Guðjónsson og bassaleikarinn Skúli Sverrisson. Munu þeir leika nýtt efni Einars, í bland við lög af plötunum Intervals, Cycles og Land míns föður.




Glænýir og skemmtilegir matreiðsluþættir þar sem Eva Laufey töfrar fram gómsæta og girnilega rétti í eldhúsinu heima. Í þessum þætti leggur Eva áherslu á einfaldleikann og töfrar fram fjórar uppskriftir sem eiga það sameiginlegt að vera einfaldar og fljótlegar þegar tíminn er af skornum skammti.

**FRÁBÆR FIMMTUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is** 365



**MASTERCHEF PROFESSIONALS – AUSTRALIA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



**PRISON BREAK**
Æsilegi flóttinn heldur áfram og nú sjö árum síðar komast Lincoln og Sara að því að Michael er enn á lífi og er í fangelsi í Jemen.



**THE BLACKLIST**
Raymond Reddington er mættur aftur í þessum hörkuspennandi þáttum þar sem hann aðstoðar FBI við að leysa flókin og erfið sakamál.




**ANIMAL KINGDOM**
Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás. Mögnuð glæpasería sem enginn má missa af!



BÍÓ **THE MARTIAN**
Geimfarinn Mark Watney er talinn af og verður strandaglópur á plánetunni Mars eftir að geimskipið The Hermes lendir í fárviðri.



**ÞÆR TVÆR**
Bráðfyndnir og stórskemmtilegir sketsaþættir með leikkonunum Völu Kristínu Eiríksdóttur og Júlíönu Söru Gunnarsdóttur.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. **365.is**

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Kalli kanína og félagar**
**07.50 Tommi og Jenni** **Frábærir þættir um þá félaga Tomma og Jenna.**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Landnemarnir**
**11.00 The Goldbergs**
**11.25 Sælkeraferðin**
**11.50 Manstu**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Reach Me**
**14.30 Funny People**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Fréttir Stöðvar 2**
**19.20 The Big Bang Theory**
**19.40 Masterchef Professionals - Australia** Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda. Að lokum eru það þó alltaf dómararnir sem kveða upp sinn dóm og ákveða hverjir fá að halda áfram og eiga möguleika á að standa uppi sem Meistari fagmannanna.
**20.25 Í eldhúsi Evu**
**21.00 Prison Break**
**21.45 The Blacklist**
**22.30 Animal Kingdom**
**23.20 Martha & Snoop's Potluck Dinner Party**
**23.40 Broadchurch**
**00.30 The Son**
**01.20 Shameless**
**02.15 Shameless**
**03.05 X Company**
**03.50 Person of Interest**
**04.35 The Middle**
**05.00 Simpson-fjölskyldan**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Pepsi-deild kv. - Breiðablik og Valur**
**08.40 Southampton - Arsenal**
**10.20 Atletico Madrid - Real Madrid**
**12.00 Meistaradeildarmörkin**
**12.20 Pepsi-mörkin 2017**
**13.40 Pepsi-deild kvk- Breiðablik og Valur**
**15.20 Southampton - Arsenal**
**17.00 Atletico Madrid - Real Madrid**
**18.40 Meistaradeildarmörkin**
**19.00 Lyon - Ajax**
**21.10 Búrið**
**21.40 UFC Unleashed 2017**
**22.25 Manchester United - Celta**
**00.05 NBA 2016/2017 -Houston Rockets og San Antonio Spurs**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00 Burnley - WBA**
**08.40 Man. City - Crystal Palace**
**10.20 Bournemouth - Stoke**
**12.00 Granada - Real Madrid**
**13.40 Swansea - Everton**
**15.20 Chelsea - Middlesbrough**
**17.00 Messan**
**18.30 Premier League World 2016/2017**
**19.00 Manchester United - Celta**
**21.10 Arsenal - Man. Utd.**
**22.50 Liverpool - Southampton**
**00.30 Premier League Review 2016/2017**

## STÖÐ 3

**17.30 Mike & Molly**
**17.50 2 Broke Girls**
**18.15 Anger Management**
**18.40 Modern Family**
**19.05 Fóstbræður**
**19.40 Á fullu gazi**
**20.05 Þær tvær**
**20.40 Drop Dead Diva**
**21.25 Supergirl**
**22.10 Gotham**
**22.55 Arrow**
**23.40 The New Adventures of Old Christine**
**00.00 Gilmore Girls**
**00.45 Fóstbræður**
**01.15 Á fullu gazi**
**01.40 Þær tvær**
**02.15 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Víkingurinn Viggó**
**07.11 Zigby**
**07.25 Stóri og litli**
**07.38 Brunabílarnir**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveins**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**10.00 Strumparnir**
**10.25 Hvellur keppnisbíll**
**10.37 Ævintýraferðin**
**10.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00 Víkingurinn Viggó**
**11.11 Zigby**
**11.25 Stóri og litli**
**11.38 Brunabílarnir**
**12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveins**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**14.00 Strumparnir**
**14.25 Hvellur keppnisbíll**
**14.37 Ævintýraferðin**
**14.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**15.00 Víkingurinn Viggó**
**15.11 Zigby**
**15.25 Stóri og litli**
**15.38 Brunabílarnir**
**16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveins**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**18.00 Strumparnir**
**18.25 Hvellur keppnisbíll**
**18.37 Ævintýraferðin**
**18.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**19.00 Vaski grísinn Baddi**



**09.24, 13.24, 17.24 Svampur Sveins**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 PGA Tour 2017**
**13.00 PGA Highlights 2017**
**13.55 Golfing World 2017**
**14.45 Champions Tour Highlights 2017**
**15.40 2016 Players Official Film**
**16.35 Inside the PGA Tour 2017**
**17.00 The Players Championship**
**23.00 Inside the PGA Tour 2017**
**23.25 Golfing World 2017**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.35 The Walk**
**12.40 Book of Life**
**14.15 Wedding Crashers**
**16.15 The Walk**
**18.20 Book of Life**
**20.00 Wedding Crashers**
**22.00 The Martian** Dramatísk mynd frá 2015 með Matt Damon í aðalhlutverki. Geimfarinn Mark Watney er talinn af og verður strandaglópur á plánetunni Mars eftir að geimskipið The Hermes lendir í fárviðri, en geimfarinn verður að reyna að draga fram lífið á plánetunni einn og yfirgefinn, með lítið af tækjum eða vistum meðferðis.
**00.20 Sea of Love**
**02.15 Into the Storm** Íbúar smábæjarins Silverton í Michigan vita að þeir geta átt von á öflugum stormsveipum öðru hverju yfir sumarmánuðina. Það á þó enginn von á óveðri á útskriftarhátíð miðskóla bæjarins en skyndilega byrjar að hvessa og rigna. Fljótlega átta bæjarbúar sig á að þetta er mjög öflugur stormur sem nær á stuttum tíma ofurstyrk og fer að rífa í sig öll mannvirki sem á vegi hans verða.
**03.45 The Martian**

## RÚV

**17.10 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni**
**17.35 Táknmálsfréttir**
**17.45 KrakkaRÚV**
**17.46 Litli prinsinn**
**18.10 Krakkafréttir**
**18.20 Fréttir**
**18.40 Íþróttir**
**18.45 Veður**
**19.00 Eurovision 2017**
**21.05 Eurovision – skemmtiatriði**
**21.25 Fjölbraut**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Lögregluvaktin**
**23.05 Svikamylla**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Chasing Life**
**09.50 Jane the Virgin**
**10.35 Síminn + Spotify**
**11.35 The Voice USA**
**13.05 Dr. Phil**
**13.45 Difficult People**
**14.10 Survivor**
**14.55 The Bachelorette**
**16.25 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**17.05 The Late Late Show with James Corden**
**17.45 Dr. Phil**
**18.25 King of Queens**
**18.50 Arrested Development**
**19.15 How I Met Your Mother**
**19.40 Man With a Plan**
**20.05 Is Binge Drinking Really That Bad?**
**21.00 The Catch**
**21.45 Scandal**
**22.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**23.10 The Late Late Show with James Corden**
**23.50 Californication**
**00.20 24**
**01.05 Law & Order: Special Victims Unit**
**01.50 Billions**
**02.35 The Catch**
**03.20 Scandal**
**04.05 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**04.45 The Late Late Show with James Corden**
**05.25 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

Glæsilegt úrval á pier.is



# SUMARGLEÐI

Gildir 11.–17. maí

## 30% AFSLÁTTUR AF KÖRFUSTÓLUM



RIMINI BEKKUR
Áður 25.900,- NÚ 20.720,-



LUCY & FELIPE
H69cm.
Áður 19.990,-
NÚ 15.992,-



CORDOBA KÖRFUSTÓLL
Áður 49.900,-
NÚ 34.930,-





CUPIDO ENGILL
19x20x61cm
Áður 9.990,- NÚ 7.992,-



NID KÖRFUSTÓLL
Áður 59.900,-
NÚ 41.930,-



TOBY HUNDUR
með körfu
Áður 15.990,-
NÚ 12.792,-



AINE BLÓMÁLFUR
45x35xH36cm
Áður 12.990,- NÚ 10.392,-

## 20% AFSLÁTTUR AF SUMARVÖRUM & BLÓMUM



BUDDHA Dhyana 56cm
Áður 14.990,- NÚ 11.992,-



BUDDHA terracotta 40cm
Áður 4.990,- NÚ 3.992,-



BICYCLE blómastandur M
Áður 12.990,- NÚ 10.392,-

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880



ALGJÖRLEGA GRILLUÐ VERÐ Á GRILLUM

VIÐ GERUM BARA GOTT ÚR ÞESSU!

# EUROVISIONPARTÍ

# HVAÐA LAG ER NÆSTBEST?

## Leikur á facebook.com/byko.is

**MONARCH 320** gasgrill, yfirbreiðsla, grillaukahlutasett og 10kg gaskútur.
Drögum út á laugardaginn fyrir lokakeppnina!
Heildarandvirði vinnings er
89.980kr.





TRAVELQ PRO — PORTABLE GAS GRILL

4,1kw · 2 brennarar

NAPOLEON

TILBOÐSVERÐ

**TRAVELQ PRO 285X** gasgrill 4,1 Kw, 2 brennarar, heildargrillflötur er 54 x 37 cm, JETFIRE™ kveikjukerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, ACCU PROBE™ hitamælir.

**44.995kr.**

506600020
Almennt verð: 59.995 kr.



NAPOLEON ROGUE

10,6 kw · 3 brennarar

TILBOÐSVERÐ

**ROGUE R425** gasgrill, 10,6 kW 3 aðalbrennarar, grillgrind 60 x 45 cm Dual-Level ryðfríar hitadreifigrindur, JETFIRE™ kveikju-kerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, ACCU PROBE™ hitamælir.

**79.995kr.**

506600036
Almennt verð: 99.995kr.



NAPOLEON TRIUMPH

18,4 kw · 4+1 brennarar

TILBOÐSVERÐ

**TRIUMPH 495** gasgrill, 18,4 kW, 4 aðalbrennarar og hliðarhella, heildargrillflötur er 73 x 43 cm, JETFIRE™ kveikjukerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, ACCU PROBE™ hitamælir, áfastur flöskuopnari.

**99.995kr.**

506600034
Almennt verð: 119.995 kr.



NAPOLEON ROGUE

INFRARED SIZZLE ZONE · NÆR 980°C HITA

23,0 kw · 3+2 brennarar

TILBOÐSVERÐ

**ROGUE R425SIB** gasgrill 15,45 kW 3 aðalbrennarar, innrauður SIZZLE ZONE™ hliðarbrennari, grillgrind 64 x 44 cm Dual-Level ryðfríar hitadreifigrindur, JETFIRE™ kveikjukerfi, WAVE™ grillgrindur úr ryðfríu stáli, ACCU PROBE™ hitamælir.

**139.995kr.**

506600038
Almennt verð: 169.995 kr.



NAPOLEON Prestige

INFRARED SIZZLE ZONE · NÆR 980°C HITA

23,0 kw · 4+2 brennarar

TILBOÐSVERÐ

**PRESTIGE P500** gasgrill, 23,0 kW, 4 aðalbrennarar, innrauður SIZZLE ZONE™ hliðarbrennari, innrauður bakbrennari, heildargrillflötur er 71 x 45 cm, LIFT EASE™ tækni í opnun á loki, Dual-Level ryðfríar hitadreifigrindur, 7,0 mm ryðfríar WAVE™ grillgrindur, innbyggð ljós.

**229.995kr.**

506600060
Almennt verð: 269.995 kr.



NAPOLEON Prestige Pro

INFRARED SIZZLE ZONE · NÆR 980°C HITA

23,4 kw · 4+2 brennarar

TILBOÐSVERÐ

**PRESTIGE PRO 500** gasgrill, 23,4 kW, 4 aðalbrennarar, innrauður SIZZLE ZONE™ hliðarbrennari, innrauður bakbrennari, heildargrillflötur er 71x45 cm, LIFT EASE™ tækni í opnun á loki, Dual-Level ryðfríar hitadreifigrindur, 9,5 mm ryðfríar WAVE™ grillgrindur, NIGHT LIGHT™ í stillitökkum, innbyggð ljós, hæglokandi hurðir

**299.995kr.**

506600066
Almennt verð: 359.995 kr.

**Q1200** gasgrill, svart. 2,64 kW/h—8.500 BTU ryðfrír brennari. Meðfærilegt, frábært heima eða í ferðalagið, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, grillflötur: 32 x 42 cm, slanga og þrýstijafnari fyrir venjulegan gaskút, rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg hliðarborð, hitamælir í loki, álbakki fyrir fitu.

**34.995kr.**

2,64 kw · 1 brennari (hring)

50650007



FRÁBÆRT VERÐ!



weber

3,51 kw · 1 brennari (hring)

**Q2200** gasgrill, 3,51 kW, 12.000 BTU, frábært heima eða í ferðalagið, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, 39 x 54 cm grillflötur, 10 x 34 cm efri grind, ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg hliðarborð, hitamælir í loki, álbakki fyrir fitu, svart lok

**44.995kr.**

50650005



FRÁBÆRT VERÐ!

weber

3,51 kw · 1 brennari (hring)

**Q2200** meðfærilegt gasgrill á fótum, 3,51 kW, 12.000 BTU, Postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, 39 x 54 cm grillflötur, ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg hliðarborð, hitamælir í loki, álbakki fyrir fitu, svart lok

**49.995kr.**

50650003

# SUMIR HAFA ENGAN ÁHUGA Á EUROVISION

...þá er fínt að kíkja út í garð!




TILBOÐSVERÐ

**SLÁTTUVÉL** GC-PM 46, fjórgengis mótor, 1,9 kW, sláttubreidd 46 cm, 9 hæðastillingar, 50 lítra safnpoki

**31.995kr.**

748300652
Almennt verð: 39.995 kr.




TILBOÐSVERÐ

**SLÁTTUORF** GC-ET 3023, 300W, rafmagns, sláttubreidd 23 cm

**3.995kr.**

74830011
Almennt verð 5.995 kr.




TILBOÐSVERÐ

**SLÁTTUVÉL** GC-PM 46 B&S, sláttuvél með drifi, fjórgengis B&S mótor, 1,65 kW, sláttubreidd 46 cm, 9 hæðastillingar, 50 lítra safnpoki

**43.995kr.**

748300654
Almennt verð: 54.995 kr.



TILBOÐSVERÐ

**GREINAKURLARI** GH-KS 2440 2400W, hámarks sverleiki greina 40 mm, hljóðstyrkur 113 dB.

**17.995kr.**

74830044
Almennt verð 25.995 kr.




TILBOÐSVERÐ

**SLÁTTUORF** Trimmac, 0,6 kW, tvígengis mótor, sláttubreidd 42 cm

**14.995kr.**

53322848
Almennt verð 18.995kr.




TILBOÐSVERÐ

**SLÁTTUVÉL** M46-125R með drifi, fjórgengis B&S mótor, 1,6 kW, sláttubreidd 46 cm, 6 hæðastillingar, 50 lítra safnpoki

**54.995kr.**

53322821
Almennt verð: 64.995 kr.




TILBOÐSVERÐ

**SLÁTTUVÉL** Turbo Lite 330, 1150 W, sláttubreidd 33 cm, sláttuhæð 10-30 mm, þyngd 6,5 kg

**18.995kr.**

53323051
Almennt verð: 22.995 kr.




TILBOÐSVERÐ

**KEÐJUSÖG** GC-PC 1335 I TC, 1,3kW, tvígengis mótor, lengd sverðs 35 cm, skurðarhraði 21 m/s.

**21.995kr.**

748300371
Almennt verð 26.995 kr.




Broil King
Great Barbecues Every Time

TILBOÐSVERÐ

**GEM 320** gasgrill, 6,9 kW, eldunarsvæði: 2774 cm$^2$. Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Þrír ryðfríir brennarar. Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar. Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Accu-Temp™ hitamælir í loki.

**34.995kr.**

50657521
Almennt verð: 42.895kr.




Broil King
Great Barbecues Every Time

TILBOÐSVERÐ

**MONARCH 320** 8,8 kW, eldunarsvæði: 3350 cm$^2$. Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Þrír ryðfríir Dual-Tube™ brennarar. Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar. Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Deluxe Accu-Temp™ hitamælir í loki.

**52.895kr.**

50657510
Almennt verð: 62.895kr.




TILBOÐSVERÐ

**BARON 490** gasgrill, fjórir 11,4 kW Dual-Tube™ aðalbrennarar, 2,7kW hliðarbrennari + 4,4kW aftari grillteinsbrennari, eldunarsvæði: 4155 cm$^2$. Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar. Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Deluxe Accu-Temp™ hitamælir í loki.

**89.895kr.**

50657488
Almennt verð: 105.895kr.




FRÁBÆRT VERÐ!

**Q3200** gasgrill grátt, létt og meðfærilegt gasgrill, 6,35 kW/h, 21.700 BTU, stór grillflötur, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, hitamælir í loki, 63 x 45 cm grillflötur, efri grind: 40 x 11 cm, grill fast á hjólavagni, niðurfellanleg hliðarborð, kryddskúffa í hliðarborði, rafstýrður uppkveikjurofi, ljós í handfangi, álbakki fyrir fitu, gaskútagrind (hámark 5kg)

**69.995kr.**

50650021




TILBOÐSVERÐ

**SPRING 300** gasgrill, 11,4 kW. Grillflötur er 3x(21 x 43) cm, emileraðar grillgrindur, krómuð efri grind, 3 brennarar, hitamælir í loki. Svart eða kremað.

**34.995kr.**

11,4 kw
3 brennarar

50686930/1
Almennt verð: 49.995kr.

Allar vörurnar í þessari opnu fást í vefverslun BYKO!

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Kafa djúpt ofan í Íslendingasamfélagið á Kanarí

**Magnea Björk Valdimarsdóttir**, leikkona og leikstjóri, og **Marta Sigríður Pétursdóttir**, menningar- og kynjafræðingur, eru þessa stundina að vinna að heimildarmynd um Íslendingasamfélagið á Kanarí. Þær lýsa viðfangsefninu sem „heilum heimi út af fyrir sig“.



Íslendingasamfélagið á Kanarí er heillandi heimur að sögn Mörtu og Magneu.

Við erum búnar að fara tvisvar til Kanarí en þurfum að fara a.m.k. einu sinni aftur. Það tekur tíma að kafa djúpt ofan í viðfangsefnið og mynda tengsl. Við erum búnar að mynda góð tengsl við aðalpersónur myndarinnar, sem eru Klara Baldursdóttir, sem rak Klörubar í 28 ár, og Harry, sem rekur Harry Shop, en hann er Indverji sem hefur aldrei komið til Íslands en talar mjög góða íslensku. Svo er það Marý frá Kirkjubæ og maðurinn hennar sem koma árlega til Kanarí og dvelja í nokkra mánuði, eins konar farfuglar. Þau standa fyrir skemmtilegum söngstundum fyrir Íslendingana þar sem safnast er saman við sundlaugarbakkann á hótelinu Roque Nublo með harmóníkur og gítara,“ segir Magnea um hópinn áhugaverða sem áhorfendur fá að kynnast í myndinni Kanarí.

Það var Marta sem fékk hugmyndina að myndinni og bar þetta undir Magneu sem sló til enda um áhugavert viðfangsefni að ræða. „Íslendingasamfélagið á Kanarí er heill heimur út af fyrir sig. Þangað koma eldri borgarar yfir vetrartímann til þess að forðast kulda og frost. Þar er ódýrt að lifa, fólki líður betur heilsufarslega og upplifir sig síður einangrað. Náttúran á Kanarí er líka stórbrotin og þar er margt hægt að finna sér til dundurs fyrir alla aldurshópa. Þetta er líka mjög „kitsch“ eyja, og þar liggur áhugi okkar fagurfræðilega. En persónur myndarinnar eru líka svo frábærlega skemmtilegar þannig að af nógu er að taka,“ útskýrir Magnea.



**Magnea Björk og Marta Sigríður eru konurnar á bak við heimildarmyndina Kanarí.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**ÞAÐ VAR LÍTIÐ MÁL AÐ FÁ FÓLK TIL ÞESS AÐ OPNA SIG UM LÍFIÐ Á KANARÍ.**

Spurð út í hvernig hafi gengið að mynda tengsl við fólk fyrir myndina og fá það til að tjá sig segir Magnea: „Það var lítið mál að fá fólk til þess að opna sig um lífið á Kanarí. Allir hafa tekið okkur opnum örmum og Klara sjálf hefur reynst okkur afar vel og hjálpað okkur með svo ótal margt.“

Magnea og Marta eru komnar vel á veg með gerð myndarinnar en það vantar enn smá upp á. Þær hafa sett af stað söfnun á Karolina Fund þar sem kostnaðarsöm vinnsla er eftir. „Söfnunin klárast á sunnudaginn og ástæðan fyrir því að við efndum til söfnunar er sú að eftirvinnsla heimildarmynda getur verið kostnaðarsöm og tímafrek. Við höfum hingað til borgað allt úr eigin vasa,“ segir Magnea sem bendir áhugasömum á að kynna sér söfnunina nánar á slóðinni https://www.karolinafund.com/project/view/1700.

**gudnyhronn@365.is**

# Hefur læðst nokkrum sinnum inn í sal

Leikstjóranum Óskari Þór Axelssyni fannst „meiriháttar“ að fá loksins að horfa á kvikmyndina Ég man þig í fullum sal fólks. Myndin, sem byggð er á samnefndri bók eftir Yrsu Sigurðardóttur, var frumsýnd fyrr í mánuðinum og miðasala á myndina hefur gengið vel síðan. „Mér fannst alveg meiriháttar að horfa loksins á myndina í bíósal með öðru fólki og verða vitni að upplifun þess, finna rafmagnið í salnum. Það var eiginlega alveg ólýsanlegt tilfinning. Og svo eftir á, að heyra álit fólks á myndinni, að heyra sögur þess af hversu oft það greip fyrir andlitið í geðshræringu og varð hverft við eða táraðist. Mjög gaman,“ segir Óskar.

„Það er alveg frábært hversu vel myndin fer að stað og er að fá svona jákvætt umtal. Ég er búinn að laumast nokkrum sinnum í bíósali á meðan myndin er að rúlla og það er í sannleika sagt æðisleg tilfinning að verða vitni að andköfum og öskrum áhorfenda. Sem leikstjóri er þetta það sem maður lifir fyrir, að myndin fái áhorf og snerti áhorfendur.“ **– gha**



**Óskar Þór er leikstjóri myndarinnar Ég man þig.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SEM LEIKSTJÓRI ER ÞETTA ÞAÐ SEM MAÐUR LIFIR FYRIR, AÐ MYNDIN FÁI ÁHORF OG SNERTI ÁHORFENDUR.**


STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR



NÝ ÍSLENSK TÓNLIST

FERSK OG SPENNANDI

Frumflutt verða verk eftir Hauk Gröndal, Kjartan Valdemarsson, Snorra Sigurðarson og Önnu Grétu Sigurðardóttur.

Stjórnandi: Snorri Sigurðarson

HARPA KALDALÓN

Mánudagur 15. maí kl. 20:00

Miðaverð kr. 2.500 / 2.000

Miðar á harpa.is og í miðasölu Hörpu

Styrkt af Reykjavíkurborg

Tónlistarsjóður




## HANN HORFIR, SKYNJAR OG BREGST VIÐ

EyeSight
Driver Assist Technology

**EyeSight** öryggiskerfi Subaru er það fullkomnasta sem völ er á.
Kerfið aðstoðar ökumenn við að koma í veg fyrir árekstur.

EyeSight öryggiskerfið tengir saman tvær myndavélar sem staðsettar eru innan við framrúðuna. Myndavélarnar senda litmyndir í þrívídd til tölvu sem kennt hefur verið að bera kennsl á lögun hluta, greina hraða og fjarlægðir með næstum sömu nákvæmni og mannsaugað býr yfir. EyeSight kerfið gerir einnig greinarmun á gangandi vegfarendum, reiðhjólum, mótorhjólum og bílum auk þess að skynja hemlaljós svo eitthvað sé nefnt.

SUBARU
*Confidence in Motion*

B|L **BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

03.05.17 – 09.05.17




**1** Sagan af barninu sem hvarf
Elena Ferrante




**2** Stofuhiti
Bergur Ebbi




**3** Litla bakaríið við Strandgötu
Jenny Colgan




**4** Hjálp, barnið mitt er grænmetisæta!
Jón Yngvi Jóhannsson




**5** Ég man þig
Yrsa Sigurðardóttir




**6** Þrjár mínútur
Roslund & Hellström




**7** Iceland - Flying High
Enrico Lavagno




**8** Í skugga valdsins
Viveca Sten




**9** Leyndarmál eiginmannsins
Liane Moriarty




**10** Komdu út!
Brynhildur B. / Kristín Eva Þ.

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson




Svala hafði í nógu að snúast eftir keppnina á þriðjudaginn enda vildu ótal blaðamenn ná tali af henni.
FRÉTTABLAÐIÐ/BENEDIKT BÓAS

# Ekki töff að vera neikvæður og í fýlu

Söngkonan Svala Björgvinsdóttir er afar ánægð með að hafa tekið þátt í Eurovision. Hún hefur nú fengið ótal boð um að syngja lagið Paper víða um Evrópu og segir að niðurrif og fýla borgi sig ekki.

**Skrifa frá Eurovision í Kiev**




Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@365.is
Stefán Árni Pálsson
stefanp@365.is


Við skulum ekki vera neikvæð og fara að rífa niður. Það er svo ótrúlegt auðvelt að detta í neikvæðu hugsanirnar og við skulum ekki fara þangað. Maður á að vera jákvæður, ekki sjá eftir hlutum og standa með sínu. Að hugsa neikvætt og fara í fýlu – það er ekki töff,“ segir Svala Björgvinsdóttir sem gekk stolt af sviðinu í Kænugarði á þriðjudaginn.

Þriðja árið í röð er það hlutskipti Íslands að komast ekki áfram úr forkeppninni. Töluvert var baulað í blaðamannahöllinni eftir keppnina þegar ljóst var að lönd eins og Georgía, Albanía og Finnland auk Íslands sátu eftir með sárt ennið. Svala kynntist nokkrum af þessum flytjendum og segir hún að hún sé lítið að pæla í hvort það sé pólitík á bak við hvert atkvæði.

„Ég er ekkert að pæla í því. Ég veit ekki af hverju þessi lög voru valin en ekki önnur. Ég var að gefa mig alla í þetta eins og sú albanska og stelpan frá Georgíu sem eru rosalegar söngkonur. Fólk velur eins og það velur og ég hef ekki svar við því af hverju það gerir það þannig.“

**Lagið snerti við mörgum**

Svala segir orkuna í salnum hafa gefið sér mikið og henni leið vel á sviðinu þrátt fyrir að tugir milljóna hafi verið að horfa. „Mér leið vel og þetta lag er búið að snerta marga út um allan heim. Instagram-síðan mín er að fyllast af skilaboðum alls staðar að úr Evrópu þar sem fólk er að segja mér að lagið hafi snert við sér. Það er ótrúlega mikill sigur fyrir mig að hafa komið laginu til skila svona víða.“

Hún segir að vissulega hefði hún viljað komast áfram en þó þær dyr séu nú lokaðar hefur þátttaka hennar opnað fleiri. „Þetta er búið að vera svo mögnuð reynsla og mikið ævintýri. Ég hef kynnst fullt af fólki alls staðar að úr heiminum. Það eru strax farnar að opnast dyr fyrir mig sem lagahöfund þannig að ég geng sátt frá borði og ég sé ekki eftir neinu.

Ég myndi segja við alla tónlistarmenn sem vilja prófa að fara í svona keppni að gera það. Maður verður reynslunni ríkari og það er fullt af tækifærum sem skapast. Ég sé ekki eftir neinu.“



**Svala stóð sig eins og hetja á sviðinu á þriðjudaginn en komst þó ekki áfram í lokakeppni Eurovision.** NORDIC-PHOTOS/GETTY

**ÉG VEIT AÐ ÉG ÞARF AÐ FLYTJA ÞETTA LAG TRÚLEGA 100 ÞÚSUND SINNUM Í VIÐBÓT ÚT UM ALLA EVRÓPU.**

Svala segist þegar vera komin með boð um að syngja lagið og fleiri séu á leiðinni. „Ég fór algjörlega með boðskapinn alla leið og ég fór alla leið að tala um það sem ég hef gengið í gegn um. Það var að hjálpa mörgum og ég veit að ég þarf að flytja þetta lag trúlega 100 þúsund sinnum í viðbót út um alla Evrópu. Nú þegar eru komin tilboð þar sem ég mun syngja Paper aftur og aftur og aftur og það verður frábært.“


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


TILBOÐ Á HOT WINGS
FIMMTUDAG OG LAUGARDAG
EUROVISION
#25HOTWINGS
EKKI GLEYMA
HOT
wings
SÓSUNNI
SKÁLUM Í HOT WINGS SÓSU Á FIMMTUDAG OG LAUGARDAG!
25 FUNHEITIR
HOT WINGS Á AÐEINS:
2.799 KR.
KFC

FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**Bakþankar**

Tómasar Þórs Þórðarsonar



# Laugardagur í lamasessi

Þrátt fyrir að hafa ekki minnstu trú á að Svala Björgvinsdóttir kæmist áfram í lokaúrslit Eurovision var ég samt búinn, eins og örugglega margir aðrir, að leggja drög að Eurovision-kvöldi með grilli, guðaveigum, Voga-ídýfu með smá snakki og öllu sem því fylgir. Svo kom skellurinn sem ég bjóst samt við.

Þetta verður auðvitað ekki íslenskara. Þetta er alveg eins og þegar við mætum einhverri stórþjóð í boltaíþrótt. Við vitum alveg að líkurnar eru svona eitt prósent að við vinnum en samt eru allir búnir að plana sigurpartí út um allt.

Ár eftir ár bíðum við á heljarþröm eftir því að alltof hressir kynnar rífi A5-blað sem á stendur „Ísland“ upp úr umslagi. Gleði næstu helgar veltur á því að þeir hrópi: „ICELAND!“ og við sjáum Eurovision-hópinn okkar tryllast af gleði í græna herberginu.

Allar milljónirnar sem við borgum fyrir þetta ferðalag ríkisstarfsmannanna gleymast og Goðasvínahnakkarnir í piparsósunni seljast upp áður en laugardagurinn rennur upp.

Nú, þriðja árið í röð, verður röðin í kjötborðin ekki jafn löng á Eurovision-laugardegi og enga yfirvinnu þarf til að brjóta eggin í majónesið hjá ídýfuframleiðendum. Þriðja árið í röð komumst við ekki í úrslitin og þá er komið að því að benda hvert á annað: Hverjum er þetta að kenna?

Þetta er náttúrlega okkur sjálfum að kenna því Söngvakeppni Sjónvarpsins er lýðræðisleg kosning, eða svona allt að því. Það er hægt að grenja sig inn í úrslitin og fá svo varla stig frá þjóðinni en í heildina er þetta okkur að kenna. Þarf að taka af okkur Eurovision-valdið?

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland







Sóma Veislubakkar

★ FERSKAR HUGMYNDIR ★
— FYRIR VEISLUR OG FUNDI —

**GAMLI GÓÐI**
3.980 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
Hangikjöt, eggjasalat.
Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur.
Rækjusalat.

**EÐALBAKKI**
3.980 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
Hangikjöt, lauksósa, salatmix.
Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.
Kjúklingur, rautt pestó, sýrður rjómi, paprika, salatmix.

**LÚXUSBAKKI**
3.980 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.
Kjúklingur, egg, lauksósa.
Reyktur lax, íssalat.

**PÍTUBAKKI**
3.980 kr.

24 bitar fyrir 5 manns
Tikka masala kjúklingur og íssalat.
Reykt skinka.
Eggja- og íssalat.

**PARTÝBAKKI**
4.430 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.
Fetaostur, rauðlaukur, spínat.
Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat, lauksósa.

**VEISLUBAKKI**
4.430 kr.

30 bitar fyrir 5 manns
Reykt skinka, egg, íssalat.
Tikka masala kjúklingur, íssalat.
Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

**ÁVAXTABAKKI**
3.050 kr.

40 - 60 bitar fyrir 5 - 8 manns
Vínber, melónur, ananas, appelsínur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

**DESERTBAKKI**
2.450 kr.

50 bitar fyrir 10 manns
Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.
Kókostoppar með súkkulaði.

**KÖKUBAKKI**
3.550 kr.

24 bitar fyrir 10 manns
Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.
Gulrótarkaka með rjómaostakremi.
Eplakaka með kanilkeim.

Við höfum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum á boðstólum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

